

**SKOÐUN** Maturinn í leikskólum í Reykjavík uppfyllir ekki manneldismarkmið. 26



**MENNING** Skýjasmiðjan frumsýnir nýtt leikrit án orða fyrir þau yngstu. 42



**LÍFIÐ** Þekktir fatahönnuðir á leið til landsins á uppskeruhátíð fatahönnuða. 66



**SPORT** Rúnar Kristinsson fer til Lilleström án Péturs Péturssonar. 62




Jólabæklingurinn fylgir Fréttablaðinu í dag

TIGER

Villidýr á verði

tiger.is · facebook.com/tigericeland



# FRÉTTABLAÐIÐ

MEST LESNA DAGBLAÐ Á ÍSLANDI*

**Fimmtudagur**
13. nóvember 2014
267. tölublað 14. árgangur
Sími: 512 5000

*Samkvæmt prentmiðlakönnun Capacent Gallup apríl-júní 2014


## FRÉTTIR



### Kalla eftir umræðu

Foreldrar fimm ára stúlku með Downs-heilkenni kalla eftir aukinni umræðu um siðferðisleg álitamál sem snúa að fósturskimun. Á árunum 2008-12 var öllum fóstrum, sem greindust með auknar líkur á Downs, eytt.

**Vanþekking á geðröskunum** Högni Egilsson heimsótti athvarf fyrir fólk með geðraskanir í Minsk. 2

**Óvissa um sjúkraflug** Sjúklingum hefur verið ekið til Akureyrar í sjúkraflug vegna óviðunandi ástands Alexandersflugvallar á Sauðárkróki. 10

**Einelti hjá Keili** Starfsmaður Keilis sakar framkvæmdastjórann um langvinnt einelti gagnvart sér. 16





26

| | | | | |
|---|---|---|---|---|
| Bolungarvík | 4° | | NA | 16 |
| Akureyri | 5° | | NA | 7 |
| Egilsstaðir | 8° | | A | 8 |
| Kirkjubæjarkl. | 8° | | A | 12 |
| Reykjavík | 10° | | A | 8 |

**Lægir í dag** Í dag má yfirleitt búast við strekkingi eða allhvössum vindi, síst inn til landsins. Víða rigning í fyrstu, einkum SA-til en dregur úr er líður á daginn. 4

## 3 SÉRBLÖÐ

**Bílafjármögnun | Jólahreingerning | Fólk**







**TILFINNINGAÞRUNGINN FUNDUR** Þingflokkur sjálfstæðismanna lýsti yfir fullum stuðningi við Hönnu Birnu Kristjánsdóttur innanríkisráðherra í gær. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

# Mun ekki snúa aftur í dómsmálaráðuneytið

Þingflokkur sjálfstæðismanna telur stöðu Hönnu Birnu Kristjánsdóttur innanríkisráðherra vera erfiða. Einn þingmaður flokksins efast um að hægt sé að styðja hana. Formaðurinn segir ólíklegt að hún snúi aftur í dómsmálaráðuneytið.

**STJÓRNMÁL** Hanna Birna Kristjánsdóttir mun að öllum líkindum ekki snúa aftur í dómsmálaráðuneytið. Þetta segir Bjarni Benediktsson, formaður Sjálfstæðisflokksins.

„Hanna baðst lausnar undan þeim verkefnum sem heyra undir dómsmálin. Við gerðum ráð fyrir að það væri bráðabirgðaráðstöfun en nú þurfum við að setjast yfir það hvernig við skipum það ráðuneyti út kjörtímabilið,“ segir Bjarni.

Þingmenn Sjálfstæðisflokksins voru áhyggjufullir á þingflokksfundi í gær vegna afleiðinga lekamálsins. Þingflokkurinn kom saman á fundi þar sem játning Gísla Freys Valdórssonar, fyrrverandi aðstoðarmanns Hönnu, og staða hennar í kjölfarið bar hæst. Eftir fundinn lýsti Bjarni yfir fullum stuðningi við Hönnu Birnu. Bjarni segir hana hafa fengið mikinn stuðning í þingflokknum og hafa stuðning hans óskoraðan til að halda áfram störfum sínum. Spurður hvort allir þingmenn flokksins hafi lýst yfir stuðningi við Hönnu svarar Bjarni: „Það voru þingmenn sem tóku ekki til máls á fundinum. Við getum orðað það þannig.“

Heimildir Fréttablaðsins herma að fundurinn hafi verið erfiður og tilfinningaþrunginn. Málið valdi þingmönnum áhyggjum, sem hafi þó, sér í lagi eftir afdráttarlausa stuðningsyfirlýsingu Bjarna í upphafi fundar, ákveðið að styðja Hönnu sem heild. Einn þingmaður flokksins taldi þó að það yrði erfitt.

„Ég get staðfest að við ræddum um málið á mjög opinn og hreinskiptinn hátt,“ segir Bjarni.

Í kvöldfréttum Stöðvar 2 í gær var greint frá því að samkvæmt heimildum fréttastofu myndi umboðsmaður Alþingis skila af sér áliti, vegna embættisfærslna Hönnu sem innanríkisráðherra meðan lögreglurannsókn á lekamálinu var í gangi, á næstu dögum. Þar komi fram áfellisdómur yfir verkum hennar, hún hafi verið vanhæf til að eiga í samskiptum við Stefán Eiríksson lögreglustjóra og þannig brotið gegn óskráðri reglu um sérstakt hæfi. Samskiptin hafi ekki samrýmst yfirstjórnunarheimildum hennar gagnvart embættinu.

Bjarni segir að verði niðurstaðan sú að Hanna hafi brotið hæfisreglur sé það ekki mjög fjarri því sem Hanna hafi sjálf sagt um samskipti sín við lögreglustjórann.

„Það er í sjálfu sér ekki mikið nýtt í málinu,“ segir Bjarni. **- fbj**

Tölvunotkun til vandræða:

## Mun fleiri börn til sjúkraþjálfara

**HEILBRIGÐISMÁL** „Foreldrar þurfa að leika við börnin í staðinn, fara með þeim út og kenna þeim leiki,“ segir Gauti Grétarsson sjúkraþjálfari en veruleg aukning er á komum barna og unglinga til sjúkraþjálfara. Ástæðan er samkvæmt Gauta mikil kyrrseta og notkun tölva, spjaldtölva og farsíma.

Hann segir krakkana læra þetta af foreldrunum og tölvunotkun þeirra. **- ibs / sjá síðu 20**


Næsta bylgja sjónvarpa er komin



innovation + you

með Android

PHILIPS

Heimilistæki
ht.is

Opið allan sólarhringinn
í Engihjalla, Vesturbergi og Arnarbakka
OPIÐ 24 TÍMA
Iceland

ÖLL ALMENN LÖGFRÆÐISTÖRF
SÆVAR ÞÓR JÓNSSON, HDL
Þarft þú aðstoð vegna skuldavanda?
Sævar Þór Jónsson, hdl sérhæfir sig í að hjálpa einstaklingum og fyrirtækjum í skuldavanda, hafðu samband.
527 7782 SAEVAR@LOGSUND.IS
LÖGMENN SUNDAGÖRÐUM
SÍMI: 527 7782 • SAEVAR@LOGSUND.IS • WWW.LOGSUND.IS

## SPURNING DAGSINS



Guðmundur, ertu í sárum yfir þessu?

**„Nei, okkur sárvantaði þetta.“**

Lækningavörufyrirtækið Kerecis hefur fengið leyfi til að fara inn á Bandaríkjamarkað með vörur sínar. Guðmundur Fertram er framkvæmdastjóri Kerecis.

Stefnt að eflingu leigu- og búseturéttarúrræða. Uppbygging 5.000 íbúða áætluð á næstu fjórum árum:

# Byggingaráætlanir til sýnis í Ráðhúsinu

**REYKJAVÍK** Nú stendur yfir sýning í Ráðhúsi Reykjavíkur um nýjar íbúðir í Reykjavík. Þar koma fram byggingaráætlanir fyrirtækja auk skipulagsáforma Reykjavíkurborgar. Hægt er að sjá hvar eigi að byggja, hver standi bak við framkvæmdina og hvenær áætlað sé að uppbyggingu ljúki. Dagur B. Eggertsson borgarstjóri setti sýninguna með opnum fundi.

Í máli borgarstjóra kom meðal annars fram sú stefna borgarinnar að tryggja úrræði fyrir þá sem ekki eiga kost á því að kaupa sér fasteign. Á nýjum uppbyggingarsvæðum er áætlað að minnsta kosti fjórðungur þeirra verði fyrir leigu- og búseturéttarhúsnæði.

Meðal svæða, sem áætlað er að byggt verði upp á, má nefna að um 500 stúdentaíbúðir auk þéttingar háskólasvæðisins er í kortunum. Áætlaðar eru 350 starfsmanna- og nemendaíbúðir við Háskólann í Reykjavík og uppbygging nýs hverfis á Ártúnshöfða með tveimur grunnskólum. Áætlaðar íbúðir þar, til ársins 2030, eru um 3.200.

Eldsvoðinn í Skeifunni 11 er sagður opna ýmsa möguleika á endurskipulagningu svæðisins en hugmyndir eru uppi um að þar rísi allt að 500 íbúðir. Auk verslunar- og þjónustuhúsnæðis eru 170 íbúðir áætlaðar í Austurhöfn við Hörpu.

Annar fundur með borgarstjóra fer fram í dag klukkan 17.30 og verður sýningin opin fram í miðja næstu viku. **- joe**



**FJÖLMENNI** Dagur B. Eggertsson kynnti uppbyggingaráform Reykjavíkur. Annar fundur fer fram í dag. FRÉTTABLAÐIÐ/GUNNAR



**SKÓGARHÖGGSMAÐUR** Það kom í hlut Dags B. Eggertssonar borgarstjóra að fella tréð. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

Borgarstjóri felldi grenitré sem verður afhent Færeyingum:

## Reykjavík gefur Þórshöfn jólatré

**REYKJAVÍK Dagur B. Eggertsson, borgarstjóri Reykjavíkur, felldi í Heiðmörk jólatré það sem fært verður Færeyingum að gjöf þessi jólin. Borgarstjórinn fékk viðeigandi kennslu og hlífðarbúnað og felldi að því loknu um tólf metra hátt, hálfrar aldar gamalt sitkagreni.**

**Sóley Tómasdóttir, forseti borgarstjórnar, mun afhenda Þórshafnarbúum tréð síðar í mánuðinum. Þetta er annað skiptið sem Reykjavíkurborg og Skógræktarfélag Reykjavíkur senda Færeyingum tré að gjöf.** - joe

Bókun á fundi Ísafjarðarbæjar:

## Segir losarabrag á fjármálunum

**ÍSAFJÖRÐUR** Sjálfstæðismenn í bæjarstjórn Ísafjarðarbæjar „hafa áhyggjur af þeim losarabrag sem virðist vera á fjármálastjórn bæjarins“, að því er segir í bókun oddvita flokksins við umræður um fjárhagsáætlun á fundi bæjarstjórnar síðastliðinn fimmtudag.

Daníel Jakobsson, oddviti Sjálfstæðisflokksins, segir það sjást meðal annars á því að eiginleg frumdrög að fjárhagsáætlun liggi ekki fyrir heldur í raun hugmyndalisti. Þar sé gert ráð fyrir 200 milljóna króna hallarekstri og stórauknum útgjöldum. - nej

Uppreisnarmenn vígbúast:

## Hergögn berast frá Rússlandi

**ÚKRAÍNA** Úkraínustjórn býr sig undir aukin átök gegn uppreisnarmönnum og rússneskum stuðningsmönnum þeirra í austurhluta landsins.

Fregnir hafa borist þess efnis að skriðdrekar, vígamenn, vopn og vistir streymi yfir landamæri Úkraínu og Rússlands. Rússneskir ráðamenn hafa ætíð neitað því að hergögn hafi borist til uppreisnarmanna frá þeim.

Yfirhershöfðingi NATO í landinu hefur lýst yfir áhyggjum af stöðu mála og kallað eftir viðbrögðum alþjóðasamfélagsins. - joe






**SKOÐAÐI ATHVARFIÐ** Högni skoðaði athvarfið sem er rekið af Rauða krossinum á Íslandi. MYNDIR/ÞÓRIR GUÐMUNDSSON

# Heimsótti Minsk og fræddist um athvarf

Högni Egilsson heimsótti athvarf fyrir fólk með geðraskanir í Hvíta-Rússlandi. Athvarfið er rekið með aðstoð Rauða krossins á Íslandi og er það eina í borginni Minsk.

**HJÁLPARSTARF** „Þetta var mjög skemmtilegt og áhugavert, að sjá þetta athvarf sem Rauði krossinn á Íslandi rekur þarna,“ segir Högni Egilsson söngvari, sem er á tónleikaferðalagi með hljómsveitinni Gus Gus. Í vikunni heimsótti hann athvarf fyrir fólk með geðraskanir í Minsk í Hvíta-Rússlandi sem rekið er með aðstoð frá Rauða krossinum á Íslandi. Athvarfið er ætlað fólki sem er að aðlagast daglegu lífi eftir spítalavist á geðdeild. Það var reist að fyrirmynd slíkra athvarfa sem eru rekin hérlendis, meðal annars Vinjar við Hverfisgötu, Lautar á Akureyri og Dvalar í Kópavogi.

Högni hefur sjálfur sagt frá því opinberlega að hann sé með geðhvarfasýki og gat því miðlað af reynslu sinni til þeirra sem sækja athvarfið. Mikil vanþekking er á geðsjúkdómum í Hvíta-Rússlandi, að sögn Högna. Hann segir fólkið sem hann ræddi við margt hafa þurft að sæta miklum fordómum. „Það var skemmtilegt að koma þarna inn og eiga í samræðum við fólkið sem lendir á upp kant við samfélagið sitt vegna einhverrar greiningar. Það eru miklir fordómar og lítil vitneskja. Þarna hitti ég til dæmis stelpu sem var greind með geðklofa þegar hún var 16-17 ára og í kjölfarið mætti hún lokuðum dyrum alls staðar í umhverfi sínu. Hún mátti ekki fara í leikfimi í skólanum og gat svo ekki farið í háskóla að læra hönnun eins og hana langaði. Þarna heldur fólk oft á tíðum að geðklofa einstaklingar séu hættulegir enda vanþekkingin mikil.“



**RÆDDU MÁLIN** Högni ræddi við skjólstæðinga athvarfsins.

Hann segir að þó að vissulega sé þekkingin á geðsjúkdómum lengra á veg komin hérlendis þá séu samt fordómar til staðar. „Í kjölfarið á því að ég talaði opinberlega um mína sögu þá hafa margir talað við mig og sagt mér sínar sögur eða einhverra sem tengjast þeim. Það eru margir hræddir við geðsjúkdóma og það þarf að sýna þessum einstaklingum stuðning og hlusta á þá til þess að gera þeim kleift að vera með í samfélaginu.“

Högni ræddi við fólkið í athvarfinu um þessi málefni og tók líka lagið. „Fólkið þarna var mjög innblásið. Það eiga allir rétt á sínum upplifunum. Það þarf að tala um verðmætin og þau gildi sem það felur í sér að eiga sér sögu, eiga sér þessa þrekraun og takast á við umhverfi sitt. Í því er fólgin ákveðin sorg og reynsla en um leið gerir það þig að dýpri manneskju fyrir vikið,“ segir hann.

> **Þarna heldur fólk oft á tíðum að geðklofa einstaklingar séu hættulegir enda vanþekkingin mikil.**

Högni segir það hafa verið afar áhugavert að heimsækja athvarfið og hitta fólk úr öðrum menningarheimi sem er að kljást við geðsjúkdóma. „Þetta er eina svona athvarfið í þessari stóru borg. Það var ótrúlega gaman að fá tækifæri til þess að fara þangað. Þetta er flott starf sem Rauði krossinn er að vinna þarna og mikilvægt fyrir okkur Íslendinga að taka þátt í svona.“

viktoria@frettabladid.is




ASKJA · Krókhálsi 11 · 110 Reykjavík · Sími 590 2100 · askja.is
Viðurkenndur sölu- og þjónustuaðili Mercedes-Benz á Íslandi

Þú finnur „Mercedes-Benz Ísland"
á Facebook

## SVONA ERUM VIÐ



**646** **tonn var uppskeran af sveppum á Íslandi árið 2012.**

**Það er 130 tonnum meira en fimm árum fyrr.**



HEILBRIGÐISSTOFNUN VESTURLANDS

Söfnuðu í minningu Valtýs:

## Söfnuðu fyrir hjartahnoðtæki

**SÖFNUN** Aðstandendur Valtýs Guðmundssonar, sem lést í bílslysi í desember 2006, stóðu fyrir söfnun á hjartahnoðtæki fyrir sjúkrabíl Heilbrigðisstofnunar Vesturlands í sumar. Afhending á tækinu fór fram í gær en frá þessu var greint í Skessuhorni.

Valtýr lést aðeins 22 ára gamall en hefði orðið þrítugur í júlí og því var stofnaður sjóður í hans nafni. Alls söfnuðust þrjár milljónir og því gátu aðstandendur að auki keypt iPad í slökkviliðsbílinn, brunndælu fyrir Slökkvilið Stykkishólms, búnað fyrir vinnustofu fatlaðra í Stykkishólmi og styrkt félagsmiðstöð bæjarins. **- nej**

Ákærður af lögreglustjóra:

## Gáleysisakstur olli dauða konu

**ÁKÆRA** Karlmaður á sjötugsaldri hefur verið ákærður af lögreglustjóranum á Akureyri fyrir manndráp af gáleysi, líkamsmeiðingar af gáleysi og umferðarlagabrot.

Manninum er gefið að sök að hafa ekið of hratt miðað við aðstæður á Ólafsfjarðarvegi í mars og tekið fram úr snjóruðningstæki án þess að gæta nægilegrar varúðar. Bíll hans skall á öðrum sem kom úr gagnstæðri átt og lést kona á fertugsaldri. Hún lét eftir sig eiginmann og tvö börn, 4 og 10 ára.

Ekkillinn gerir einkaréttarkröfur á hendur manninum og fer fram á að hann verði dæmdur til að greiða níu milljónir króna í miskabætur. **- sks**

## STIKLUR ÚR SÖGU LEKAMÁLSINS

**19. nóvember** Boðað er til mótmæla fyrir utan innanríkisráðuneytið vegna þess að vísa á Tony Omos úr landi.

**20. nóvember** Fréttablaðið birtir frétt sem byggir á minnisblaði um Tony Omos.

**10. janúar** Greint er frá því í fjölmiðlum að lekinn hafi verið kærður til lögreglunnar á höfuðborgarsvæðinu og ríkissaksóknari óskar eftir upplýsingum um málið frá innanríkisráðuneytinu.

**31. janúar** Ríkissaksóknari fer fram á frekari upplýsingar frá ráðuneytinu vegna lekans.

**7. febrúar** Saksóknari fer fram á að lögreglurannsókn skuli fara fram á málinu.

**20. júní** DV fullyrðir að báðir aðstoðarmenn ráðherra séu með réttarstöðu grunaðs manns. Fullyrt er að Gísli Freyr Valdórsson sé „starfsmaður B“.

**29. júlí** DV greinir frá því að Stefán Eiríksson lögreglustjóri hafi ákveðið að hætta störfum vegna afskipta Hönnu Birnu af rannsókninni. Umboðsmaður spyr Hönnu Birnu út í samskiptin og krefst svara.

**1. ágúst** Hanna Birna Kristjánsdóttir svarar fyrirspurnum umboðsmanns.

**6. ágúst** Umboðsmaður spyr Hönnu Birnu aftur út í samskiptin.

**15. ágúst** Hanna Birna svarar umboðsmanni öðru sinni. Síðar um daginn er tilkynnt að Gísli Freyr hafi verið ákærður.

**26. ágúst** Sigmundur Davíð tekur við af Hönnu Birnu sem dómsmálaráðherra.

**17. september** Gísli Freyr krefst frávísunar á málinu.

**10. nóvember** Ríkissaksóknari fær ný gögn í málinu sem styrkja málssókn á hendur Gísla Frey.

**11. nóvember** Gísli Freyr játar að hafa lekið skjalinu til fjölmiðla og fundar með ráðherra þar sem hann viðurkennir brotið.

**12. nóvember** Dómur kveðinn upp í málinu og Gísli dæmdur í 8 mánaða skilorðsbundið fangelsi.

nóvember | desember | janúar | febrúar | mars | apríl | maí | júní | júlí | ágúst | september | október | nóvember

# Gísli Freyr í átta mánaða skilorðsbundið fangelsi

Fyrrverandi aðstoðarmaður Hönnu Birnu Kristjánsdóttur játaði í gær fyrir dómi að hafa afhent fjölmiðlum minnisblað í lekamálinu svokallaða. Héraðsdómur taldi játningu ekki hafa komið nægilega snemma fram.

**DÓMSMÁL** Gísli Freyr Valdórsson, fyrrverandi aðstoðarmaður Hönnu Birnu Kristjánsdóttur, var í gær dæmdur í átta mánaða skilorðsbundið fangelsi til tveggja ára vegna lekamálsins svokallaða.

Gísli Freyr játaði að hafa látið fjölmiðlum í té minnisblað um hælisleitandann Tony Omos þann 19. nóvember í fyrra. Gísli Freyr hefur frá upphafi neitað að hafa komið skjalinu til fjölmiðla en breytti í gær formlega afstöðu sinni fyrir dómi og játaði.

„Af hverju lýgur maður? Maður gerir eitthvað sem maður sér eftir og maður neitar fyrir það og svo heldur maður bara áfram að neita fyrir það. Það er rosalega erfitt að útskýra það með orðum. Ég lýsti því þannig í gær að maður festist einhvern veginn í lygavef eða vítahring. Svo er maður fastur þar. Því miður. Ég get reynt að útskýra það sem mannlegt eðli en ég vil ekki afsaka það neitt. Ég vil bara játa, þetta er það sem gerðist og ég sé eftir því,“ sagði Gísli Freyr skömmu eftir að dómur var kveðinn upp í gær.

Málflutningur fór fram í Héraðsdómi Reykjavíkur í gær um refsingu Gísla Freys. Helgi Magnús Gunnarsson vararíkissaksóknari taldi að ekki ætti að meta játningu Gísla til refsimildunar þar sem hann hefði ekki breytt afstöðu sinni fyrr en ljóst var að sönnunargögn nægðu til sakfellingar. Vísaði hann í nýja rannsókn á tölvu Gísla sem sýndi fram á að hann hefði átt við minnisblaðið. Þá taldi hann að tilgangur lekans hefði verið að hafa áhrif á opinbera umræðu um mál Tony Omos.

Ólafur Garðarsson, verjandi Gísla Freys, sagði málið hafa legið þungt á skjólstæðingi sínum. „Ég hef horft upp á ákærða síðastliðnar tvær vikur sökkva dýpra og dýpra eftir því sem styst hefur í aðalmeðferðina,“ sagði Ólafur.

Dómurinn taldi við ákvörðun refsingar Gísla Freys að líta yrði til þess að hann hefði ekki játað brot sitt fyrr en komið var að aðalmeðferð og eftir að komið höfðu fram ný gögn í málinu. Hins vegar féllst dómurinn ekki á að sýnt hefði verið fram á að ákærði hefði komið minnisblaðinu á framfæri í því skyni að afla sér eða öðrum óréttmæts ávinnings, hvorki fjárhagslegs né annars.

Gísli Freyr sagðist ætla að una dómnum en Helgi Magnús sagði embættið ekki hafa tekið ákvörðun um áfrýjun.

**fanney@frettabladid.is**



**MÁLINU LOKIÐ** Gísli Freyr Valdórsson, fyrrverandi aðstoðarmaður innanríkisráðherra, tók í höndina á Helga Magnúsi Gunnarssyni saksóknara eftir dómsuppkvaðningu í lekamálinu þar sem hann hlaut skilorðsbundinn dóm. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

> **Af hverju lýgur maður? Maður gerir eitthvað sem maður sér eftir og maður neitar fyrir það og svo heldur maður bara áfram að neita fyrir það.**
> *Gísli Freyr Valdórsson*




## Veðurspá

Gildistími korta er um hádegi




**HLÝTT MIÐAÐ VIÐ ÁRSTÍMA** Í dag verður strekkingur eða allhvassst, síst inn til landsins. Rigning í flestum landshlutum, einkum suðaustanlands en dregur úr vætu er líður á daginn. Á morgun og laugardag lægir smám saman.

| | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|
| Alicante | 22° | Friedrichshafen | 11° | New York | 10° |
| Aþena | 20° | Gautaborg | 11° | Orlando | 26° |
| Basel | 17° | Kaupmannahöfn | 11° | Ósló | 5° |
| Berlín | 12° | Las Palmas | 24° | París | 14° |
| Billund | 11° | London | 15° | San Francisco | 17° |
| Frankfurt | 12° | Mallorca | 22° | Stokkhólmur | 7° |




**Á MORGUN** 10-15 m/s víða S- og V-til en hægari vindur NA-til.




**LAUGARDAGUR** 3-8 m/s en 10-15 m/s við S- og SV-ströndina.

**Soffía Sveinsdóttir**
veðurfréttamaður



**AUGLÝSINGADEILDIR FRÉTTABLAÐSINS – AUGLÝSINGASTJÓRI:** Jón Laufdal jonl@frettabladid.is **ALMENNAR SÍMI 512-5401:** Hjördís Zoëga hjordis@frettabladid.is, Hlynur Þór Steingrímsson hlynur@365.is, Laila Awad laila@365.is, Sverrir Birgir Sverrisson sverrirbs@365.is, Örn Geirsson orn.geirsson@365.is **FÓLK/LÍFIÐ/SÉRBLÖÐ SÍMI 512-5402:** Atli Bergmann atli.bergmann@365.is, Bryndís Hauksdóttir bryndis@365.is, Jón Ívar Vilhelmsson jonivar@365.is, Kolbeinn Kolbeinsson kkolbeins@365.is, **FÓLK OG SÉRBLÖÐ EFNI:** Sólveig Gísladóttir solveig@365.is og Vera Einarsdóttir vera@365.is **RAÐAUGLÝSINGAR /FASTEIGNIR SÍMI 512-5403:** Hrannar Helgason hrannar@365.is, Viðar Ingi Pétursson vip@365.is **ÞJÓNUSTUAUGLÝSINGAR SÍMI 512-5407:** Arna Rut Kristinsdóttir arnarut@365.is, Sigrún Helga Guðmundsdóttir sigrunh@365.is

Ertu að leita upplýsinga?
www.suzuki.is

## Sjálfskiptur eða beinskiptur – hvað hentar þér best?

SUZUKI

Way of Life!

# SUZUKI SWIFT




## Á frábæru verði og kjörum

## Vetrarpakki með vetrardekkjum, aurhlífum og gúmmímottum fylgir með.

EURO NCAP
FOR SAFER CARS
www.euroncap.com
★★★★★
















**Swift GL beinskiptur verð 2.550.000**
útborgun 255.000
mánaðarleg afborgun í 84 mánuði 38.867*

**Swift GL sjálfskiptur verð 2.880.000**
útborgun 288.000
mánaðarleg afborgun í 84 mánuði 43.656

Eyðsla 5.0 L á 100/km í blönduðum akstri (beinskiptur)

Hugtök Markaðsráðgjöf okt 2014

FYRIR SKYNSAMT FÓLK

SUZUKI

TRAUST UMBOÐ Í YFIR 40 ÁR

*árleg hlutfallstala kostnaðar 10,99%

SUZUKI BÍLAR HF · SKEIFUNNI 17 · SÍMI 568 5100 · WWW.SUZUKI.IS

## VEISTU SVARIÐ?



**1.** Hver er framkvæmdastjóri Tulipop?
**2.** Hvað er vikublaðið Bæjarins besta á Ísafirði gamalt?
**3.** Hvað veitti Miðstöð íslenskra bókmennta marga þýðingarstyrki í ár?

**SVÖR:**

1. Helga Árnadóttir. 2. 30 ára. 3. 80.

Orri Vigfússon, formaður NASF, fær liðsauka í baráttunni gegn laxadrápi Norðmanna í hafi:

# Vilja uppræta laxadráp við strönd Noregs

**UMHVERFISMÁL** Verndarsjóður villtra laxastofna, (NASF), hefur fengið liðsauka í baráttunni gegn gegndarlausri netaveiði á laxi við strendur Noregs. Norskir netabændur veiða lax á gönguleið hans á hrygningarstöðvar í ám í Rússlandi, Bretlandi og Írlandi auk laxa úr eigin ám. Viðurkennt er að veiðarnar ógna viðkomu laxastofna í mörgum gjöfulustu ám þessa heimshluta.

Orri Vigfússon, formaður NASF, segir að náttúruverndarsinninn Ilya Sherbovich, sem einnig hefur umsjón með hinni frægu laxveiðiá á Kólaskaga Ponoi, hafi veitt NASF stórt fjárframlag til að berjast gegn atvinnuveiðum á laxi á gönguleiðum í hafinu við Noreg.

Orri bendir á að netalagnirnar, aðallega við strendur Norður-Noregs, girði fyrir gönguleiðir laxa sem snúa til baka úr Norðaustur-Atlantshafi eftir þriggja til fjögurra ára vist í hafinu.

„Þetta er rausnarleg gjöf til allra sem unna þessum einstöku stofnum,“ segir Orri en bendir á að stjórnvöld í Noregi virðist ætla að gera gangskör í því að stöðva veiðarnar. „Margra ára barátta og gagnrýni virðist hafa skilað hugarfarsbreytingu hjá norskum stjórnvöldum. Í síðustu viku var haldinn fundur stjórnvalda og veiðimanna í Kirkenes þar sem kom fram að veiðiréttindin væru í endurskoðun, enda krefðust Rússar þess að Norðmenn virtu alþjóðleg lög og reglur þar sem er skýrt bann við veiðum á göngufiski,“ segir Orri. **- shá**



**Í PONOI** Netaveiði Norðmanna hefur verið Rússum þyrnir í augum um langt skeið. MYND/NASF



**VIÐ STÖRF** Prófanirnar eru viðamiklar og mikilvægar. MYND/LANDSNET

Rafmagnsleysið stytt mikið:

## Álagsprófanir vestra lofa góðu

**ORKUMÁL** Álagsprófanir á svæðiskerfinu á Vestfjörðum aðfaranótt miðvikudags lofa góðu. Landsnet telur að markmið fyrirtækisins og Orkubús Vestfjarða náist og takist að stytta verulega straumleysistíma á Vestfjörðum með tilkomu nýju varaaflsstöðvarinnar í Bolungarvík.

Prófanirnar náðu til norðanverðra Vestfjarða en í nótt og næstu nótt verður látið reyna á samrekstur varaaflsstöðvarinnar og Mjólkárvirkjunar.

Markmiðið er að tími straumleysis áður en varaaflsstöðin tekur við verði innan við ein mínúta, sem er nú talið raunhæft. **- shá**

BHM styður prófessora:

## Launakröfurnar sanngjarnar

**KJARAMÁL** Bandalag háskólamanna (BHM) lýsti í gær yfir fullum stuðningi við kjarabaráttu Félags prófessora við ríkisháskóla. Í yfirlýsingunni var tekið fram að BHM teldi launakröfur prófessora sanngjarnar.

„Stjórn BHM áréttar að öflug menntun er undirstaða framþróunar á íslenskum vinnumarkaði og því afar brýnt að æðstu menntastofnanir landsins séu starfhæfar,“ sagði í tilkynningunni.

Prófessorar hafa samþykkt verkfallsaðgerðir á prófatíma í byrjun desember. **- nej**

# Hlakkaði til umræðunnar en tók ekki þátt í henni

Hún var stutt, umræðan um skýrslu forsætisráðherra um skuldaleiðréttingu ríkisstjórnarinnar. Forsætisráðherra hvarf af fundi stuttu eftir flutninginn. Stjórnarandstaðan mótmælti því. Forseti sleit fundi stuttu síðar.

**ALÞINGI** Sigmundur Davíð Gunnlaugsson sagði í munnlegri skýrslu sinni um skuldaleiðréttingu ríkisstjórnarinnar að það væru gleðitíðindi að fá að ræða við stjórnarandstöðu um skuldamál heimilanna, nú þegar leiðréttingin hefði verið birt landsmönnum. Þó þurfti að fresta umræðunni stuttu seinna vegna þess að forsætisráðherra var ekki viðstaddur umræðuna.

„Oft er bæði ánægjulegt og áhugavert að taka þátt í umræðum hér á Alþingi, þar sem skipst er á skoðunum um lífsins gagn og nauðsynjar. Af mörgum skemmtilegum stundum hér á þingi með stjórnarandstöðunni þykir mér líklegt að þessi mun standa upp úr. Aldrei hefur verið jafngaman að ræða um skuldamál heimilanna og einmitt nú þegar leiðrétting verðtryggðra húsnæðislána hefur verið birt landsmönnum. Ég hlakka til fleiri slíkra stunda,“ sagði Sigmundur Davíð.

Fór forsætisráðherra ítarlega yfir skuldaniðurfellinguna, aðgerðir ríkisstjórnarinnar í skuldamálum heimilanna og hvernig hún kemur við hina ýmsu tekju- og eignahópa.

Í ræðu sinni boðaði forsætisráðherra að fleiri aðgerðir væru væntanlegar á kjörtímabilinu sem myndu breyta miklu í húsnæðismálum landsmanna. Til að mynda boðaði forsætisráðherra að afnám verðtryggingar á húsnæðislánum væri í farvatninu og myndi sú vinna líta dagsins ljós á kjörtímabilinu. Til stæði að afnema verðtryggð húsnæðislán með afborgunum til meira en 25 ára.

Helgi Hjörvar, þingflokksformaður Samfylkingarinnar, sagði margt gott að finna í skuldaleiðréttingu ríkisstjórnarinnar. Hins vegar væru nokkrir hlutir sem vert væri að gagnrýna. Helgi sagði Samfylkinguna hafa viljað í síðustu kosningabaráttu rétta hlut þeirra sem voru með verðtryggð húsnæðislán og fagnaði hann þeim hluta aðgerðarinnar sem sneri að því. Hins vegar gagnrýndi Helgi að þessi ráðstöfun væri ekki það sem Framsóknarflokkurinn hefði lofað. Taldi hann þessa ráðstöfun ljósárum frá þeim kosningaloforðum sem flokkurinn hefði flutt í síðustu kosningabaráttu. „Þetta er engin 20% niðurfelling, þetta er ekki þrjú hundruð milljarðar. Átta þúsund krónur á mánuði eru ekki leiðrétting á forsendubresti,“ sagði Helgi Hjörvar.

Steingrímur J. Sigfússon tók í sama streng. Notaði hann ræðu sína til að gagnrýna reikningsskil ríkisstjórnarinnar og hvernig skuldaleiðréttingin hefði verið framreidd í kynningu ríkisstjórnarinnar. Taldi Steingrímur kynninguna ósvífna.

Stuttu eftir framsögu forsætisráðherra hvarf hann af fundi. Steingrímur J. Sigfússon óskaði eftir því að forsætisráðherra yrði viðstaddur ræðu hans en varð ekki að ósk sinni. Eftir ræðu Steingríms komu meðlimir úr stjórnarandstöðunni, hver á fætur öðrum, upp í pontu undir lið fundarstjórnar forseta og gerðu athugasemdir við fjarveru forsætisráðherra.

Forseti og forsætisráðherra höfðu samráð um að leyfa Bjarna Benediktssyni fjármálaráðherra að flytja ræðu sína og fresta síðan fundi til hálf þrjú í dag.

sveinn@frettabladid.is



**GLEÐISTUND** Sigmundur Davíð fór yfir skuldaleiðréttinguna. Taldi hann þetta mikla ánægjustund. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM



**MARGT GOTT** Helgi Hjörvar taldi margt ánægjulegt í skuldaleiðréttingu ríkisstjórnarinnar. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM



**HEIMSKULEGT** Guðmundur Steingrímsson taldi heimskulegt að halda umræðu áfram að forsætisráðherra fjarstöddum.





RISA
TAX FREE
DAGAR
FATNAÐUR, LEIKFÖNG,
BÚSÁHÖLD, BÆKUR,
JÓLASKRAUT, SNYRTIVÖRUR...
ÁN VIRÐISAUKASKATTS*
DAGANA 13.-17. NÓVEMBER
Að sjálfsögðu fær ríkissjóður 25,5% virðisaukaskatt af þessari sölu.
*Verðlækkunin 20,32% er alfarið á kostnað Hagkaups.
HAGKAUP
Skemmtilegast að versla



**HANDSAL** Marianne Thyrring, forstjóri DMI, og Hafdís Karlsdóttir, staðgengill forstjóra Veðurstofu Íslands, undirrita samstarfssamning. MYND/VEÐURSTOFA ÍSLANDS

Ný og nákvæmari orkutölva:

## Veðurstofur í aukið samstarf

**VEÐUR** Samstarfssamningur Veðurstofu Íslands og dönsku veðurstofunnar, DMI, var undirritaður í gær.

Danska veðurstofan leitaði eftir samstarfi við Veðurstofuna fyrir um ári um rekstur á næstu ofurtölvu sinni sem spáir um veður af meiri nákvæmni. Hún hefur tíu sinnum meiri reiknigetu en núverandi tölva dönsku veðurstofunnar en þarf mun meira rafmagn. Með samstarfi Veðurstofunnar og dönsku veðurstofunnar um rekstur tölvunnar njóta Danir hagstæðra orkugjafa hér á landi. - aí



**HEPPIN** Hjónin segjast þekkja það af eigin raun að víða sé þörf á peningum.

Unnu 49 milljónir króna:

## Eldri hjón með allar tölur réttar

**LOTTÓ** Eldri hjón, sem bæði eru komin á eftirlaun, unnu tæpar 49 milljónir í Lottói um helgina.

Hjónin spila nánast alltaf með í Lottó samkvæmt upplýsingum frá Getspá en áttu bágt með að trúa eigin augum þegar í ljós kom að þau hefðu nú loks tekið stóra vinninginn.

Þau segjast nú hafa tryggt sér áhyggjulaust ævikvöld. Þau hyggjast að auki gefa hluta fjárhæðarinnar til líknarmála þar sem þau segjast þekkja af eigin raun að þörfin sé víða mikil. - nej

# Bandaríkin og Kína boða útblásturstakmarkanir

Barack Obama Bandaríkjaforseti og Xi Jinping Kínaforseti gerðu með sér samkomulag um að draga úr losun gróðurhúsalofttegunda. Kínverjar hafa til þessa ekki fengist til að setja sér nein skýr markmið í baráttunni gegn loftslagsbreytingum. Til samans bera þessi tvö lönd ábyrgð á nærri helmingi alls útblásturs í heiminum.

**KÍNA** Samkomulag Kína og Bandaríkjanna um að takmarka útblástur gróðurhúsalofttegunda þykir marka viss tímamót, bæði í baráttunni við loftslagsbreytingar og í samskiptum Kína og Bandaríkjanna.

Enn er þó óljóst með öllu hvernig ríkin tvö ætla að fara að því að ná þeim markmiðum, sem að er stefnt.

Bandaríkin hafa lýst því yfir að þau ætli að draga úr útblæstri gróðurhúsalofttegunda um ríflega fjórðung til ársins 2025, og er þá miðað við árið 2005. Kínverjar hafa síðan heitið því að árið 2030, eða fyrr, muni útblástur þeirra ná hámarki. Eftir það verði byrjað að draga úr honum.

Efnahagsumsvif Kínverja hafa aukist hratt á síðustu árum og áratugum. Mest þó frá síðustu aldamótum. Þessu hefur fylgt síaukinn útblástur gróðurhúsalofttegunda og nú er svo komið að Kína ber ábyrgð á nærri þriðjungi alls koltvísýringsútblásturs jarðarbúa.

Bandaríkin og Evrópusambandið koma næst á eftir, og samanlagt kemur rúmlega helmingurinn af útblæstri koltvísýrings frá þessum þremur risum alþjóðasamfélagsins svonefnda. Þar á eftir koma Indland, Rússland og Japan.

Á vegum Sameinuðu þjóðanna hefur áratugum saman verið reynt að fá ríki heims til þess að draga úr útblæstri til þess að hægja á loftslagsbreytingum áður en í óefni er komið.

Ekki síst hefur staðið á ágreiningi milli auðugra Vesturlanda annars vegar og fátækari þróunarríkja hins vegar, þar sem þróunarríkin hafa ekki viljað draga verulega úr útblæstri nema auðugri ríkin taki þátt í kostnaði við það.

Með samningnum við Bandaríkin, þótt óljós sé um margt, hefur Kína í fyrsta sinn fallist á raunveruleg markmið í þessari baráttu.



**LEIÐTOGAR SKÁLA** Barack Obama og Xi Jinping skáluðu í fyrrakvöld að loknum kvöldverði leiðtoga Asíu- og Kyrrahafsríkja í Peking. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Al Gore, fyrrverandi varaforseti Bandaríkjanna, hrósar Kínverjum í hástert og segir þennan samning marka tímamót. Og Ban Ki-moon, framkvæmdastjóri Sameinuðu þjóðanna, hvetur öll ríki heims til að feta nú í fótspor Kína og Bandaríkjanna og kynna markmið sín í loftslagsmálum strax upp úr áramótum.

„Þetta markar mikilvæg tímamót í samskiptum Kína og Bandaríkjanna,“ segir Barack Obama Bandaríkjaforseti. „Þetta sýnir hvað er mögulegt þegar við vinnum saman að brýnum heimsmálum.“

gudsteinn@frettabladid.is

> **Þetta markar mikilvæg tímamót í samskiptum Kína og Bandaríkjanna. Þetta sýnir hvað er mögulegt þegar við vinnum saman að brýnum heimsmálum.**
>
> *Barack Obama Bandaríkjaforseti.*




www.volkswagen.is




Volkswagen up! er alvöru smábíll!

## Meistari í sparsemi

Samkvæmt könnun breska bílablaðsins Autoexpress er enginn bíll ódýrari í rekstri en Volkswagen up! Með Volkswagen up! hafa jafnframt verið sett ný viðmið í hönnun því hann er einstaklega nettur að utan en afar rúmgóður að innan. Hvergi er gefið eftir í kröfum um akstursеiginleika, gæði né öryggi og fær bíllinn 5 stjörnu einkunn í árekstrarprófunum euroNcap.

Eyðsla frá 4,1 l/100 km

Das Auto.

Komdu og reynsluaktu Volkswagen up!

HEKLA · Laugavegi 170-174 · Reykjavík · Sími 590 5000 · hekla.is

Umboðsmenn: Höldur Akureyri · Bílasala Selfoss · Bílás Akranesi · HEKLA Reykjanesbæ · Heklusalurinn Ísafirði


kronotex
FLOORS FOR LIVING
HÖRKU
TILBOÐ
Á HÖRKU
PLANKA
HARÐPARKETI
VERÐ FRÁ
1.790 KR.m²
Birgisson
Ármúli 8 I 108 Reykjavík I Sími 516 0600 I www.birgisson.is
Hjartalag





Íslenska kalkþörungafélagið hefur hætt við áform um þörungaverksmiðju í Bolungarvík:

# Horfa til byggingar verksmiðju á Súðavík

**SÚÐAVÍK** Samningaviðræður Íslenska kalkþörungafélagsins og Bolungarvíkur um uppbyggingu kalkþörungaverksmiðju í sveitarfélaginu hafa farið út um þúfur. Viðræður eru hafnar við Súðavíkurhrepp um mögulega uppbyggingu verksmiðju þar en á bilinu tólf til átján störf gætu orðið til auk afleiddra starfa. Fyrir rekur Ískalk sambærilega verksmiðju á Bíldudal en sú var opnuð árið 2007.

„Það var of langt á milli aðila til að hægt væri að halda áfram,“ segir Einar Sveinn Ólafsson, framkvæmdastjóri fyrirtækisins. Hann segir að vinna sé enn á frumstigi. Enn eigi eftir að fara í gegnum rannsóknarferli, umhverfismat og útvega tilskilin leyfi en í fyrsta lagi yrði mögulegt að opna verksmiðjuna árið 2018.

„Þegar þessi hugmynd kom upp í sumar var Súðavík fyrsti kostur en strandaði þá á raforkumálum. Nú virðist það vera leyst,“ segir Pétur G. Markan, bæjarstjóri Súðavíkurhrepps. „Félagið hefur gert frábæra hluti í Bíldudal og við erum bjartsýn á framhaldið. Það er þó nauðsynlegt að vinna næstu skref örugglega og af fagmennsku og fara ekki fram úr sér.“

Kristján Haraldsson, orkubússtjóri Orkubús Vestfjarða, segir að raforka fyrir verksmiðjuna sé til en nauðsynlegt sé að leggja nýja raflínu til Súðavíkur. Sú framkvæmd væri ekki ókeypis en samkomulag hlyti að vera mögulegt. **- joe**



**SÚÐAVÍK** Milli tólf og átján störf gætu skapast. Verksmiðjan gæti verið opnuð í fyrsta lagi árið 2018. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN


EVRÓPUMÁL

Geta skrifræði og sköpunargáfa farið saman?

Reynsla leiðtogaráðs Evrópusambandsins



Opinn fundur á vegum Alþjóðamálastofnunar og Stjórnmálafræðideildar Háskóla Íslands í samstarfi við Evrópustofu

FÖSTUDAGINN 14. NÓVEMBER KL. 12-13 Í LÖGBERGI 101

Leiðtogaráð Evrópusambandsins var upphaflega vettvangur fyrir þægilegt „kaffispjall“ milli leiðtoga aðildarríkja sambandsins. Með aukinni stofnanavæðingu og formlegri vinnubrögðum hefur markvisst verið unnið að því að bæta starfsemi leiðtogaráðsins. En hvaða áhrif hefur þetta haft á möguleika ráðsins til að sinna sínu upphaflega hlutverki, að móta pólitíska sýn og langtímastefnu sambandsins?

**Maria Strömvik** er lektor í stjórnmálafræði og aðstoðarforstöðumaður Evrópufræðasetursins við Háskólann í Lundi. Maria starfar nú sem gestakennari við Stjórnmálafræðideild HÍ.



Maria Strömvik

**Fundarstjóri: Silja Bára Ómarsdóttir**, aðjúnkt við Stjórnmálafræðideild Háskóla Íslands.

*Fundurinn fer fram á ensku. Allir velkomnir.*

Nánari upplýsingar: www.ams.hi.is og www.evropustofa.is
Alþjóðamálastofnun á Facebook: www.facebook.com/althjodamalastofnun
Evrópustofa á Facebook: www.facebook.com/evropustofa

HÁSKÓLI ÍSLANDS
Evrópustofa
Upplýsingamiðstöð ESB
ALÞJÓÐAMÁLASTOFNUN
RANNSÓKNASETUR UM SMÁRÍKI
HÁSKÓLI ÍSLANDS


# Óvissa í sjúkraflugi fyrir Sauðkrækinga

Alvarlega slasaður maður var fluttur með bíl til Akureyrar í stað þess að fara með sjúkraflugi til Reykjavíkur vegna slæms ástands Alexandersflugvallar við Sauðárkrók. Flugstjóri varar við hörmulegum afleiðingum. Ólíðandi segir byggðaráðið.

**HEILBRIGÐISMÁL** Þorkell Ásgeir Jóhannsson, flugstjóri hjá Mýflugi, segir að vegna skorts á viðhaldi og hreinsun á flugvellinum við Sauðárkrók hafi alvarlega slasaður maður fyrst verið fluttur með bíl til Akureyrar í stað þess að vera sendur beint til Reykjavíkur með sjúkraflugi.

Þetta kemur fram í tölvupósti Þorkels til sveitarstjórnarinnar í Skagafirði þar sem hann ræðir um bílslys sem varð 23. október nærri Varmahlíð. Eins og kunnugt er annast Mýflug sjúkraflug fyrir ríkið.

„Slösuðust þrír í árekstrinum og þurfti að flytja einn með sjúkraflugi til Reykjavíkur til aðhlynningar. Alexandersflugvöllur við Sauðárkrók var ekki kostur í stöðunni, þar sem ryðja hefði þurft flugbrautina og hálkuverja og aukin heldur var bifreið sú sem notuð er til þessa verks rafmagnslaus þegar til átti að taka,“ segir um málavexti í fundargerð byggðaráðs Skagafjarðar þar sem tölvupóstur Þorkels var lagður fram.

„Allt leiddi þetta til þess að fagaðilar á slysstað afréðu að senda þennan sjúkling með bíl til sjúkrahússins á Akureyri til fyrstu aðhlynningar, þrátt fyrir snjóalög og ísingu á þjóðveginum um Öxnadalsheiði,“ er vitnað beint til bréfs Þorkels. „Ljóst er að fyrirbyggjandi eftirlit með ástandi flugbrautarinnar og hreinsun eftir þörfum ásamt með viðhaldi tækjabúnaðar, hefði í þessu tilfelli flýtt verulega fyrir nauðsynlegri læknisaðstoð fyrir hinn alvarlega slasaða sjúkling.“



**ALEXANDERSFLUGVÖLLUR** Flugstjóri hjá Mýflugi segir að óbreyttu ekki hægt að treysta á flugbrautina við Sauðárkrók á ögurstundu. MYND/LOFTMYNDIR EHF.

Þorkell segir að á meðan ekki sé um fyrirbyggjandi viðhald og hreinsun flugbrautar héraðsins að ræða kunni fleiri bráðatilfelli vegna slysa eða veikinda að verða fyrir „alvarlegum viðbragðstöfum“ og það „hugsanlega með hörmulegum afleiðingum“.

Byggðaráð fól sveitarstjóranum að afla frekari upplýsinga um málið. „Ljóst er að núverandi ástand er með öllu ólíðandi fyrir íbúa Skagafjarðar og nærliggjandi byggða,“ bókaði byggðaráðið.

**gar@frettabladid.is**



**Ljóst er að fyrirbyggjandi eftirlit með ástandi flugbrautarinnar og hreinsun eftir þörfum ásamt með viðhaldi tækjabúnaðar, hefði í þessu tilfelli flýtt verulega fyrir nauðsynlegri læknisaðstoð fyrir hinn alvarlega slasaða sjúkling.**

*Þorkell Ásgeir Jóhannsson, flugstjóri hjá Mýflugi.*







# 25% AFSLÁTTUR

## AF ÖLLUM KÁPUM & ÚLPUM

FYRIR DÖMUR, HERRA & BÖRN

GILDIR ÚT SUNNUDAG

OPIÐ Í DAG FRÁ KL. 11:00 - 21:00

**VERÐDÆMI:**



Verð áður: 9.990 **Verð nú: 7.493**

**VERÐDÆMI:**



Verð áður: 8.990 **Verð nú: 6.743**

Finndu okkur á facebook

**DEBENHAMS SMÁRALIND**

KONUR HERRAR BÖRN SNYRTIVÖRUR

# Kalla eftir umræðu um fósturskimun

Foreldrar fimm ára stúlku með Downs-heilkenni kalla eftir aukinni umræðu um siðferðisleg álitamál sem snúa að fósturskimun. Á árunum 2008-12 var öllum fóstrum, sem greindust með auknar líkur á Downs, eytt. Þau segja þetta snúast um hvernig þjóðfélagi við viljum búa í og vilja að málið sé rætt á Alþingi.



ÁGÚSTA HLÍN Foreldrar hennar segja hana heilbrigða og hrausta fimm ára stelpu.

**SAMFÉLAGSMÁL** „Við erum bara að kalla eftir skynsamlegri og upplýstri umræðu um þetta. Ég er ekki á móti fósturskimun sem slíkri og ég er heldur ekki með ákveðin svör hvað eigi að gera ef það kemur eitthvað upp,“ segir Snorri Þorgeir Ingvarsson. Snorri og eiginkona hans, Þórdís Ingadóttir, eiga fimm ára gamla dóttur með Downs-heilkenni. Þau kalla eftir faglegri og upplýstri umræðu um fósturskimun, skýrum markmiðum og reglulegu endurmati á henni.

Í síðustu viku voru kynnt á Alþingi svör heilbrigðisráðherra við fyrirspurn alþingismanns um fósturgreiningu. Þar kom fram að á árunum 2008-2012 voru 38 fóstur greind með auknar líkur á aukalitningi á 21. litningapari, Downs-heilkenni. Öllum þessum fóstrum var eytt. Í grein sem birtist á blaðsíðu 30 í Fréttablaðinu í dag fjalla þau um málið og kalla eftir því að yfirvöld skoði og taki afstöðu til þeirra siðferðislegu álitaefna sem koma upp þegar fóstrum er eytt vegna þessa. Um sé að ræða líkindareikning og því geti líkurnar verið á báða bóga. Fólk taki áhættu á að eyða heilbrigðu fóstri og líka að eignast barn með Downs-heilkenni.

### Kynntu sér allt um Downs

Dóttir þeirra, Ágústa Hlín, er heilbrigð og hraust fimm ára gömul stelpa með húmorinn í lagi. Þórdís fór í fósturskimun á meðgöngunni þar sem kom í ljós að nánast engar líkur væru á því að fóstrið væri með Downs-heilkenni. „Samkvæmt niðurstöðu samþætts líkindamats míns voru líkurnar taldar einn á móti 1600. Annars er þetta eitthvað sem við spáðum ekki mikið í,“ segir Þórdís.



FJÖLSKYLDAN Snorri og Þórdís með dætrum sínum tveimur, Ágústu Hlín og Védísi Eiri. Þau eiga einnig soninn Ingvar Frey. MYND/ÚR EINKASAFNI

„Eftir að hún var fædd fór lækna að gruna þetta vegna lágvöðvaspennu Ágústu Hlínar,“ segir Þórdís. Í kjölfarið voru gerðar rannsóknir og eftir nokkra daga var staðfest að hún væri með Downs-heilkennið.

Þau segjast ekki hafa fengið áfall við fréttirnar. „Sumir upplifa þetta sem mikið sjokk. Við gerðum það ekki. Við eigum tvö börn fyrir og það var ósköp svipað allt ferlið. Auðvitað bregður manni svolítið við að heyra þetta en ég myndi ekki segja að þetta hefði verið sjokk,“ segir Snorri. Í framhaldinu kynntu þau sér flest allt sem þau komust yfir um heilkennið. „Það hefur allt gengið vel hingað til. Hún er hraustust allra í fjölskyldunni og hefur sloppið vel við mögulega líkamlega fylgikvilla heilkennisins,“ segir Þórdís. „Hún byrjaði seinna að ganga en önnur börn og er mun seinni til að byrja að tala en hún er hamingjusöm og mjög glöð,“ segir Snorri.

Fósturskimun er byggð á þremur þáttum. Hnakkaþykktarmælingu, aldri og mælingu prótína hjá móður. Með þessum þremur þáttum eru reiknaðar út líkur á því að fóstrið sé með Downs-heilkenni. Séu taldar líkur á því er í kjölfarið hægt að fara í legástungu sem hefur í för með sér aukna hættu á fósturláti en með henni er hægt að staðfesta hvort um Downs sé að ræða. Ekki fara allar í legástunguna og sumar láta eyða fóstrinu áður. „Þegar þetta var innleitt um síðustu aldamót skorti á opinbera, faglega og upplýsta umræðu um þau siðferðislegu álitaefni sem óneitanlega tengjast þessu. Málið snýst ekki bara um vísindi eða tækni, heldur líka í hvernig þjóðfélagi við viljum búa. Slík málefni ætti að ræða á Alþingi, með aðkomu allra sem málið varðar; fagaðila, siðanefnda og hagsmunasamtaka,“ segir Þórdís.

### Mikill fjöldi fóstureyðinga

Þegar þau heyrðu af því hversu margir hefðu látið eyða fóstrum vegna líkinda á Downs-heilkenni var þeim brugðið. „Mér dauðbrá og leið eins og ég hefði verið kýld í magann. Auðvitað er þetta fyrst og fremst val hvers og eins. En þegar niðurstaðan er svona afgerandi þá spáir maður í af hverju þetta stafar,“ segir Þórdís og bætir við: „Þegar þetta er einnig byggt á líkindamati þá finnst manni að það verði að tryggja góða ráðgjöf. Við búum í samfélagi þar sem fatlaðir eru því miður að mörgu leyti enn einangraðir og fæstir þekkja vel til fatlaðra. Það er slæmt ef fólk er að taka ákvörðun byggða að of miklu leyti á hræðslu við hið óþekkta. Með auknum skilningi á réttindum fatlaðra og þátttöku þeirra í samfélaginu mun þessi hræðsla minnka. Þetta eru stórar og áleitnar spurningar sem verður að ræða. Einnig þarf að taka á því jafnóðum ef upp koma fleiri greiningarmöguleikar,“ segir Þórdís.

viktoria@frettbladid.is








FORMAÐUR Ísak segir óvissuna í kringum verkfallið of mikla. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

## Formaður Stúdentaráðs segir nema áhyggjufulla:
# Krafa stúdenta að samið sé strax

**MENNTUN** Fulltrúar Stúdentaráðs Háskóla Íslands (SHÍ) áttu fund með Illuga Gunnarssyni menntamálaráðherra í gær. Ástæða fundarins er staða sú sem upp er komin í kjaradeilu háskólaprófessora og ríkisins.

„Það er krafa nemenda að það verði fundað oftar svo samkomulag náist sem fyrst,“ segir Ísak Rúnarsson, formaður SHÍ. Fulltrúar nemenda hafi afhent ráðherra yfirlýsingu þar sem fram komi áhyggjur þeirra af stöðu mála.

„Eins og er er staðan algerlega óviðunandi. Til að mynda eru námslánin í óvissu og fjarnemar erlendis hafa ekki hugmynd um hvenær, eða hvort, þeir eigi að koma til landsins til að þreyta prófin,“ bætir Ísak við.

Að öllu óbreyttu munu háskólaprófessorar fara í verkfall dagana 1.-15. desember næstkomandi. Næsti fundur deiluaðila er áætlaður á morgun. - joe

# Double Serum

*Ein vara í krafti tveggja.*

# 87%

*kvenna fullyrtu að Double Serum örvaði tilætluð áhrif þeirrar húðvöru sem notuð er samtímis.**

ORKUSKOT FYRIR HÚÐFRUMUR

**Double Serum**
Með cangzhu-þykkni




+




## 30+

**Multi-Active Day**

→ *hindrar ótímabæra öldrun.*




## 40+

**Extra-Firming Day**

→ *dregur sjáanlega úr hrukkumyndun og eykur stinnleika húðarinnar.*




## 50+

**Super Restorative Day**

→ *blæs nýju lífi í starfsemi húðfrumnanna.*

* Niðurstöður árangursprófs: 95 konur í 4 vikur.

# CLARINS

## Clarins kynning í Hagkaup dagana 13. - 19. nóvember

Kaupaukinn* þinn þegar verslaðar eru tvær vörur í Clarins.

- 30ml Hydraquench, 24stunda rakakrem
- 50ml One Step Exfoliating Cleanser, kornahreinsir
- 10ml Eye Gel, frískandi augngel
- Be Long Mascara, lengir, sveigir og örvar vöxt augnháranna (ferðastærð)
- Instant Light Brush on Perfector, hyljari sem veitir ljóma (ferðastærð)



*gildir 13.-19. nóvember á meðan birgðir endast

**HAGKAUP**
*Skemmtilegast að versla*


25%
AF SMÁVÖRU
A WORLD OF INSPIRATION
the PIER
FOR YOUR HOME
KONUKVÖLD Í KVÖLD MILLI 18.00-22.00
3 FYRIR 2
AF HNETUBRJÓTUM
AF SMÁVÖRU • 25% AFSLÁTTUR
25%
SIGGA KLING
SPÁIR
Ræman
EVUKLÆÐI & ÍSAFOLD
KYNNA VÖRUR
BEGGI
& PACAS
VEITA
RÁÐGJÖF
ANTON & BERGUR
Smáratorgi 522 7860 • Korputorgi 522 7870 • Glerártorgi 522 7880


25%
AF SMÁVÖRU
A WORLD OF INSPIRATION
the PIER
FOR YOUR HOME
AÐEINS Í SMÁRATORGI. ALLIR VELKOMNIR
25%
AF SMÁVÖRU
10%
AF HÚSGÖGNUM
SMÁVÖRU • 25% AFSLÁTTUR AF
25%
ÓÐALS
MS BÍÐUR UPPÁ
DÝRINDIS OSTA
ÖLGERÐIN
EGILL SKALLAGRÍMSSON
ÖLGERÐIN BÝÐUR UPPÁ
LÉTTAR VEITINGAR
the PIER
Erum á Facebook



**SANDGERÐI** Bæjarfélagið lýkur nú endurskipulagningu skulda sinna og skuldbindinga. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

Endurheimta íþróttahúsið:

## Kaupa eignir fyrir milljarð

**SANDGERÐI** Bæjarstjórn Sandgerðisbæjar hefur samþykkt að kaupa eignir fyrir milljarð af Eignarhaldsfélaginu Fasteign. Kaupin eru fjármögnuð með láni frá Íslandsbanka.

Eignirnar sem um ræðir eru íþróttamiðstöð bæjarins og eldri bygging grunnskólans. Byggingarnar voru áður í eigu bæjarins en með kaupunum lýkur aðild Sandgerðisbæjar að Fasteign þar sem engar eignir bæjarins verða eftir þann tíma í eigu eignarhaldsfélagsins.

Samkvæmt fundargerð Sandgerðisbæjar marka kaupin lokaáfanga markmiða sem sett voru um endurskipulagningu skulda og skuldbindinga. - nej

# Sakar framkvæmdastjóra Keilis um langvinnt einelti

Starfsmaður hjá Keili sakar framkvæmdastjórann um langvinnt einelti gagnvart sér. Starfsmaðurinn er í veikindaleyfi vegna eineltisins og fékk ekki borguð laun um mánaðamótin. Framkvæmdastjórinn segir málið sorglegt.

**EINELTISMÁL** Starfsmaður hjá Keili, miðstöð vísinda, fræða og atvinnulífs, sakar framkvæmdastjórann, Hjálmar Árnason, um langvinnt einelti gagnvart sér. Þetta kemur fram í bréfi sem lögmaður starfsmannsins sendi fyrir hans hönd til yfirstjórnar Keilis í byrjun september.

Starfsmaðurinn hefur starfað á Keili frá árinu 2008 og var trúnaðarmaður starfsmanna frá árinu 2011. Samkvæmt bréfinu hófst hið meinta einelti eftir að hann fór fram á leiðréttingu launakjara hjá félaginu fyrir hönd starfsmanna. Í kjölfarið hafi hann fundað með fjármálastjóra félagsins og daginn eftir þann fund hafi framkvæmdastjórinn boðað hann á sinn fund þar sem hann, samkvæmt bréfinu: „hellti sér yfir hann með óviðeigandi fúkyrði og hótunum.“

Í kjölfarið hafi eineltið ágerst og í sjö mánuði hafi starfsmaðurinn mátt „þola ótrúlega aðför“ af hálfu framkvæmdastjórans. Eineltið hafi meðal annars falist í því að framkvæmdastjórinn hafi lagt sig fram um að „niðurlægja, gera lítið úr, móðga, særa, mismuna og ógna“ honum, að því er fram kemur í bréfinu. Að lokum fór hann á fund með framkvæmdastjóra og fjármálastjóra vegna eineltisins þar sem sá fyrrnefndi á að hafa spurt hvort hann vildi ekki leita sér að nýrri vinnu þar sem honum liði augljóslega illa í vinnunni. Starfsmaðurinn fór eftir þennan fund og ræddi við fjármálastjóra þar sem hann tjáði honum að hann væri að hugsa um að segja upp, þar sem hann gæti ekki unnið við þessar aðstæður lengur. Hann skilaði hins vegar ekki inn uppsagnarbréfi heldur fór til læknis sem mat hann óvinnufæran vegna ástandsins.

Í bréfinu kemur fram að starfsmaðurinn sé „í miklu áfalli vegna þess langvarandi ástands sem hann hefur mátt þola og mun ekki mæta til vinnu að læknisráði við óbreyttar aðstæður enda er svo komið að vanlíðan á vinnustað lýsir sér í alvarlegum líkamlegum einkennum og hefur læknir rakið þau til langvarandi álags,“ og að læknir hafi beðið hann um að koma sér úr ástandinu nú þegar.



> **Þetta er fyrst og fremst leiðinglegt mál.**
>
> *Hjálmar Árnason, framkvæmdastjóri Keilis, miðstöðvar vísinda, fræða og atvinnulífs*

Lögmaður starfsmannsins sendi bréfið fyrir hönd hans þann 7. september síðastliðinn. Þar sem engin svör höfðu borist við bréfinu ítrekaði hann með öðru bréfi 26. október að fundin yrði lausn í málinu. Því bréfi var svarað og í svarinu kom fram að rannsókn væri hafin á málinu. Sú rannsókn verður framkvæmd af sálfræðingum og hefst í lok mánaðarins.

Um síðustu mánaðamót fékk starfsmaðurinn ekki greidd laun þrátt fyrir að vera með læknisvottorð upp á það að hann gæti ekki verið í vinnunni vegna ástandsins. Hann hafði þá fengið sendan starfslokasamning sem hann hefur ekki undirritað þar sem hann telur starfslokin ekki vera á eðlilegum forsendum.

Hjálmar Árnason vildi ekki tjá sig um mál einstakra starfsmanna þegar eftir því var leitað. Hann sagði málið sorglegt og dapurlegt. „Þetta er fyrst og fremst leiðinlegt mál,“ segir Hjálmar.

viktoria@frettabladid.is




**KEILIR** Maðurinn hafði starfað hjá Keili frá 2008. Hann segir eineltið hafa byrjað eftir að hann fór fram á launaleiðréttingu fyrir hönd starfsmanna sem trúnaðarmaður þeirra.

SOFÐU RÓTT Í ALLA NÓTT

*Inniheldur aðeins náttúrulegar jurtir td. Sítrónu Melissu og Chamomillu ásamt blöndu B vítamína og magnesíum.*




*„Ég vakna úthvíld og líður betur“*
**-Unnur Hjartardóttir**

*„Ég slaka mun betur á og vakna úthvíld á morgnana“*
**-Dagbjört Jóna Guðnadóttir**



**FÖGNUÐUR** Vísindamenn Evrópsku geimferðastöðvarinnar, ESA, í Frankfurt í gær. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Vísindamenn ESA fögnuðu ákaft í gær:

## Fyrsta lendingin á halastjörnu tókst vel

**ÞÝSKALAND** Lendingarfar geimfarsins Rosettu lenti í gær á halastjörnunni 67P/Tsjúrjúmov-Gerasímenkó, eins og að hefur verið stefnt í meira en áratug.

Mikill fögnuður braust út meðal vísindamanna Evrópsku geimferðastofnunarinnar, ESA, í Darmstadt í Þýskalandi síðdegis í gær, þegar ljóst var orðið að allt hefði gengið að óskum.

Engan veginn var öruggt fyrirfram að allt myndi heppnast. Sjö tímar liðu frá því lendingarfarið var losað frá geimfarinu þangað til það lenti á halastjörnunni klukkan 16.03.

Farið lenti óskemmt á yfirborði halastjörnunnar en búnaður til að halda því stöðugu virðist þó ekki hafa virkað sem skyldi.

„Við urðum fyrst til að gera þetta, og það mun lifa til eilífðar,“ sagði Jean-Jacques Dordain, framkvæmdastjóri ESA, og reyndi ekki að leyna stolti sínu fyrir hönd sinna manna.

Nú fara í hönd margvíslegar rannsóknir á halastjörnunni, og vonast vísindamenn til að fá þar vísbendingar um hvernig halastjörnur og aðrir hlutir í geimnum verða til og þróast. - gb

### Frá jörðu til halastjörnu

**2004** Könnunargeimfarinu Rosettu var skotið frá jörðu 2. mars, eftir ýmsar tafir.

**2007** Rosetta fer nálægt reikistjörnunni Mars þann 25. febrúar.

**2008** Rosetta fer þann 5. september nálægt smástirninu Steins í 400 milljóna kílómetra fjarlægð frá jörðu.

**2010** Rosetta sendir myndir frá smástirninu Lutetiu, milli Mars og Júpíters.

**2014** Fyrstu sendingar frá Rosettu berast 20. janúar eftir nærri þriggja ára orkusparnaðardvala.
Rosetta tekur þann 6. ágúst sveig inn að halastjörnunni og fer á sporbraut umhverfis hana.
Lendingarfarið Philae lendir á halastjörnunni þann 12. nóvember.



Við eigum 10 ára afmæli
Frábær afmælistilboð
Sendum frítt
lindesign.is
Viðskiptavinir fá
fjölnota innkaupapoka
Komdu í heimsókn og taktu þátt í afmælisleik
Glæsilegir vinningar
Gildir í verslunum okkar í Reykjavík & Akureyri
Lín
DESIGN
Lín Design Laugavegi 176 Glerártorgi Akureyri Sími 533 2220 www.lindesign.is

Með nægan gjaldeyrisforða:

## Betur búnir í afnám hafta

Stærstu bankarnir á Íslandi hafa byggt upp nægan gjaldeyrisvaraforða til þess að takast á við hugsanlegt útflæði gjaldeyris þegar höft yrðu afnumin. Bloomberg greinir frá þessu og vísar í greiningu Standard & Poor´s. Lánshæfismatseinkunn bankanna er BB+ með jákvæðum horfum. Staða bankanna fari batnandi.

Fjármálaráðherra hefur sagt að það væri persónulegt markmið sitt að kynna áætlun um afnám haftanna fyrir jól. - jhh

Bílaumboðið BL seldi vörur fyrir tíu milljarða króna á síðasta ári og sala Heklu var litlu minni:

## Mikið tap hjá bílaumboðunum í fyrra

Tap bílaumboðsins BL eftir skatta nam 469 milljónum íslenskra króna í fyrra. Þetta sýnir ársreikningur félagsins. Tap félagsins árið á undan nam rúmum 22 milljónum íslenskra króna.

Sala félagsins á vöru og þjónustu jókst þó milli ára. Salan nam rúmum tíu milljörðum í fyrra en rúmum 9,4 milljörðum árið á undan. Rekstrartapið tvöfaldast, var 274 milljónir króna í fyrra en tæpar 123 milljónir árið á undan.

Eignir BL námu samtals 3,8 milljörðum króna undir lok síðasta árs. Félagið átti 2,75 milljarða króna í vörubirgðum. Þar af var 1,1 milljarður í nýjum bílum, 963 milljónir í notuðum bílum, 265 milljónir króna í varahlutum og 419 milljónir í vörum í flutningi. Árið áður átti félagið 2,66 milljarða króna í vörubirgðum, einnig mest í nýjum bílum og notuðum bílum.

Tap Heklu hf. nam 104 milljónum í fyrra, samanborið við 203 milljónir árið á undan. Tekjur Heklu námu tæplega 9,8 milljörðum króna en voru rúmlega 10 milljarðar króna árið á undan. Heildareignir Heklu um síðustu áramót voru um 2,8 milljarðar króna, en 3,1 milljarður árið á undan. Verðmæti nýrra bíla var 1,2 milljarðar króna, en verðmæti þeirra var rúmlega einn milljarður árið á undan. Verðmæti notaðra bíla í eigu Heklu var 900 milljónir rúmar, sem er svipað og árið áður. Þá átti félagið varahluti fyrir tæplega 175 milljónir króna um síðustu áramót, en rúmlega 207 milljónir árið á undan. - jhh



**HEKLA** Tap Heklu minnkaði í fyrra frá árinu áður. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

# Telur stöðu lífeyrissjóðanna á markaði ekki vera vandamál

Helgi Magnússon, varaformaður stjórnar Lífeyrissjóðs verzlunarmanna, segir að staða lífeyrissjóðanna á markaði sé ekkert vandamál þótt þeir séu hlutfallslega fyrirferðarmiklir. Hann segist jafnframt telja að heppilegt sé að ríkið selji minnihluta hlutafjár í Landsvirkjun.

Því fer fjarri að lífeyrissjóðirnir eigi allt atvinnulífið, segir Helgi Magnússon, varaformaður stjórnar Lífeyrissjóðs verslunarmanna. Helgi hélt framsögu á fundi Félags viðskiptafræðinga og hagfræðinga í fyrradag sem bar yfirskriftina Eiga lífeyrissjóðirnir Ísland? Helgi sagði jafnframt að staða lífeyrissjóðanna á markaði væri ekkert vandamál.

„Lífeyrissjóðirnir eru hlutfallslega fyrirferðarmiklir vegna þess að aðrir eru ekki eins öflugir á þessum markaði og æskilegt væri. Lífeyrissjóðirnir eru ekki fyrir neinum. Þeir eru ekki að taka rými frá neinum. Þeir hafa t.d. ekki verið í keppni við einkafjárfesta um kaup á hlutabréfum í mikilvægum fyrirtækjum. Það komast allir að sem vilja, allavega standa lífeyrissjóðirnir ekki í vegi annarra fjárfesta,“ sagði hann.

Helgi sagðist þeirrar skoðunar að það gæti verið heppilegt fyrir ríkið að selja minnihluta hlutafjár í Landsvirkjun til lífeyrissjóða og annarra fagfjárfesta. Hann tók undir skoðanir þess efnis að þannig mætti fjármagna byggingu Landspítala. „Fyrirtækið er svo mikils virði að fyrir 49% eignarhlut fengjust væntanlega fjármunir sem munaði um til skuldalækkunar hjá ríkissjóði eða til ráðstöfunar í mikilvæg verkefni. Ef ríkið ætti áfram meirihlutann, þá myndi það ráða fyrirtækinu og þar með stefnu í fjárfestingum, verðlagningarstefnu og umhverfisstefnu þannig að ekkert þyrfti að breytast til verri vegar.“

> **Þeir eru undir mjög ströngu eftirliti FME, fjármálaráðuneytisins og Samkeppniseftirlitsins. Það gleymist of þegar ómálefnaleg og ómakleg gagnrýni heyrist á lífeyrissjóði landsmanna.**
>
> *Helgi Magnússon varaformaður stjórnar Lífeyrissjóðs verslunarmanna*

Þá sagðist hann jafnframt telja að heppilegt gæti orðið að skrá Landsbankann í Kauphöll Íslands. „Ég tel að Landsbankinn gæti hentað mjög vel fyrir markaðinn. Verði hann skráður í Kauphöll Íslands, þá verður það risaskref til eflingar markaðarins þar sem almenningur, lífeyrissjóðir og aðrir fjárfestar fengju verðugt fjárfestingartækifæri til að glíma við. Stundum er nefnt að æskilegt væri að ríkið ætti áfram góðan hlut í bankanum, t.d. 20 prósent í þessum stærsta banka landsins, til að tryggja ákveðna festu og jafnvægi gagnvart markaðsaðilum,“ sagði Helgi.

Þetta hafi Norðmenn gert með góðum árangri en þar er norska ríkið langstærsti hluthafinn í DNB-bankanum í ágætri sátt við hlutabréfamarkaðinn. „Mér finnst að við gætum alveg tekið Norðmenn okkur til fyrirmyndar hvað varðar framtíðareignarhald á Landsbankanum.“



**EKKERT ÁHYGGJUEFNI** Helgi Magnússon telur að Landsbankinn gæti verið hentugur fyrir markaðinn. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

Hann tók það fram að margt annað kæmi einnig vel til greina. „Sama gildir um öll þau vænlegu fyrirtæki í ýmsum greinum atvinnulífsins sem gætu átt fullt erindi á markað þannig að fjárfestingartækifæri almennings, lífeyrissjóða og annarra fagfjárfesta ykjust til muna. Á því er full þörf,“ sagði Helgi.

Loks sagði Helgi að miklar kröfur væru gerðar til lífeyrissjóðanna sjálfra. „Þeir eru undir mjög ströngu eftirliti FME, fjármálaráðuneytisins og Samkeppniseftirlitsins. Það gleymist oft þegar ómálefnaleg og ómakleg gagnrýni heyrist á lífeyrissjóði landsmanna. Þeir búa við mjög agað regluverk og mikið eftirlit.“

jonhakon@frettabladid.is

## Á fundinum benti Helgi á að íslenskir lífeyrissjóðir ættu lítið eða ekkert í fyrirtækjum í eftirfarandi greinum:

1 Þeir eiga ekkert annað í höfuðatvinnugrein þjóðarinnar, sjávarútvegi, en 26 prósent í Granda og 5% í Vinnslustöðinni. Annað ekki!

2 Þeir eiga ekkert í íslenskri ferðaþjónustu fyrir utan 44 prósent eignarhlut í Icelandair Group. Þessi atvinnugrein vex mest allra og skilar nú orðið mestum gjaldeyristekjum inn í þjóðarbúið. Lífeyrissjóðirnir eiga ekkert í WOW air eða öðrum flugfélögum, hótelum, bílaleigum, rútufyrirtækjum, veitingastöðum, ferðaskrifstofum eða öðru í ferðaþjónustinni nema í gegnum Icelandair.

3 Þeir eiga ekkert í stóru bönkunum.

4 Þeir eiga ekkert í greiðslukortafyrirtækjunum.

5 Þeir eiga ekkert í stóriðjufyrirtækjunum.

6 Þeir eiga ekkert í orkufyrirtækjunum, ef undanskilinn er þriðjungur í HS Orku gegnum Jarðvarma.

7 Þeir eiga ekkert í íslenskum matvælaiðnaði, mjólkuriðnaði, kjötvinnslu, salgætisframleiðslu eða drykkjarvöruiðnaði.

8 Þeir eiga ekkert í íslenskum byggingariðnaði.

9 Þeir eiga ekkert í íslenskum verksmiðjuiðnaði, nema e.t.v. lítilsháttar í Hampiðjunni.

10 Þeir eiga ekkert í íslenskum fjölmiðlum.

11 Lífeyrissjóðirnir eiga í Högum, Kaupási, N1 og Skeljungi en ekkert í neinum öðrum verslunum eða verslunarfélögum á Íslandi.

12 Þá sagði hann íslenska lífeyrissjóði ekkert eiga í innviðum eins og samgöngumannvirkjum, vegum, höfnum, flugvöllum og heldur ekkert í heilbrigðis- eða menntakerfinu. Fjárfestingar í innviðum eru algengar meðal lífeyrissjóða erlendis en hafa ekki komið til hér á landi.

IFS greining telur nær öruggt að Síminn og fasteignafélögin Reitir og Eik fari á markað á næsta ári:

## Hófleg hækkun hlutabréfa á næsta ári

Hækkun bréfa á íslenskum hlutabréfamarkaði verður hófleg að meðaltali á næsta ári, að mati ráðgjafafyrirtækisins IFS greiningar. Spáir fyrirtækið því að árshækkun þeirra gæti orðið á bilinu 3-9 prósent. Þetta kemur fram í greiningu á markaðnum sem fyrirtækið birti í gær.

Þá telur fyrirtækið að næsta ár verði að líkindum þokkalegt hvað varðar fjölda nýrra félaga í Kauphöll, að minnsta kosti á aðallistann. Það er þó ekki ný saga að skráningar hafa hvert ár frá hruni verið fáar og færri en spáð var fyrirfram.

IFS telur að einu félögin sem telja megi nær öruggt að komi á markað á árinu séu fasteignafélögin Reitir og Eik og Síminn. „Öll eru þau líkleg til að bjóða bréf í frumútboði eftir að ársreikningur 2014 liggur fyrir og áður en fyrri árshelmingur er allur.

Ástæða er til að ætla að útboð félaganna verði fremur smá í sniðum og fyrst og fremst hugsuð til að ná tilætluðum fjölda hluthafa til að hljóta skráningu á aðallista og til að fá verðmyndun markaðar á hlutabréfin,“ segir í greiningunni.

Þá segir að félagið Promens sé einnig hugsanlegur og títt ræddur kandídat. Talsverð óvissa ríki hins vegar um skráningaráform þess. „Seint á síðasta ári gáfu forsvarsmenn Promens það út að stefnt væri á skráningu fyrir lok árs 2014. Ekki er líklegt að það markmið náist úr þessu,“ segir í greiningunni. - jhh




**KAUPHÖLLIN** IFS greining telur afar líklegt að Síminn verði skráður. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN


- 22 týnd dýr fundin með Diego
- 38 leiðangrar með Dóru og Klossa
- 18 hlátursköst með Svampi Sveinssyni
- 39 notalegar stundir með Múmínálfunum
- 28 lög sungin með Skoppu og Skrítlu
- 96 rólegir helgarmorgnar
Síminn
Yfir 300 klukkustundir
af talsettu barnaefni
2
Betri
11.230 kr.
1 Góður 8.660 kr.
2 Betri 11.230 kr.
3 Bestur 15.720 kr.
Verð án línugjalds
SkjárKrakkar er efnisveita í Sjónvarpi Símans sem er stútfull af sjónvarpsefni fyrir krakkana. Kíkið í heimsókn til Dóru, Múmínálfanna, Svamps Sveinssonar og allra hinna, hvenær sem er. Allt efni er með íslensku tali eða texta.
Í Betri heimilispakkanum færðu aðgang að SkjáKrökkum ásamt úrvali af afþreyingu fyrir alla fjölskylduna.
Ljósnetið
- hraðvirkt og öruggt
Sjónvarp Símans
- sjónvarpsstöðvar, Tímaflakk og SkjárBíó
ABC Studios
- ný efnisveita í anda Netflix
Netvarinn
- útilokar óæskilegt efni af netinu
Heimasíminn
- ómissandi heimilistæki
SkjárKrakkar
- talsett barnaefni
Þú getur meira með Símanum
ENNEMM / NM65118

siminn.is



**BORÐSPIL** Á laugardaginn verður hægt að keppa í leikjum á bókasöfnum.

## Leikjadagur á bókasöfnum

Næstkomandi laugardag verður norræni leikjadagurinn haldinn hátíðlegur í bókasöfnum á Norðurlöndunum. Þennan dag beina almenningsbókasöfn kastljósinu að leikjum, borðspilum og tölvuleikjum í því skyni að sýna fram á að leikir séu efni sem eigi heima á bókasöfnum, nú sem endranær, að því er segir á vef Borgarbókasafnsins.

Fjögur söfn Borgarbókasafns, aðalsafn, Kringlusafn, Gerðubergssafn og Sólheimasafn, taka í fyrsta sinn þátt í deginum. Boðið verður upp á alls konar borðspil, tölvuleikinn Icycle, og geta þátttakendur í honum att kappi við aðra norræna keppendur, og léttan ratleik.

Spilavinir verða til aðstoðar í aðalsafni, Gerðubergssafni og Sólheimasafni. Þetta verður sem sagt fullur dagur af leik og gleði fyrir alla aldurshópa og eru allir velkomnir.

# Æ fleiri börn þurfa meðferð vegna stoðkerfisvandamála

Kyrrseta og notkun tölva og farsíma veldur höfuðverk, svefntruflunum og öðrum vandamálum hjá börnum og unglingum, segir Gauti Grétarsson sjúkraþjálfari. Hann segir börnin ekki ná að þroska stoðkerfi líkamans.

Börnum og unglingum sem koma til sjúkraþjálfara með stoðkerfisvandamál fjölgar verulega. Hluti vandamálanna er mikil kyrrseta og notkun tölva, spjaldtölva og farsíma, að sögn Gauta Grétarssonar sjúkraþjálfara.

„Ég hef séð tveggja til þriggja ára krakka með spjaldtölvu og farsíma. Þau venja sig á að vera með hálsinn langt fram fyrir bolinn þar sem þyngdarpunkturinn er. Sitji þau lengi í þessari stöðu veldur þetta höfuðverk, svefntruflunum og alls konar öðrum vandamálum. Það má búast við talsverðum stoðkerfisvandamálum hjá þessum börnum eftir 10 til 15 ár verði ekki gripið í taumana,“ segir Gauti og bætir því við að foreldrar verði að setja reglur um tölvunotkun barnanna og aga sjálfa sig.

„Foreldrar eru að kaupa sér tíma með því að rétta börnunum spjaldtölvurnar. Krakkarnir læra þetta af foreldrunum sem eru sjálfir alltaf í tölvunum. Við erum að fá til okkar fólk sem situr við tölvu átta klukkustundir á dag og er svo með tölvu í fanginu heima í kannski fjórar klukkustundir. Þetta eru kallaðar fartölvur en eru í rauninni fangtölvur. Foreldrar þurfa að leika við börnin í staðinn, fara með þeim út og kenna þeim leiki.“

Gauti tekur það fram að vissulega nái börn einbeitingu og færni í fínhreyfingum við tölvunotkun. „Þau fá hins vegar eingöngu færni í þessum fínhreyfingum. Þau nota mikið bara aðra höndina og hin er farþegi. Höfuðið er fyrir framan bolinn og mikið í hangandi stöðu. Við sem eru eldri náðum færni í fínhreyfingum og einbeitingu með því að vera í til dæmis dúkkulísuleik og smíði flugvélamódela. Við notuðum báðar hendurnar við þessa leiki og við fórum ekki með þetta út í bíl. Við vorum ekki í þessu allan daginn heldur vorum við mikið í leikjum úti.“

Að sögn Gauta missa börn sem eru mikið í tölvum færni í grófhreyfingum. „Þau ná ekki að þroska stoðkerfið og fá heldur ekki útrás fyrir spennu og streitu með því að þjálfa grófhreyfingar með útileikjum og íþróttaiðkun. Þeim eru bara gefin verkjalyf þegar þau verða óþekk og óvær og sofa illa vegna vegna verkja í stoðkerfinu. Foreldrar átta sig kannski ekki á því hvers vegna krakkarnir eru með höfuðverk og hvernig eigi að leysa vandann. Unglingarnir sem eru að koma til okkar í sjúkraþjálfun núna eru þau sem byrjuðu að sitja við tölvur fyrir nokkrum árum. Það verður að takmarka þann tíma sem ung börn eru í tölvum.“

ibs@frettabladid.is



**MEÐ SPJALDTÖLVU** Búast má við stoðkerfisvandamálum hjá börnum sem sitja lengi með spjaldtölvur.

NORDICPHOTOS/GETTY



> Foreldrar átta sig kannski ekki á því hvers vegna krakkarnir eru með höfuðverk og hvernig eigi að leysa vandann. Unglingarnir sem eru að koma til okkar í sjúkraþjálfun núna eru þau sem byrjuðu að sitja við tölvur fyrir nokkrum árum.
>
> *Gauti Grétarsson*


NOTAÐIR BÍLAR
Í MIKLU ÚRVALI



Vertu með!
FERÐAFJÖR
Kauptu notaðan bíl af Brimborg og þú átt möguleika á að vinna
400.000 KR.
GJAFABRÉF FRÁ WOWair*
Hvert myndir þú fara?

▶ Tilboð: 1.890.000 kr.
Ford Focus Trend Collection IVY39
Skráður júní 2010, 1,6i bensín, beinskiptur
Ekinn 68.000 km.
Ásett verð: 1.990.000 kr.

▶ FINNDU BÍLINN ÞINN Á NOTADIR.BRIMBORG.IS



▶ Tilboð: 4.640.000 kr.
Volvo XC90 SE+ D5 AWD RRM19
Skráður ágúst 2008, 2,4Di dísil, sjálfskiptur
Ekinn 133.000 km.
Ásett verð: 4.990.000 kr.



▶ Tilboð: 3.490.000 kr.
Volkswagen Passat Highline JKR84
Skráður mars 2012, 1,4i metan/bensín, sjálfsk.
Ekinn 53.500 km.
Ásett verð: 3.690.000 kr.

Skoðaðu úrvalið á
NOTADIR.BRIMBORG.IS
Notaðir bílar – Brimborg

Söludeildir eru opnar virka daga kl. 9-17 og laugardaga kl. 12-16
Brimborg Reykjavík: Bíldshöfða 6, sími 515 7030
Brimborg Reykjavík: Bíldshöfða 8, sími 515 7040
Brimborg Akureyri: Tryggvabraut 5, sími 515 7050

50 ár í bílgreininni
brimborg
Öruggur staður til að vera á

*Allir sem kaupa notaðan bíl af Brimborg á tímabilinu 1. nóvember 2014 til og með 22. desember 2014 fara í pott. Einn heppinn vinningshafi verður svo dreginn út 23. desember 2014 og fær hann 400.000 kr. gjafabréf frá WOW air. Athugið á ekki við um umboðssölubíla.




**FJÖR** Fyrsta námskeið Glætunnar hefst í dag og enn er hægt að skrá sig.

Ný tómstundamiðstöð fyrir börn og unglinga:

# Sjálfsmyndin byggð upp í Glætunni

Ný tómstundamiðstöð, Glætan, hefur verið opnuð að Auðbrekku 26 í Kópavogi fyrir börn og ungmenni sem eiga undir högg að sækja félagslega. Starfsemi Glætunnar er byggð á námskeiðum sem forvarnasamtökin Lífsýn hafa haldið undanfarin átta ár, að því er Elvar Bragason, framkvæmdastjóri Lífsýnar og frumkvöðull verkefnisins, greinir frá. Elvar er jafnframt stjórnarmaður í Glætunni og forvarnaráðgjafi tómstundamiðstöðvarinnar.

Glætan býður upp á skapandi viðfangsefni sem ætlað er að opna þátttakendum nýja möguleika í lífinu. „Við höfum hjálpað yfir 700 börnum á þessum átta árum,“ segir Elvar.

Þátttakendur velja sér verkefni í svokölluðum smiðjum þar sem unnið er með tónlist, leiklist og fleiri listform auk þess sem útivist er stunduð. Í starfi smiðjanna er unnið með grundvallarmarkmiðin í starfinu, það er að byggja upp jákvæða sjálfsmynd og sjálfsvirðingu þátttakenda, efla traust, samskiptafærni og trú á eigin getu í skapandi og hvetjandi samskiptum.



**ELVAR BRAGASON**

Börn og unglingar geta sjálf skráð sig á námskeið hjá Glætunni og eru leiðbeiningar um hvernig skráning fer fram á vefsíðunni glaetan.com. „Við erum einnig í samstarfi við námsráðgjafa í öllum grunnskólum á höfuðborgarsvæðinu. Þeir sjá hvaða krakkar þurfa á þessum námskeiðum að halda og vísa foreldrum þeirra til okkar,“ segir Elvar.

Fyrsta námskeiðið hefst klukkan 15.30 í dag og er enn hægt að skrá sig.

- ibs

VÖRU-GJÖLD AFNUMIN

AEG
FULLKOMIN LÖGUN OG LEIKNI




# FYRIR HEIMILIN Í LANDINU

0% VEXTIR
Vaxtalausar raðgreiðslur í tólf mánuði*

***17% afsláttur** af öllum **AEG** ofnum og helluborðum vegna væntanlegrar vörugjaldsniðurfellingar*

## STÍLFÖGUR ELDHÚSTÆKI FRÁ AEG SEM GERA GOTT ELDHÚS BETRA

*Ódýrir standardofnar, fjölkerfaofnar, ofnar með hraðhitakerfi og kjötmæli, ofnar með gufu og sjálfhreinsibúnaði. Nýtanlegt innra rými AEG ofnanna er 30% stærra en í hefðbundnum bökunarofnum. Allir ofnar eru 74 lítra.*

BE2000001-M



**2 LÍNAN**

*Fjölkerfa blástursofn án rafeindaklukku sem er sérstaklega einfaldur í notkun og allri umgengni. Litur: Stál*

BE3002401-M



**3 LÍNAN**

*Fjölkerfa blástursofn sem er sérstaklega einfaldur í notkun og allri umgengni. Einnig fáanlegur með innbyggðum kjöthitamæli. Litir: Stál og hvítur*

BE5304401-M



**5 LÍNAN**

*Fjölkerfa blástursofn með hraðhitakerfi innbyggðum kjöthitamæli. Sérstaklega þægilegur í notkun og allri umgengni. Einnig fáanlegur með sjálfhreinsibúnaði. Litir: Stál, hvítur og svartur*

BS8314401-M



**8LÍNAN**

*Fjölkerfa blástursofn með innbyggðum kjötmæli, hjálparkokki með sjálfvirkum uppskriftum og sjálfhreinsikerfi. Einnig fáanlegur sem gufuofn. Litur: Stál*




### AÐ ELDA OG BAKA MEÐ AEG.

Þegar þú eldar með **AEG** máttu búast við framþróaðri tækni, flottri hönnun og fjölmörgum stillingarmöguleikum sem bjóða upp á svo margt, margt fleira.Ný glæsileg lína helluborða frá **AEG** býður upp á fullkomnustu tækni, hvort sem þú velur spansuðu- eða venjulegt hraðsuðuhelluborð eða fyrir gas, þá er úrvalið mikið og útfærslurnar fjölbreyttar

FYRIR HEIMILIN Í LANDINU

ORMSSON

LÁGMÚLA 8 · SÍMI 530 2800 · ormsson.is · OPIÐ VIRKA DAGA KL. 10-18 · LAUGARDAGA KL. 11-15

| | | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| **ORMSSON**<br>KEFLAVÍK<br>SÍMI 421 1535 | **ORMSSON**<br>ÞRISTUR-ÍSAFIRÐI<br>SÍMI 456 4751 | **KS**<br>SAUÐÁRKRÓKI<br>SÍMI 455 4500 | **SR · BYGG**<br>SIGLUFIRÐI<br>SÍMI 467 1559 | **ORMSSON**<br>AKUREYRI<br>SÍMI 461 5000 | **ORMSSON**<br>HÚSAVÍK<br>SÍMI 464 1515 | **ORMSSON**<br>VÍK-EGILSSTÖÐUM<br>SÍMI 471 2038 | **ORMSSON**<br>PAN-NESKAUPSTAÐ<br>SÍMI 477 1900 | **ORMSSON**<br>ÁRVIRKINN-SELFOSSI<br>SÍMI 480 1160 | **GEISLI**<br>VESTMANNAEYJUM<br>SÍMI 481 3333 |



nettó
Í JÓLASKAPI
KJÚKLINGABRINGUR
MIÐJARÐARHAFSMARINERING
-25%
2.099
ÁÐUR 2.798 KR/KG
KJÚKLINGABRINGUR
JÓLAAPPELSÍNUMARINERING
-25%
2.099
ÁÐUR 2.798 KR/KG
LAMBAHRYGGUR
1/2 KONÍAKSLEGINN
-30%
1.889
ÁÐUR 2.698 KR/KG
NAUTALUNDIR
ERLENDAR
3.789
FRÁBÆRT VERÐ!
LAMBAFILE
Í SÍTRÓNUSMJÖRI
-20%
3.198
ÁÐUR 3.998 KR/KG
Reyktur eða grafinn lax
GRÆNMETISBUFF
OKKAR 800 G
-42%
695
ÁÐUR 1.198 KR/PK
KENGURA
FILE
3.998
ÁÐUR 4.998 KR/KG
Opal Seafood
REYKTUR/GRAFINN
HEILT FLAK
-26%
2.885
ÁÐUR 3.898 KR/KG
RJÚPA
SKOTLAND 350- 400G
1.398
KR/STK
RJÚPUBRINGUR
4 STK
1.989
KR/PK
ms
10% AFSLÁTTUR
AF RJÓMAOSTUM
GULRÓFUR
FRÁBÆRT VERÐ!
-50%
149
ÁÐUR 298 KR/KG
www.netto.is
| Mjódd · Salavegur · Hverafold · Grandi · Akureyri · Höfn · Grindavík · Reykjanesbær · Borgarnes · Egilsstaðir · Selfoss |

# Heilnæmir skyndiréttir

bætið við vatni og njótið

THE FOOD DOCTOR

THE FOOD DOCTOR SKYNDIRÉTTIR
~~VERÐ ÁÐUR 349KR~~ **299KR/PK**




BULGUR & KÍNÓA M/ASPAS

BULGUR & KÍNÓA M/TÓMÖTUM

KÚSKÚS & LINSUR




**PROTEIN SHAKE**
SÚKKULAÐI/JARÐARBERJA
**395**
ÁÐUR 449 KR/STK




**CAFÉ PREMIUM**
PÚÐAR 36 STK
**498**
ÁÐUR 579 KR/PK




**EGLIS MIX**
2 L
**249**
ÁÐUR 319 KR/STK




**FLÓRIDANA VIRKNI**
GOJI 1 L
**359**
ÁÐUR 399 KR/STK




**SMÁDRAUMUR**
FREYJU 180 G
**269**
ÁÐUR 299 KR/PK




**MAXI POPP**
70 G
**149**
ÁÐUR 169 KR/STK

**MAXI POPP**
OSTA 90 G
**179**
ÁÐUR 199 KR/STK

**Tilboðin gilda 13.-16. nóv 2014**

Tilboðin gilda meðan birgðir endast. | Birt með fyrirvara um prentvillur og myndavíxl | Vöruúrval getur verið breytilegt milli verslana.



**LOFTÁRÁS Í SÝRLANDI** Sýrlenskur uppreisnarmaður í rykskýi eftir loftárás stjórnarhersins á borgina Aleppo. Tillaga Sameinuðu þjóðanna um friðarsamninga hefur fengið hljómgrunn meðal sýrlenskra stjórnvalda og vekur þar af leiðandi vonir um að lausn geti hugsanlega verið í sjónmáli. NORDICPHOTOS/AFP



**HÆSTI SANDKASTALI HEIMS Í BRASILÍU** Á ströndinni við Niteroi í Brasilíu hefur bandarískur maður, Rusty Croft að nafni, dundað sér við að reisa tólf metra háan sandkastala, þann hæsta í sögunni eftir því sem best er vitað.



**SKRÚÐGANGA Í NEW YORK** Konur í hermannabúningum tóku þátt í skrúðgöngu á degi fyrrverandi hermanna, sem haldinn er árlega í Bandaríkjunum til að heiðra þá sem þjónað hafa í hernum.



# ÁSTAND HEIMSINS



**BEÐIÐ EFTIR STRÆTÓ Í RÓM** Hljóðfæraleikari úr herhljómsveit og nunna bíða á strætisvagnastöð í Róm.



**SELUR ÍS Í AFGANISTAN** Hún Fatima, sem er ekki nema átta ára gömul, þrælar níu tíma á dag við að selja fólki ís á götum borgarinnar Herat og þarf stundum að ýta ísvagninum sínum yfir hindranir. Ekki hefur hún tíma til að ganga í skóla.



**LÖGREGLUÞJÓNN HANDSAMAÐUR Í MEXÍKÓ** Grímuklæddir kennarar gripu til sinna ráða þegar átök brutust út í Chilpancingo, höfuðstað Guerrero-ríkis í Mexíkó. Efnt hefur verið til mótmæla nánast daglega undanfarnar vikur vegna 43 námsmanna, sem rænt var úr skóla í lok september. FRÉTTABLAÐIÐ/AP



**MÓTMÆLI Í HONG KONG** Maður skoðar farsímann sinn þar sem hann situr í sófa í búðum mótmælenda í Hong Kong. Lögreglan býr sig nú undir að láta til skarar skríða gegn mótmælendum.

Skreytingameistarar Blómavals í 25 ár




# SKREYTINGAKVÖLD BLÓMAVALS SKÚTUVOGI

## 19. og 20. nóvember

**SKRÁNING ER HAFIN**

## Hin vinsælu jólaskreytingakvöld Blómavals í Skútuvogi og Akureyri

Skreytingameistarar Blómavals sýna það nýjasta og flottasta í jólaskreytingum og jólaskrauti.

**Gamla Sigtúnsliðið verður á staðnum sem gestaskreytarar.**



Aðgangur er ókeypis - takmarkað sætaframboð.

**Skráðu þig með því að senda tölvupóst á namskeid@blomaval.is eða í síma: 525 3000.**

**Miðvikudagurinn 19.nóvember / kl. 19:00-21:00**
Skreytingameistarar: Díana, Valgerður Guðjónsd og Jón Þ. Ólafss.
Gestaskreytarar: Hjördís Reykdal og Vigdís Hauksdóttir
Kynnar kvöldsins: Ásdís Ragnarsdóttir og Kristinn Einarsson

**Fimmtudagurinn 20.nóvember / kl. 19:00-21:00**
Skreytingameistarar: Díana, Elísabet Halldórsd. og Jón Þ. Ólafss.
Gestaskreytir: Hjördís Reykdal og Vigdís Hauksdóttir
Kynnir kvöldsins: Ásdís Ragnarsdóttir og Kristinn Einarsson

**Minnum einnig á skreytingakvöld Blómavals Akureyri 20. nóvember skráning hafin á namskeid@blomaval.is**













blómaval

Stjórnmálamenn eru ekki alltaf á beinni braut:

# Ráðherrar í klípu

Oft hafa ráðherrar glímt við vanda í starfi og sagan geymir mörg dæmi um slíkt. Staða Hönnu Birnu Kristjánsdóttur er erfið og erfiðari en þekkst hefur í langan tíma. Lekamálið hefur reynst henni erfitt og hún á eftir að vinna sér traust víða, fari svo að hún gefist ekki upp. Ráðherrar þurfa endilega að hafa brotið lög eða verið dæmdir sekir til að þeir verði að huga að stöðu sinni. Jafnvel segja af sér. Slíkt þekkist í öðrum löndum, en er fáttítt hér.

„[É]g vil nota tækifærið og hvetja eindregið kollega mína, fyrr og síðar, til þess að viðhafa svipuð vinnubrögð og ég hef gert og opinbera stjórnsýslu sína,“ sagði Guðmundur Árni Stefánsson þegar hann sagði af sér ráðherradómi fyrir réttum tuttugu árum. Hann hafði falið Ríkisendurskoðun að gera úttekt á störfum sínum. Ríkisendurskoðun gerði athugasemdir við nokkur verk ráðherrans. Guðmundur Árni sjálfur gerði ekki mikið úr þeim athugasemdum.



Sigurjón Magnús Egilsson
sme@frettabladid.is

Ríkisendurskoðun skoðar ekki embættisfærslur Hönnu Birnu. Hún er ekki grunuð um að hafa farið frjálslega með peninga eða gert vel við fólk eða félög á ríkisins kostnað. Nei, það er annað og kannski engu betra í hennar tilfelli. Hanna Birna bíður álits umboðsmanns Alþingis þar sem hann fjallar um embættisfærslur hennar og hvort hún hafi gengið of langt þegar hún fundaði með lögreglustjóra meðan ráðuneytið sætti opinberri rannsókn. Að hún hafi sem dómsmálaráðherra reynt að hafa, eða hafi haft, áhrif á rannsókn lekamálsins. Finni hann að verkum hennar, sem almennt er reiknað með miðað við það sem á undan er gengið, versnar staða hennar enn frekar og þá fýkur eflaust í flest skjól.

En hvers vegna sagði Guðmundur Árni af sér, ef hann sá fátt athugunarvert við niðurstöðu Ríkisendurskoðunar? Hann sagði að umfjöllun fjölmiðla og annarra um sig og störf sín, sem hefði sjaldnast byggst á málavöxtum heldur fyrst og síðast á endurtekningum, hefði augljóslega skaðað sig og haft skaðvænleg áhrif á störf sín í félagsmálaráðuneytinu. Með því að biðjast lausnar frá embætti félagsmálaráðherra sagðist Guðmundur Árni hafa brotið blað í íslenskri stjórnmálasögu. Hann hefði tekið ákvörðun um að láta minni hagsmuni víkja fyrir meiri og sagt af sér embætti án sakarefna og þrýstings eftir að hafa ráðfært sig við fjölmarga stuðningsmenn sína sem hefðu látið í ljós mjög misjafnar skoðanir á málinu.

Stöldrum við hér. Guðmundur Árni sagði af sér vegna þess að henn hefði ákveðið að láta minni hagsmuni víkja fyrir meiri og sagt af sér án sakarefna og þrýstings. Þetta er merkilegt þegar staða Hönnu Birnu er metin. Hvaða hagsmunir eru mestir? Hennar eða ráðuneytisins og þá þeirra mála sem þar er unnið að? Búið er að brjóta ráðuneyti hennar upp, ráðherrann hefur misst traust víða og jafnvel er nánast sama hvað hún gerir eða hvað hún segir. Allt tengist sjálfkrafa þeirri stöðu sem hún er í. Það er ómögulegt hlutskipti. Fyrir hana og ráðuneytið.

Svo er það íslenska hefðin. Hún er sú að ráðherra víkur ekki fyrr en í lengstu lög. Ef Hanna Birna vissi ekkert um lekann og ef umboðsmaður finnur ekkert, eða lítilræði, að embættisverkum hennar, hvað þá?

FRÉTTABLAÐIÐ

**ÚTGÁFUFÉLAG:** 365 miðlar ehf. **STJÓRNARFORMAÐUR:** Ingibjörg S. Pálmadóttir **FORSTJÓRI:** Sævar Freyr Þráinsson **ÚTGEFANDI OG AÐALRITSTJÓRI:** Kristín Þorsteinsdóttir *kristin@frettabladid.is* **FRÉTTASTJÓRI:** Sigurjón M. Egilsson *sme@frettabladid.is.* Fréttablaðið kemur út í 90.000 eintökum og er dreift ókeypis á heimili á höfuðborgarsvæðinu og Akureyri. Einnig er hægt að fá blaðið í völdum verslunum á landsbyggðinni. Fréttablaðið áskilur sér rétt til að birta allt efni blaðsins í stafrænu formi og í gagnabönkum án endurgjalds. ISSN 1670-3871




## FRÁ DEGI TIL DAGS

### Bjarni seinn til svara

Oddný Harðardóttir, fyrrverandi fjármálaráðherra, er ekki allskostar sátt við Bjarna Benediktsson, núverandi fjármálaráðherra. Oddný hefur kvartað ítrekað vegna þess hversu illa gengur að fá svör frá Bjarna. Oddný sagði á þingi: „Forseti sagði þá að ráðherra hefði fengið frest til 6. nóvember, sem var á fimmtudaginn, til að skila svari við þessari spurningu, sem var lögð fram 18. september.“ Bjarni sagði ráðuneytið vart ráða við að svara öllum fyrirspurnum: „Þar hefur orðið alveg ótrúlega mikil fjölgun á fyrirspurnum og reyndar ekki dæmi þess að ráðuneytin hafi svarað jafn mörgum fyrirspurnum og komið hefur verið til þingsins.“



### Bjart fram undan?

„Ég get ekki annað en áréttað það sem ég benti á áðan sem nokkrir ráðherrar hafi vakið athygli á; það sé farið að bera árangur hversu vel ríkisstjórnin hefur tekið á ríkisfjármálunum og því sé að skapast svigrúm til að bæta í á ákveðnum sviðum. Við lítum svo sannarlega á heilbrigðismálin sem eitt af þeim sviðum þar sem mestu máli skiptir að byggja upp,“ ítrekaði forsætisráðherra á þingi þegar hann átti orðastað við Katrínu Jakobsdóttur. Ráðherrann hikaði ekki við að tala um batnandi efnahag og óska þess að Katrín tæki þátt í þeirri umræðu sem fram undan er.



### Vitleysisupptalning

Það er grunnt á því góða milli Sigmundar Davíðs Gunnlaugssonar og Helga Hjörvar. Þegar þeir talast við úr ræðustól Alþingis fýkur í flest skjól. „Hvar eru 300 milljarðarnir? Hvar er heimsmetið? Hvar eru 20%? Hvar er afnám verðtryggingarinnar? Hvar eru aðgerðirnar fyrir 110%-fólkið? Hvar eru aðgerðirnar fyrir 31 þúsund leigjendur í landinu?“ spurði Helgi. Og Sigmundur svaraði: „Að háttvirtur þingmaður skuli mæta hér í dag og leyfa sér að halda áfram með vitleysisupptalningu sem hann hefur verið með hér undanfarna mánuði og hefur nú komið í ljós að er alröng að öllu leyti, er því með hreinum ólíkindum.“

sme@frettabladid.is

## HALLDÓR




# Oliver Twist-kúrinn

SAMFÉLAG



Kristinn Tryggvi Þorleifsson
faðir leikskólabarns í Reykjavík

Maturinn sem börn í leikskólum í Reykjavík fá uppfyllir ekki opinber manneldismarkmið.

Þetta hef ég sjálfur sannreynt með því að bera saman matseðla í leikskóla dóttur minnar og þau næringarviðmið sem finna má í Handbók fyrir leikskólaeldhús sem Lýðheilsustöð (nú Landlæknir) gefur út og matráðum leikskóla er ætlað að starfa eftir.

Þetta hafa embættismenn Reykjavíkurborgar líka staðfest í samskiptum sínum við foreldraráð leikskólans Sunnufoldar í Grafarvogi. Upphæð til kaupa á hráefni á að vera um 250 kr. á barn á dag!

Starfsfólk leikskólans Sunnufoldar hefur gert úttekt á þessu, en til þess að uppfylla manneldismarkmið þarf fjármagn til hráefnisinnkaupa að vera um 415 kr. á barn á dag.

Þennan mun þarf að brúa.

Þess vegna skýtur það skökku við, að í fjárhagsáætlun Reykjavíkurborgar sem var lögð fram í síðustu viku sé gert ráð fyrir 7,5% lækkun vegna hráefniskaupa í mötuneytum leikskóla. Ef þetta gengur eftir þá verður 36 milljónum kr. minna eytt í mat handa leikskólabörnum í Reykjavík á næsta ári.

Þessari lækkun verður náð fram með hagræðingu er sagt. Það er sjálfsagt að fara vel með opinbert fé, en af hverju mega ekki leikskólabörnin njóta góðs af hagræðingunni í betri mat?

**➜ Við getum ekki ákveðið það bara sisona að víkja frá opinberum manneldismarkmiðum, sérstaklega ekki þegar börn eiga í hlut.**

„Hvar vilt þú skera niður til að börnin fái að borða?“ gæti einhver spurt. Svarið er augljóslega: „Hvar sem er annars staðar.“ Við getum ekki ákveðið það bara sisona að víkja frá opinberum manneldismarkmiðum, sérstaklega ekki þegar börn eiga í hlut. Um þetta höfum við eiginlega ekkert val.

Foreldrar borga fyrir mat barnanna með leikskólagjöldum, sem samanstanda af námsgjaldi og fæðisgjaldi. Nú er lagt til að lækka námsgjald í leikskólum. Liggur þá ekki beint við að hækka fæðisgjaldið á móti þannig að við getum bætt matinn í leikskólanum? Eru borgarfulltrúar tilbúnir til þess að styðja þá hugmynd?

Það er kannski of djúpt í árinni tekið að segja sem svo að verið sé að innleiða „Oliver Twist-kúrinn“ í leikskólum í Reykjavík, en ef það væri hið yfirlýsta markmið þá mundi fjárhagsáætlun Reykjavíkurborgar fyrir árið 2015 teljast „skref í rétta átt“.

FRÉTTABLAÐIÐ Skaftahlíð 24, 105 Reykjavík **Sími:** 512 5000, *ritstjorn@frettabladid.is* **AÐSTOÐARFRÉTTASTJÓRI:** Andri Ólafsson *andri@frettabladid.is* **VIÐSKIPTI:** Fanney Birna Jónsdóttir *fanney@frettabladid.is* **HELGARBLAÐ:** Erla Björg Gunnarsdóttir *erla@frettabladid.is*
**MENNING:** Friðrika Benónýsdóttir *fridrikab@frettabladid.is* **VÍSIR:** Kolbeinn Tumi Daðason, *kolbeinntumi@365.is* **LJÓSMYNDIR:** Pjetur Sigurðsson *pjetur@frettabladid.is* **FRAMLEIÐSLUSTJÓRI:** Sæmundur Freyr Árnason *sfa@frettabladid.is* **ÚTLITSHÖNNUN:** Silja Ástþórsdóttir *siljaa@frettabladid.is*

# Skyr út, jógúrt inn: Það elska það allir

VIÐSKIPTI



Ólafur Stephensen
framkvæmdastjóri Félags atvinnurekenda

Mjólkursamsalan hefur náð glæsilegum árangri í útflutningi á íslenzka skyrinu. Fram kom í fjölmiðlum fyrr í vikunni að MS áformaði að selja um 100 milljón dósir af skyri á næsta ári, þar af meira en 80% erlendis. Sala á skyri erlendis hefur vaxið um 85% á þessu ári.

Í Morgunblaðinu var haft eftir Jóni Axel Péturssyni, framkvæmdastjóra sölu- og markaðssviðs MS, að tollar Evrópusambandsins hömluðu útflutningi á skyri frá Íslandi. ESB gefur út tollkvóta, þannig að fyrstu tæplega 400 tonnin sem flutt eru inn til ríkja sambandsins eru tollfrjáls, en eftir það leggjast á tollar. Áætlað er að skyrsala í Finnlandi einu og sér verði um 5.400 tonn á næsta ári.

Í öllum norrænu ríkjunum er gríðarleg eftirspurn eftir skyri. „Það elska það allir, ungir sem aldnir, hvar sem við setjum niður fót og kynnum það og seljum," segir Jón Axel í Morgunblaðinu.

Til að greiða fyrir útflutningnum hafa Samtök afurðastöðva í mjólkuriðnaði óskað eftir að fá allt að fimm þúsund tonna aukinn skyrkvóta í Evrópusambandinu, að því er Sigurður Ingi Jóhannsson landbúnaðarráðherra greindi frá á Alþingi 3. nóvember. Í febrúar á næsta ári eru áformaðar viðræður í Brussel, þar sem á að reyna að semja um aukna fríverzlun Íslands og ESB og krafan um aukinn skyrkvóta verður höfð uppi. Landssamtök sláturleyfishafa hafa líka farið fram á að tollfrjáls kvóti fyrir lambakjöt í ESB verði aukinn úr 1.850 tonnum í 4.000 tonn.

Landbúnaðarráðherrann sagði í þinginu að Ísland legði áherzlu á „algera gagnkvæmni í niðurfellingum tolla, þ.e. að vörur sem eiga að vera á núlltollum inn til Íslands verði einnig á núlltollum inn til Evrópu frá Íslandi." Væntanlega á hann ekki við að á móti innflutningskvóta fyrir skyr og lambakjöt í ESB rýmki Ísland til fyrir innflutningi sömu vara hingað; það myndi hvorki gagnast framleiðendum í ESB né neytendum á Íslandi.

**Jógúrtin er tolluð**

Hins vegar eru margar landbúnaðarvörur, framleiddar í ríkjum Evrópusambandsins, sem mikil eftirspurn er eftir hér á Íslandi, en innflutningur er torveldaður á með tollum. Ein slík vara er jógúrt, sem íslenzk stjórnvöld hafa hingað til aldrei tekið í mál að fella niður tolla á, vegna þess að jógúrtinnflutningur væri í beinni samkeppni við innlenda framleiðslu.

Slík rök halda að sjálfsögðu ekki þegar verið er að fara fram á mörg þúsund tonna tollkvóta fyrir stærsta framleiðanda jógúrtvara á Íslandi inn á ESB-markaðinn. Í ofanálag er kvótinn ætlaður vöru, sem er víðast hvar í beinni samkeppni við jógúrtvörur.

Tollurinn á kíló af jógúrt sem flutt er inn frá ESB-löndum er í dag 53 krónur. Það er ekki svakalegur tollur miðað við ýmislegt annað sem viðgengst í tollskránni, en auðvitað myndi neytendur muna um að hann félli niður. MS og aðrir innlendir jógúrtframleiðendur fengju aukna samkeppni, sem vandséð er að þeir gætu kvartað undan þegar þeir blanda sér sjálfir galvaskir í samkeppnina á ESB-markaði.

**➜ Bezt væri að það tækist að semja um mikla lækkun á tollum á íslenzka skyrinu og lambakjötinu, og á móti kæmi mikil lækkun á til dæmis jógúrt, ostum, pylsum og skinkum frá ESB.**

**Ekki bara framleiðendahagsmunir**

Það kom ekki sérstaklega á óvart að í áðurnefndum umræðum á Alþingi stillti landbúnaðarráðherrann málinu eingöngu upp sem hagsmunamáli innlendra framleiðenda af því að geta flutt meira út til ESB-ríkja. En auðvitað eru það líka hagsmunir íslenzkra neytenda og verzlunarinnar í landinu að tollar séu felldir niður á erlendum landbúnaðarvörum – vörum, sem er mikil eftirspurn eftir og allir elska og eru þar af leiðandi í samkeppni við innlenda framleiðslu.

Bezt væri að það tækist að semja um mikla lækkun á tollum á íslenzka skyrinu og lambakjötinu, og á móti kæmi mikil lækkun á til dæmis jógúrt, ostum, pylsum og skinkum frá ESB. Það væri niðurstaða sem allir ættu að geta elskað.

# Veldur hver á heldur – um stýrið

UMFERÐ



Sigrún A. Þorsteinsdóttir
sérfræðingur í forvörnum hjá VÍS

Samstarf Strætó og VÍS í forvörnum undanfarin fimm ár sýnir svo ekki verður um villst hversu mikil áhrif hægt er að hafa á tjóna- og slysatíðni fyrirtækja ef allir sem þar starfa leggjast á eitt. Góður árangur hefur náðst í gegnum árin og er markmiðið í ár að fækka tjónum um 30% og koma í veg fyrir slys á farþegum. Margur kynni að halda að það væri erfitt fyrir Strætó að ná þessum árangri í því krefjandi umhverfi sem fyrirtækið starfar í. En orsakir umferðarslysa og -tjóna má oftast rekja til ökumannsins sjálfs. Hann hefur mest áhrif á hvernig til tekst, hvernig ökulagið er, hvaða öryggisbúnaður er notaður og hvernig ökutækið er útbúið.

**Dekk og umferðaröryggi**

Góð dekk eru nauðsynleg með tilliti til öryggis, ekki síst á veturna. Könnun á ástandi dekkja á tjónabílum VÍS sem gerð hefur verið á veturna undanfarin þrjú ár sýnir að bílar sem lenda í tjóni eru á mun lakari dekkjum en aðrir bílar í umferðinni. Fjórði hver tjónabíll í könnununum þremur var á of slitnum dekkjum eða með mynstursdýpt undir 1,6 mm og 12% voru á sumardekkjum þótt hávetur væri. Í samanburðahópi voru 13% bíla á of slitnum dekkjum og 2% á sumardekkjum. Með breytingu á reglugerð er nú krafist að dýpt mynsturs í vetrardekkjum sé að lágmarki 3 mm frá 1. nóvember til 15. apríl.

**Bil á milli bíla**

Aftanákeyrslur eru mjög algengar en þar skiptir bil á milli bíla mestu. Bilið þarf að lengja á hálum vegi, lélegum dekkjum eða með auknum hraða. Það þarf að vera nógu langt til þess að hægt sé að bregðast við ef umferðin fyrir framan stöðvast skyndilega. Athygli ökumanns þarf jafnframt öll að beinast að umferðinni.

**Athygli ökumanns**

Margt glepur athygli ökumanns við akstur, þar á meðal síminn. Í síðustu könnun VÍS á símanotkun bílstjóra á höfuðborgarsvæðinu reyndust 7% vera með símann við eyrað undir stýri. Þá eru ótaldir þeir sem eru að skrifa skilaboð og vafra á netinu eða tala með handfrjálsum búnaði sem vissulega er leyfilegt en hefur samt áhrif á athygli ökumanns. Erlendar rannsóknir sýna að ökumaður sem er að tala í símann, sama með hvaða hætti, er fjórum sinnum líklegri til að lenda í slysi en sá sem ekki er í símanum. Ef þú ekur á 90 km hraða á klukkustund og lítur af veginum í 4-5 sekúndur þá jafngildir vegalengdin sem ekin er einum fótboltavelli. Mörgum finnst í lagi að beina allri sinni athygli reglulega að símanum en fæstir myndu þó loka augunum og aka blindandi í svona langan tíma. Umferðarslys taka stóran toll og kosta þjóðfélagið tugi milljarða á ári. Þannig þarf það ekki að vera og við getum öll haft áhrif á það.

TILBOÐ 10.-15. nóvember -aðeins þessa viku



SILVER sturtuhorn
bogadregið 90x90 cm
Tilboð 44.900 kr.
Verð áður 59.500 kr.



TRIN sturtubotn
ferkantaður 80x80 cm
Tilboð 37.900 kr.
Verð áður 47.500 kr.
ferkantaður 90x90 cm
Tilboð 39.900 kr.
Verð áður 49.500 kr.



MORA CERA sturtusett
með blöndunartækjum
Tilboð 49.900 kr.
Verð áður 64.900 kr.
mora



ONTEX sturtubotn
bogadreginn 90x90 cm
Tilboð 39.900 kr.
Verð áður 49.500 kr.
Ifö



SILVER sturtuhorn
ferkantað 80x80 cm
Tilboð 43.900 kr.
Verð áður 57.990 kr.
ferkantað 90x90 cm
Tilboð 44.900 kr.
Verð áður 59.500 kr.
Ifö

Gæði, þjónusta, ábyrgð - það er Tengi
Opið virka daga frá kl. 8-18 og laugardaga kl. 10-15
Smiðjuvegi 76 • Kópavogi • Sími 414 1000 • Baldursnesi 6 • Akureyri • Sími 414 1050 • www.tengi.is • tengi@tengi.is
TENGI

# Heilinn sjálfur breytist með neyslu kannabisefna

HEILBRIGÐISMÁL



Matthías Arngrímsson
flugstjóri og flugkennari

Tvær rannsóknir sem skoðuðu heilastarfsemi og langtíma afleiðingar kannabisneyslu birtust í virtum fagtímaritum í apríl á þessu ári. Er kannabis ávanabindandi? Er það öruggt? Skoðum niðurstöðurnar.

Í fyrri rannsókninni sem birtist í The Journal of Neuroscience notuðu höfundar segulómunartækni (e. Magnetic Resonance Imaging, MRI) til að skoða heila ungra kannabisneytenda sem reyktu sér til afþreyingar. Þeir skoðuðu sérstaklega þau svæði heilans sem tengjast fíkn. Fyrri rannsóknir hafa sýnt að önnur ávanabindandi lyf hafa áhrif á það svæði heilans sem hefur með tilfinningar og hvatir að gera, sérstaklega á möndlu (e. Nucleus amygdala) sem stjórnar og samhæfir tilfinningaáreiti og á aðlegukjarna (e. Nucleus accumbens) sem stjórnar ánægju og gleði, þar með talið hlátri. Við vitum líka að með því að setja kannabisefni í heila rottu verða breytingar í þeim heilasvæðum sem tengjast fíkn. Það er hins vegar stórt stökk frá því að setja kannabisefni í rottuheila og að þekkja áhrif kannabisreykinga á fólk.

Í þessari rannsókn sem meðal annars var unnin við Harvard-háskóla fengu rannsóknaraðilar til liðs við sig 40 manna hóp ungs fólks – 20 neytendur kannabis og 20 sem reykja ekki kannabis – til að sjá hvort fylgni sé milli rottuheila og heila mennta- og háskólanemenda. Það kom á daginn að heilar þeirra sem reyktu kannabis höfðu breyst að stærð, þéttleika og yfirborðslögun bæði í möndlungskjarna og aðlegukjarna.

Rannsóknaraðilar skrifuðu: „Þessar upplýsingar gefa til kynna að neysla marijúana tengist breytingum í fíknistöðvum heilans og tauganeti umbunarstöðvanna, einnig í ungu fólki sem neytir sér til afþreyingar.

### Efla þarf forvarnir

Þessi rannsókn og aðrar rannsóknir sem leiddu að þessari sýna svo ekki verður um villst að kannabisneysla veldur breytingum á heilanum sem líffæri og þær breytingar tengjast fíkn. Sömuleiðis kom í ljós að þessi áhrif sáust í ungu fólki sem var ekki háð efninu. Hvaða áhrif hefur þá aukin neysla kannabisefna á heilann?

Niðurstöður seinni rannsóknarinnar birtust í náttúrutímaritinu; Neuropsychopharmacology. Aftur var segulómun notuð til að fá svör við spurningunni um áhrif kannabisneyslu á heila mannsins miðað við heila rottu. Í þetta skiptið var mikil neysla reglulegra marijúananeytenda borin saman við litla neyslu þeirra sem reykja einstaka sinnum sér til afþreyingar til að athuga hvort breytingar heilans væru meiri eftir aukna neyslu. Skoðunin náði yfir svæðin sem tengjast fíkn en einnig var skoðuð heildarbreytingin í uppbyggingu heilans. Hvernig hefur marijúananeysla áhrif á heilann?

Rannsóknin leiddi í ljós að gráa efnið minnkaði í öllum þeim svæðum heilans sem hafa mikið af kannabisviðtökum. Randkerfi heilans er eitt af þessum svæðum en það stýrir hvatningu og tilfinningum.

Hér kemur svo mikilvægt atriði: magn breytinganna réðst af tveimur þáttum, i) mikilli neyslu og ii) því ef neysla hófst á unglingsárum. Gráa efnið í heila þeirra sem neyttu kannabis reglulega og mikið minnkaði, og sömuleiðis þeirra sem byrjuðu ungir að reykja efnið.

Nú skulum við skoða aftur spurningarnar tvær: Er marijúana/kannabis/gras/hass ávanabindandi? Já, og það verða greinilegar breytingar í umbunarkerfi heilans. Er marijúana öruggt? Nei, og því fyrr sem þú byrjar að reykja og þeim mun meira sem þú reykir með tímanum, því meiri og hættulegri verða breytingarnar á heilanum. Hvort sem þú heldur að marijúana í læknisfræðilegum tilgangi ætti að vera löglegt eða ekki, þá er kominn tími til að viðurkenna að þetta er öflugt og hættulegt eiturlyf sem breytir heilanum sem líffæri og gerir þig að fíkli með þeim fylgikvillum og erfiðleikum sem því fylgja.

Forvarnir í grunnskólum landsins hafa skilað miklu þegar áfengisneysla er annars vegar. Það er kominn tími til að efla forvarnir gegn kannabis því við verðum að verja börnin okkar.

**➜ Er marijúana öruggt? Nei, og því fyrr sem þú byrjar að reykja og þeim mun meira sem þú reykir með tímanum, því meiri og hættulegri verða breytingarnar á heilanum.**






# Hamingjan, hvar ert þú?

SAMFÉLAG



Úrsúla Jünemann
kennari, leiðsögumaður og náttúruvinur

Íslendingar telja sig vera meðal hamingjusömustu þjóða heimsins. Hvað er það sem gerir menn hamingjusama? Er hægt að mæla hamingju og þá hvernig? Margir hafa velt þessu fyrir sér. Margt kemur til greina sem getur veitt hamingju og margt einnig sem gæti spillt henni.

Hvað er það sem gerir menn hamingjusama? Það getur verið margt.

Snemma síðastliðið vor fékk ég mér kvöldgöngu í góðu veðri. Nýútsprungnu asparlaufin ilmuðu og fuglasöngur fyllti loftið. Litirnir í kvöldsólinni voru sterkir og allt var baðað í einhvers konar gullhjúp. Ég settist niður og naut þess að vera til, naut þess að enn einu sinni var allt að vakna til lífsins á þessari eyju í Norður-Atlantshafi eftir langan og erfiðan vetur. Þá fann ég að hamingjan var að hríslast um mig alla.

Eitt kvöld síðsumars sat ég úti á pallinum við litla húsið mitt í sveitinni og horfði á stórbrotna sýningu skýjanna. Ég hugsaði að „skýjaleikhúsið“ á Íslandi ætti sér varla sína líka og mér leið vel.

Í fallegri haustbirtu núna um daginn settist ég niður á sléttan stein og horfði á Esjuna. Sólin var komin lágt á loft, ljós og skuggi gáfu fjallinu ævintýralegan blæ. Þá fannst mér lífið vera gott.

Svo labbaði ég áfram um hverfi með stórum glæsilegum einbýlishúsum. Snyrtilegir garðar, stórir glæsijeppar ásamt fleiri bílum í innkeyrslunni. Skyldi hamingjan endilega búa á svona stöðum frekar en þar sem ég sat um stund og naut þess að vera til?

Býr hamingjan í stórum húsum með flottum og dýrum innréttingum?

Býr hamingjan í stórum og dýrum ökutækjum eða ofurstórum sumarhúsum á flottum stað með öllum græjum?

Er hamingjan fólgin í því að eltast við að líta vel út og fara eftir nýjustu tískustraumum?

Er hamingjan fólgin í því að öðlast frama og frægð?

Er það hamingja að geta farið reglulega og oft í utanlandsferðir?

Gerum við börnin okkar hamingjusöm með því að kaupa allt sem þau biðja um? Að gefa þeim dýrar jólagjafir? Gefum þeim fullt af dóti í skóinn fyrir jólin? Væri ekki betra að gefa þeim eitthvað af tímanum okkar sem við eyðum annars í að skaffa og þræla?

### Úr allt annarri átt?

Gæti verið að hamingjustundir komi úr allt annarri átt? Ég var hamingjusöm í morgun þegar kisan mín kúrði hjá mér um stund og malaði á meðan ég fékk mér kaffibolla í rúmið og hafði næði til að lesa blaðið því ég var í fríi. Síðastliðið haust fékk ég sæluhroll þegar ég hlustaði á Sinfóníuhljómsveit Íslands og Skálmöld í Hörpu. Ég fann hamingju um stund þegar ég fór að skoða garðinn minn í vor, fullan af ilmandi blómum.

Það er gott að eiga sér óskir og láta sig dreyma. En það er líka gott að vita að ekki rætist úr öllum draumunum. Ef við fengjum alltaf allt strax sem við óskuðum okkur þá yrði lífið ekki spennandi, við þurfum að hafa fyrir hlutunum.

En auðvitað er það erfitt að vera hamingjusamur þegar grunnþörfunum er ekki fullnægt: Fæði, klæðum, húsnæði, öryggi og félagslegum tengslum. Þjóðfélagið okkar þarf að vera vel á verði um að enginn hér á landi fari á mis við þessar grunnþarfir. Einkavæðing á grunnþjónustunni stefnir ekki í þessa átt.

Það voru umræður á mínum vinnustað um hvort hamingjan byggi í þykkara launaumslagi. Og einnig hvers vegna launakjör eru svo miklu lakari hjá þeim sem vinna uppeldis- og umönnunarstörf en hjá þeim sem „passa peningana“. Það er nú það, menn verða að fá mannsæmandi kaup fyrir vinnuframlagið sitt. Ef menn eru ósáttir við verðmætamat í samfélaginu, ef þeirra vinnuframlag er ekki metið eins og skyldi, þá verða menn bitrir og leiðir og reiðir. Þannig tilfinningar koma í veg fyrir að vera hamingjusamur.

Ennþá er græðgisvæðingin við lýði hér á landi og hver reynir að ota sínum tota. Ég vildi óska þess að við lifðum hér í samfélagi þar sem allir gætu gefið af sér eins og hver getur. Og allir gætu lifað í sátt og samlyndi við sjálfan sig og umhverfið.

**➜ Í fallegri haustbirtu núna um daginn settist ég niður á sléttan stein og horfði á Esjuna. Sólin var komin lágt á loft, ljós og skuggi gáfu fjallinu ævintýralegan blæ. Þá fannst mér lífið vera gott.**

# Plastpokar eru umhverfisvænstu umbúðirnar

UMHVERFISMÁL



Sigurður Oddsson
verkfræðingur

Þær fréttir bárust frá Sauðárkróki, að kjarnakonum þar í bæ hefði tekist að minnka notkun plastpoka og stefna nú á plastpokalausan bæ. Það væri gott, ef allir væru jafn meðvitaðir um verndun umhverfisins og konurnar á Króknum, en varast ber að trúa öllum fréttum frá útlöndum, sem heilögum sannleika. Það er rétt að umhverfinu stafar mikil ógn af plastdrasli, sem er reikult um allan sjó og brotnar ekki niður. Minnst af þessu plasti eru plastburðarpokar, eins og notaðir eru í matvöruverslunum á Íslandi t.d. hjá Skagfirðingabúð.

Á Íslandi eru kjörbúðarpokar sterkir og enda flestir undir heimilissorp, sem er urðað. Öðru máli gegnir á meginlandinu. Þar hafa burðarpokar stöðugt verið þynntir og hækkaðir í verði. Árangurinn er að þeir eru orðnir einnota, vegna þess að ódýrara er að kaupa ruslapoka fyrir heimilissorpið. Það eru þessir þunnu pokar, sem sjást fjúkandi út um allt áður en þeir lenda í sjónum. Sóðaskapurinn og mengunin er þeim mun meiri, sem sunnar dregur í álfuna. Líklega mest á Ítalíu, sem hrósar sér nú fyrir að hafa minnkað mikið notkun plastburðarpoka. Þeir sleppa hins vegar að geta þess að notkun ruslapoka hefur aukist í réttu hlutfalli við minni notkun burðarpoka. Söluaukning ruslapoka er 70%, sem er mikið meiri en minnkunin í notkun burðarpoka. Þannig hefur plastnotkun og aukin mengun úthafa aukist við minni notkun plastburðarpoka.

Plastburðarpokar eru lítill hluti plastumbúða eða um eða innan við 5% af heildarnotkun plastumbúða. Hvað á að koma í staðinn fyrir plastumbúðir hjá t.d. hjá Kjötafurðastöð KS, Mjólkurbúi KS, Fisk og Hólalaxi, sem eru á Króknum? Pappírspokar geta að einhverju leyti komið í stað burðarpoka, brauðapoka, en þá myndu vísitölubrauðin hækka í verði og þar með verðtryggðu lánin. Hvernig verður geymsluþol kjöts, osts og fisks án plasts? Það að útrýma plastinu er jafn óraunhæft og kosningaloforðið „fíkniefnalaust Ísland“ var á sínum tíma.

### Heilbrigð skynsemi

Konurnar í Skagafirði get ég glatt með því að plastið er jafn mikil guðs blessun og fíkniefnin eru mikil bölvun djöfulsins. Það er nefnilega þannig að plastefni verða til sem hliðarafurð við framleiðslu eldsneytis úr hráolíu. Það er efni, sem þyrfti að eyða væri það ekki nýtt í plastefni. Plastefnið er þrjú prósent af hráolíunni og var áður sóað með brennslu í olíuhreinsunarstöðvum. Það er heilbrigð skynsemi og umhverfisvænt að nýta þetta efni í stað þess að eyða því, þó svo að það brenni án mengunar.

Tré binda gróðurhúsaloftegundir úr andrúmsloftinu. Til framleiðslu pappírs þarf að fella tré, sem ekki er umhverfisvænt. Endurvinnsla pappírs hefur í för með sér meiri mengun. Fyrir löngu síðan framleiddi ég plastpoka og ætlaði að bæta við vöruúrvalið pokum úr endurunnum pappír. Í Skotlandi skoðaði ég verksmiðju sem endurvann pappír og framleiddi pappírspoka. Eftir þá ferð hryllir mig við í hvert skipti, sem ég sé brúnan pappírsburðarpoka, sem komust í tísku út á að vera endurunnir og umhverfisvænir. Í stuttu máli fór endurvinnslan í Skotlandi þannig fram að vörubílar sturtuðu pappír í stóra þró, vökva var bætt við og svo hrært í öllu saman þar til úr varð drulla. Síðan var vökvinn skilinn frá svo eftir varð þykkt deig, sem pappírinn var unninn úr. Vökvinn úr drullunni með eiturefnunum, eins og t.d. vítissóda, hefur væntanlega verið hreinsaður áður en hann rann til sjávar?

Endurvinnsla plasts er einfaldari og fer að mestu leyti fram í sömu vélum og plastið var framleitt í án mengunar. Plast sem ekki er endurunnið er vinsælt meðefni í sorpbrennslustöðvum, því það brennur við svo hátt hitastig. Þá er minni mengun við brunann. Hugsanlega hefði ekki þurft að loka sumum sorpbrennslustöðvunum hefðu þær fengið nægilegt magn af heyrúlluplasti og veiðarfærum til blöndunar í heimilissorpið?

Verðugt verkefni umhverfissinna til verndunar umhverfinu væri að skipta út mjólkurumbúðum úr pappa fyrir umhverfisvænni umbúðir úr plasti, t.d. flöskur eða enn umhverfisvænni plastpoka.

**➜ Á Íslandi eru kjörbúðarpokar sterkir og enda flestir undir heimilissorp, sem er urðað. Öðru máli gegnir á meginlandinu. Þar hafa burðarpokar stöðugt verið þynntir og hækkaðir í verði. Árangurinn er að þeir eru orðnir einnota, vegna þess að ódýrara er að kaupa ruslapoka fyrir heimilissorpið.**

# ÓTRÚLEGT VERÐ

*… á vinsælu Bed Head hárvörunum sem tryggja þinn persónulega stíl. Ný sending er komin í Iceland.*






**5598** kr. pk.
BED HEAD TVENNUPAKKAR
Í MIKLU ÚRVALI

**5998** kr. pk.
CATWALK TVENNUPAKKI
FRÁ TIGI

**5998** kr. pk.
CATWALK TVENNUPAKKI
FRÁ TIGI

| | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|
| 248 kr. Colgate tannburstar, 5 í pakka | 298 kr. Tea tree snyrtivörur | 298 kr. Colgate tannkrem | 298 kr. Adidas sturtusápa, 2 gerðir | 398 kr. Oral-B tannkrem, 2 gerðir | 698 kr. Head & shoulders sjampó |
| 398 kr. Argan Oil andlitsþurrkur með Moroccan Oil | 398 kr. Argan Oil nætur-serum með Moroccan Oil | 398 kr. Argan Oil hármaski með Moroccan Oil | 398 kr. Argan Oil hand- og sturtusápa með Moroccan Oil | 398 kr. Argan Oil hárnæring með Moroccan Oil | 398 kr. Argan Oil sjampó með Moroccan Oil |

Úrval er breytilegt eftir verslunum. Allar vörurnar fást í Iceland, Engihjalla.

OPIÐ 24 TÍMA

OPIÐ ALLAN SÓLARHRINGINN
ICELAND, ENGIHJALLA,
VESTURBERGI OG ARNARBAKKA

Iceland

Verð birt með fyrirvara um prentvillur. Gildir á meðan birgðir endast.

PIPAR\TBWA • SÍA • 143860

# Ábendingar og tillögur í ferðaþjónustu í kjölfar ferðalags

FERÐAÞJÓNUSTA



**Hákon Þór Sindrason**
rekstrarhagfræðingur og framkvæmda-stjóri NETSINS / Visitor's Guide

Höfundur skrifaði grein fyrr á árinu um styrkleika, auðlindir og markaðsbreytur Íslands, sjá m.a. á netid.is (einnig lengri útgáfu þessarar greinar). Þær markaðsbreytur skilgreindi höfundur einkum sem náttúruna, hreinleikann, afþreyingu og gæði veitingastaða. Samfara dreifingu ferðabókar okkar, Visitor's guide, og skrifum um veitingastaði fyrir Veitingastadir.is vefsíður og samfélagsmiðla, ferðaðist höfundur mjög mikið um landið í sumar.

**➜ Þannig hefur verð á veitingastöðum, afþreyingu o.fl. hækkað hérlendis um ein 4-5% á ári síðustu ár. Laun ferðamanna í sínu landi hafa hins vegar hækkað árlega um mun lægri tölu!**

### Um verðlag

Verðlag hefur víða hækkað talsvert til að mynda eru fiskréttir farnir að slaga í eða yfir 4 þúsund krónur. Tveggja manna herbergi á hóteli er yfirleitt á kr. 22-30 þús. Ein af ákveðnum ranghugmyndum margra er að Ísland sé ódýrt heim að sækja. Raunin er sú sbr. samtöl mín (og kannanir) við marga ferðamenn að þeim finnst það almennt dýrt, helst með undantekningu Norðmanna og Svisslendinga þar sem laun eru mjög há og gjaldmiðill sterkur, auk þeirra sem koma frá dýrum stórborgum. Fyrst eftir hrun var ódýrara hérlendis en verðbólga er mun hærri hér á landi en almennt í löndum OECD. Þannig hefur verð á veitingastöðum, afþreyingu o.fl. hækkað hérlendis um ein 4-5% á ári síðustu ár. Laun ferðamanna í sínu landi hafa hins vegar hækkað árlega um mun lægri tölu!

### Vinnuafl

Erlent vinnuafl er orðið æ algengara, sem er reyndar alþjóðleg þróun einkum á hótelum og oft í miklum meirihluta starfsmanna. Almennt var ekki að sjá og heyra annað en að það stæði sig vel, þó víða væri eðlilega íslensku- eða enskukunnáttu talsvert ábótavant. Sbr. fyrri grein er merkilegt og dýrt fyrir þjóðarbúið hve mikið þarf að flytja inn af vinnuafli meðan fjöldi ungs fólks, einkum á höfuðborgarsvæðinu á aldrinum 20-35 ára, er atvinnulaust (sbr. Y-krúttkynslóðin, 20-30 ára).

### Eftirlit svo sem skatturinn

Ríkisskattstjóri hefur farið af stað með mikið átak í að heimsækja fyrirtæki í eftirlitsskyni, m.a. í ferðaþjónustu. Skattskil fyrirtækja, leyfismál og kennitölur starfsmanna hafa verið skoðaðar til að kanna staðgreiðsluskil o.fl. Talsverður misbrestur hefur verið víða. Of mörg fyrirtæki komast upp með að fara ekki eftir leikreglum og skekkja þannig samkeppnisstöðu vel rekinna fyrirtækja. Þetta er einn af stærri veikleikum íslensks atvinnulífs, ekki síst ferðaþjónustu. Þetta þekkir okkar fyrirtæki af eigin raun, þar sem aðilar hafa komist upp með kennitöluskipti, ósannar upplagstölur, hátt í 200 milljóna króna nauðasamninga / afskriftir, brot á samkeppnislögum o.fl. Sumir þessara aðila njóta svo jafnvel góðvildar handhafa almannafjár svo sem stofnana ríkis og bæjar. Þessu verða gerð betri skil síðar ef tími gefst. Við hjá Netinu höfum unnið ítarlega greinargerð til Samkeppniseftirlitsins um verstu brotin, sem verður væntanlega skoðað þegar sú fremur fjársvelta eftirlitsstofnun hefur tíma og mannskap til.

### Fjöldi ferðamanna og spár

Heildarfjöldi ferðmanna var 914 þúsund á síðasta ári sé allt talið. Greiningardeildir tveggja banka spáðu því að fjöldinn næði ekki einni milljón fyrr en árið 2015, þar taka þeir reyndar töluna án farþega skemmtiferðaskipa, Norrænu o.fl. sem eru vel yfir 100 þúsund. Við spáðum því í vor að fjöldinn færi vel yfir 1 milljón á árinu 2014 og að slíkt ætti sér stað fyrir utan farþega skemmtiferðaskipa. Um miðjan nóvember munum við setja fram spá vegna ársins 2015. Til samanburðar má geta að heildarfjöldi ferðamanna árið 2013 til Ísraels var 2,9 milljónir, London 16 milljónir og Danmerkur um 8 milljónir (2012).

Framtíð íslenskrar ferðaþjónustu er ágætlega björt enda Ísland mikið „inni" núna og er eldgosið í Holuhrauni og eldsumbrotin í Vatnajökli landkynning að verðmæti hundraða milljóna. Fagmennska og langtímastefnumótun mætti þó vera meiri á mörgum sviðum. Við höfum lengi varað við offjárfestingu sem er í greininni, einkum í gistirými. Hótelrými og gistirými er alltaf að aukast þar sem ákveðin sprenging virðist verða árið 2016. Flugfélögum, ferðatíðni, fjölda áfangastaða o.fl. fjölgar frá ári til árs sem er burðarásinn í fjölgun ferðamanna.






# Sendum ráðamönnum tóninn

KJARAMÁL



**Silja Traustadóttir**
foreldri

**DAGUR 1.** „Af hverju fer systir mín í fiðlutíma en ég fæ ekki að fara í píanó?" spurði 8 ára sonur minn daginn sem verkfall tónlistarkennara hófst.

„Af því að fiðlukennarinn hennar spilar í Sinfóníunni og er í öðru stéttarfélagi," svaraði ég.

„Fær hann góð laun?"

„Nei, þau duga ekki til, svo hann kennir í tónlistarskólanum í aukastarfi."

**DAGUR 2.** „Kom eitthvað í fréttum um verkfallið í dag?" spurði stráksi.

„Nei, en það var mikið fjallað um verkfall lækna, þeir ætla víst allir að flytja úr landi til þess að fá betri laun."

„En píanókennarinn minn, hann er menntaður í útlöndum, flytur hann kannski líka?"

„Vonandi ekki, nema það vanti píanókennara til að kenna öllum brottfluttu læknabörnunum."

**DAGUR 7.** „Mér finnst að tónlistarkennarar eigi að fá góð laun, heimtuðu þeir kannski of mikið?"

„Þeir báðu um sama og aðrir kennarar en þorðu ekkert að minnast á laun fólks sem passar peninga, stýrir tölvum eða þvaðrar um lausasölu áfengis á Alþingi."

**DAGUR 10.** „Fá tónlistarkennararnir engin laun núna?"

„Nei, venjulegt fólk fær engin laun þegar það vinnur ekki, nema aðstoðarmaður innanríkisráðherra sem heldur sínum 893 þúsundum á meðan mál hans er fyrir dómstólum."

„En eru ekki störf aðstoðarmanns ráðherra og tónlistarkennara ólík?"

„Tja, báðir undirbúa einn einstakling í einu fyrir að koma opinberlega fram án þess að verða sér til mikillar skammar."

**DAGUR 11.** „Vorum við kannski ekki búin að borga okkar hlut í tónlistarnáminu?"

„Jú, ég borgaði 214.839 kr. fyrir ykkur systkinin með glöðu geði. Við fáum hins vegar ekki mikið fyrir þær meðan á verkfalli stendur."

**DAGUR 14.** „Kom eitthvað í fréttunum um mótmæli okkar tónlistarnemenda við Ráðhúsið í dag og áskorunina til borgarstjóra sem lúðrasveitarstrákurinn úr Árbænum las upp?"

„Nei, en skúringakonurnar í stjórnarráðinu voru reknar, þær voru víst á allt of háum launum."

„Flytja þær þá líka úr landi?"

„Jaa, það þarf líklega mannskap í að halda öllum þessum fínu spítölum í útlöndum hreinum og maður getur víst skúrað á hvaða tungumáli sem er."

**DAGUR 16.** „Af hverju heyrist næstum ekkert um þetta verkfall í fréttunum?"

„Af því að þið eruð enginn þrýstihópur; þið eigið engan kvóta og hafið ekki aldur til þess að kjósa Framsóknarflokkinn."

**DAGUR 18.** „Hefur menntamálaráðherra ekki áhuga á tónlist og getur beitt sér?"

„Hann er flinkur píanóleikari og var lengi í tónlistarnámi, en hann er svo óskaplega upptekinn af því að skerða nám í framhaldsskólum að það er ekki meira á hann leggjandi."

**DAGUR 19.** „Getum við gert eitthvað í þessu?"

„Það er búið að semja við öll hin kennarafélögin fyrir löngu svo aldrei hefði þurft að koma til verkfalls. Sveitarfélögin halda kannski að þau spari upp í væntanlega hækkun með verkfalli en nemendur og foreldrar eru illa sviknir. Fjölmiðlar standa sig hvorki í því að veita upplýsingar né spyrja gagnrýninna spurninga. Margar greinar um hvað tónlistin er mikilvæg og mannbætandi hafa birst, kennarar og nemendur hafa mótmælt. Það er fátt eftir, nema að senda ráðamönnum tóninn."

# Hugleiðingar um fósturskimun í lýðræðissamfélagi

SAMFÉLAG



**Þórdís Ingadóttir**
lögfræðingur



**Snorri Þorgeir Ingvarsson**
eðlisfræðingur

Í hverju samfélagi vakna áleitnar siðfræðilegar spurningar. Hér á landi hafa álitaefni eins og staðgöngumæður, stofnfrumurannsóknir og tæknifrjóvganir verið í umræðunni á síðari ár. Örar framfarir læknavísinda og tækni hafa knúið umræðuna og krafist afstöðu yfirvalda. Stjórnvöld hafa eftir megni reynt að nálgast þessi knýjandi álitaefni á lýðræðislegan hátt og ákvarðanir hafa verið teknar í kjölfar upplýstrar og opinberrar umræðu.

Í síðustu viku voru kynnt á Alþingi svör við fyrirspurn þingmanns um fósturskimum eftir vísbendingum um aukalitning á 21. litningapari, þ.e. Downs-heilkenni. Niðurstaðan var sú að á tímabilinu 2007-2012 voru 38 fóstur greind með auknar líkur á þessum aukalitningi og það sem meira er, öllum þessum fóstrum var eytt. Eins og fleiri, þá setti undirrituð hljóð við þessa niðurstöðu. Hvernig á að túlka þessa niðurstöðu? Er hér á landi opinber hreinsunarstefna ákveðins hóps einstaklinga, stefna sem Íslendingum hefur tekist að innleiða með þeim afburðaárangri að eftir því ætti að vera tekið? Eða hefur eitthvað farið skelfilega úrskeiðis við innleiðingu læknavísinda, sem krefst tafarlausrar skoðunar?

### Engin opinber umræða?

Við leyfum okkur að halda fram því síðarnefnda. Ólíkt mörgum siðfræðilegum álitaefnum, þá virðist ekki hafa farið fram nein opinber umræða um upptöku, innleiðingu og framkvæmd framangreindrar fósturskimunar á sínum tíma? Ekki er ljóst hver hafði, eða hefur, ákvörðunarvald um upptöku og innleiðingu þessarar sértæku fósturskimunar og við hverja var haft samráð í því ákvörðunarferli. Hver voru upphafleg markmið þessarar sértæku fósturskimunar og bendir reynslan til þess að þeim hafi verið náð? Einnig er eðlilegt að spyrja um hversu vandað ferlið er, um samþykki þátttakenda, hvert sé inntak ráðgjafar til verðandi foreldra og hverjir komi að slíkri ráðgjöf, og síðast en ekki síst, hver sé vísindalegur áreiðanleiki skimunarinnar hér á landi?

Nú þegar afleiðing fósturskimunar eftir aukalitningi á 21. litningapari er kunn þá hljóta yfirvöld að finna sig knúin til að skoða og taka afstöðu til þeirra siðfræðilegu álitaefna sem hún óneitanlega hefur í för með sér. Framkvæmd sem hefur jafn afdrifaríkar afleiðingar hlýtur að kalla á aðkomu stjórnvalda. Málið verður einnig að skoða í stærra samhengi, m.a. í ljósi framfara í læknis- og lífvísindum. Ætti til dæmis að innleiða sértæka fósturskimun í tilfellum eldri feðra, í ljósi nýlegra niðurstaðna sem sýna fram á fylgni við geðhvörf, athyglisbrest og einhverfu, eða er slík framkvæmd jafnvel þegar hafin? Vísindalegar framfarir eru af hinu góða, en eins og öðru þá má misbeita þeim, hvort sem er viljandi eða óviljandi. Það verður að meta árangur þeirra í siðfræðilegu samhengi og með það í huga í hvers konar þjóðfélagi við viljum búa í.

Valdi fylgir ábyrgð, bæði vísindalegu og pólitísku. Gera verður þá kröfu að beiting valds með jafn afdrifaríkum afleiðingum og hér um ræðir sé í samræmi við grunngildi lýðræðissamfélaga, byggi á faglegri og gegnsærri umræðu og afstöðu.

*Höfundar eru vísindamenn og foreldrar hraustrar og hamingjusamrar 5 ára stúlku, sem er með Downs-heilkenni.*

# Vegurinn til glötunar

STJÓRNMÁL



**Birgir Dýrfjörð**
kjósandi í Reykjavík

Leiðarvísar við þjóðvegi eru oft kallaðir vegprestar. Þeir vísa veginn. Þegar mikill munur þykir á orðum og gjörðum ýmiss konar predikara er þeim því oft líkt við vegpresta, og þá með þeirri skýringu að þeir vísa veginn en fara hann ekki sjálfir. Þykir þá sannast, sem sagt er, að vegurinn til glötunar er varðaður fögrum fyrirheitum.

Mér komu þau orð í huga þegar ég las í 3. grein í siðareglum Alþjóðasambands jafnaðarmanna, sem samþykktar voru á 22. þingi þess í Sao Paulo, þar sem segir um samstarf við aðrar stjórnmálahreyfingar: „að samþykkja ekki neins konar pólitískt bandalag eða samvinnu, á hvaða stigi sem er, við hvern þann stjórnmálaflokk sem hvetur til eða reynir að kynda undir þjóðernis- eða kynþáttahatri".

Hér er afdráttarlaust kveðið að orði, ekkert bandalag eða samvinnu „á hvaða stigi sem er".

### Í borgarstjórn

Fólk, sem með einum eða öðrum hætti aðhyllist hugmyndir jafnaðarstefnunnar um mannréttindi má því vera ánægt með staðfestu þeirra borgarfulltrúa, sem ákváðu að hafa enga samvinnu við Framsóknarflokkinn, meðan hann gerir ekki hreint fyrir sínum dyrum vegna þjóðernis- og kynþáttahyggju frambjóðenda hans fyrir síðustu kosningar til borgarstjórnar.

Flest fullorðið fólk veit að auðveldara er að gefa fögur fyrirheit en halda þau, og stundum kostar að vera maður orða sinna. Því miður er sú greiðsla þó ekki alltaf öllum laus í hendi. Það er því fagnaðarefni að í borgarstjórn Reykjavíkur er fólk, sem reyndist borgunarmenn fyrir orðum jafnaðarmanna.

Sem kjósandi í Reykjavík og fulltrúi í flokksstjórn Samfylkingarinnar finnst mér skylt að þakka því fólki.

# Stjórnin ekki staðið við stóru orðin

FJÁRMÁL



Björgvin Guðmundsson
viðskiptafræðingur

Ríkisstjórn Framsóknarflokks og Sjálfstæðisflokks hefur nú verið við völd í nokkuð á annað ár. Stjórnarflokkarnir gáfu stór kosningaloforð í kosningabaráttunni vorið 2013. Framsókn lofaði að færa niður fasteignalán almennings um 2-300 milljarða og ná í því skyni peningum af þrotabúum föllnu bankanna. Stjórnarflokkarnir báðir lofuðu skattalækkunum, m.a. lækkun á sköttum atvinnulífsins svo sem á tryggingagjaldinu. Og báðir flokkarnir lofuðu að leiðrétta að fullu kjaragliðnun þá, sem aldraðir og öryrkjar urðu fyrir á krepputímanum. Og þeir lofuðu einnig að afturkalla að fullu kjaraskerðingu þá, sem lífeyrisþegar urðu fyrir 1. júlí 2009. Og þannig mætti áfram telja. Loforðin voru fleiri.

**Lítil lækkun fyrirtækjaskatta**

Hvernig hefur tekist til? Hvernig hefur ríkisstjórninni tekist að standa við stóru orðin? Henni hefur tekist það illa. Stóra kosningaloforðið um hundraða milljarða lækkun fasteignalána skrapp saman og verður að tæpum 80 milljörðum kr. Þeir fjármunir verða ekki teknir af þrotabúum bankanna heldur af skattgreiðendum! Eða m.ö.o. þeir verða færðir úr einum vasa í annan. Almennir skattar atvinnulífsins hafa lítið lækkað enn. Tryggingagjaldið var lækkað um 0,1% fyrir ári. Það var svo lítil lækkun, að hún fannst varla. En að vísu var veiðigjaldið lækkað. Í stað þess að lækka tryggingagjaldið myndarlega en það hefði komið öllum fyrirtækjum til góða var ráðist í verulega lækkun veiðigjalds, sem gagnaðist auðugum útgerðarfyrirtækjum. Einkennileg forgangsröðun það.

**Ekki staðið við loforð**

Ríkisstjórnin hefur ekki staðið við stóru kosningaloforðin, sem stjórnarflokkarnir gáfu öldruðum og öryrkjum. Loforðið um leiðréttingu á kjaragliðnun krepputímans hefur ekki verið efnt. Hækka þarf lífeyri aldraðra og öryrkja um a.m.k. 20% til þess að framkvæma umrædda leiðréttingu. Það mundi hækka lífeyri einhleypra ellilífeyrisþega, sem einungis hafa tekjur frá almannatryggingum, um tæpar 44 þús. kr. á mánuði fyrir skatt. Kostnaður við þessa leiðréttingu hjá öldruðum og öryrkjum er um 17 milljarðar króna. Stjórnarflokkarnir lofuðu að færa þessa fjármuni til lífeyrisþega, ef þeir næðu völdum. Því miður bendir allt til þess, að þeir ætli að svíkja þetta loforð. Varðandi afturköllun kjaraskerðingarinnar frá 1. júlí 2009 er það að segja, að einungis hluti hennar hefur verið afturkallaður, þ.e. frítekjumark vegna atvinnutekna aldraðra hefur verið leiðrétt svo og útreikningur á grunnlífeyri lífeyrisþega. Hætt hefur verið að reikna greiðslur úr lífeyrissjóði með tekjum við útreikning á grunnlífeyri. Þriðja skerðingin, aukin skerðing tekjutryggingar, rann út af sjálfu sér um sl. áramót, þar eð lögin þar um giltu ekki lengur. Þrjár aðrar skerðingar frá 2009 eru óleiðréttar svo og leiðrétting vegna kjaragliðnunarinnar.

**Stjórnin tók við góðu búi**

Talsmenn ríkisstjórnarinnar hafa undanfarið státað af því, að flestir hagvísar séu orðnir mjög hagstæðir og hafa þeir gefið til kynna, að þetta væri núverandi ríkisstjórn að þakka. Sannleikurinn er hins vegar sá, að fyrri ríkisstjórn, þ.e. stjórn Jóhönnu Sigurðardóttur, tókst mjög vel að skapa hagvöxt, draga úr verðbólgu og atvinnuleysi o.fl., þannig að núverandi stjórn tók við góðu búi. Þegar árið 2011 var orðinn myndarlegur hagvöxtur hér eða 2,7%. Var það mun meiri hagvöxtur en í flestum öðrum löndum V-Evrópu nema í Noregi. Árið 2012 var hagvöxtur 1,5% og árið 2013 var hagvöxtur 3,3%. Verðbólgan var 18,6%, þegar ríkisstjórn Jóhönnu tók við en var komin í 3,4% þegar stjórnin fór frá. Ríkissjóðshallinn var yfir 200 milljarðar í ársbyrjun 2009 en var kominn niður í einn milljarð 2013. Vöruskiptajöfnuðurinn var óhagstæður í ársbyrjun 2009 en varð snemma hagstæður á valdatímabili Jóhönnu. Þótt gengisfall krónunnar í kjölfar bankahrunsins hafi komið illa við almenning hjálpaði gengisfallið útflutningsatvinnuvegunum og ferðaiðnaðinum. Góðar makrílveiðar hjálpuðu einnig upp á þjóðarbúskapinn.

**Ójöfnuður eykst**

Enn sem komið er hefur núverandi ríkisstjórn valdið mörgum vonbrigðum. Hún hefur ekki staðið undir væntingum. Því miður hefur stjórnin aukið nokkuð ójöfnuð í þjóðfélaginu á ný.

Breytingar þær, sem ríkisstjórnin gerði á skattkerfinu, juku ójöfnuð. Veiðigjöld útgerðarinnar voru lækkuð en gróði hefur verið í hæstu hæðum hjá útgerðinni sl. tvö ár. Auðlegðarskattur felldur niður. En skattar voru ekki lækkaðir á þeim lægst launuðu.

**➜ Ríkisstjórnin hefur ekki staðið við stóru kosningaloforðin, sem stjórnarflokkarnir gáfu öldruðum og öryrkjum. Loforðið um leiðréttingu á kjaragliðnun krepputímans hefur ekki verið efnt. Hækka þarf lífeyri aldraðra og öryrkja um a.m.k. 20% til þess að framkvæma umrædda leiðréttingu.**

LÖGFRÆÐIAÐSTOÐ
ORATORS
- félag laganema við Háskóla Ísland

Endurgjaldslaus lögfræðiaðstoð fimmtudaga milli 19:30 – 22:00 í síma 551-1012.



## MERKISATBURÐIR



**1742** Konunglega danska vísindafélagið er stofnað.

**1939** Þýska flutningaskipinu Parana er sökkt út af Patreksfirði og áhöfnin tekin til fanga af bresku herskipi.

**1946** Flugvöllur er tekinn formlega í notkun í Vestmannaeyjum.

**1973** Alþingi samþykkir formlega samning við Bretland um lausn landhelgisdeilunnar vegna útfærslu íslensku landhelginnar í 50 mílur.

**1994 Svíar kjósa að ganga í ESB í þjóðaratkvæðagreiðslu.**

**2004** Lög eru sett á verkfall grunnskólakennara sem staðið hefur í tvo mánuði.

**2013** Nýr turn á lóð Tvíburaturnanna í New York er vígður með viðhöfn, 72 hæðir og 297,7 metrar á hæð.



**VIÐ AFHENDINGUNA** Lára Gunnarsdóttir verðlaunahafi, Almar Guðmundsson, framkvæmdastjóri Samtaka iðnaðarins, Ólöf Erla Bjarnadóttir leirlistamaður sem hlaut viðurkenningu fyrir Möttulkviku, kökudisk á fæti, og Sunneva Hafsteinsdóttir, framkvæmdastjóri Handverks og hönnunar.

# Nostrað við hvern hlut

Handgerðir smáfuglar úr birki skiluðu Láru Gunnarsdóttur Skúlaverðlaununum 2014 á sýningunni Handverk og hönnun sem haldin var í Ráðhúsi Reykjavíkur um síðustu helgi.

„Ég vinn eingöngu úr íslensku birki sem ég kaupi hjá Skógræktinni. Það hefur verið minn efniviður í tuttugu ár,“ segir Hólmarinn Lára Gunnarsdóttir, sem hlaut Skúlaverðlaunin á nýafstaðinni sýningu Handverks og hönnunar. Þau eru kennd við Skúla Magnússon fógeta sem var frumkvöðull smáiðnaðar í Reykjavík.

„Handverksvinna mín hófst eiginlega um leið og verkefnið Handverk og hönnun var sett á laggirnar fyrir tuttugu árum og fór að auglýsa samkeppnir og sýningar. Þá hætti ég í myndsköpun sem ég hafði verið í fram að því,“ lýsir Lára sem lauk námi frá grafíkdeild Myndlista-og handíðaskólans „í gamla daga“, eins og hún orðar það. „Í mörg ár vann ég með grafík, teikningu, vatnsliti og fleira þar til ég sneri mér að því að móta hluti úr tré. Það er svo þægilegt að vera handverkskona og þurfa ekki að vera á stalli sem listamaður,“ segir hún glaðlega. „Það sem ég bý til er ekki fjöldaframleiðsla, heldur er nostrað við hvern hlut,“ segir hún og kveðst hafa selt í Safnabúð Þjóðminjasafnsins, Kirkjuhúsinu, Epal Design í Leifsstöð, í Stykkishólmi og á mörkuðum Handverks og hönnunar.

Spurð hvort hún hafi selt alla sína framleiðslu síðustu tuttugu árin svarar hún: „Já, Handverk og hönnun leggur oft svolítið línurnar með því að gefa fólki kost á að senda inn hluti á sýningar sem hafa ákveðið þema. Nýsköpunin hjá mér hefur því stundum farið eftir þeim skilyrðum sem þar eru sett. Ég byrjaði að gera fugla í fyrra sem ég tálga og sýndi á Ráðhúsmarkaðinum í maímánuði í vor en þegar keppt er um Skúlaverðlaunin verða þátttakendur að koma með alveg nýja hluti sem ekki hafa sést áður. Því lagði ég hausinn í bleyti og bjó til þessa fugla sem hlutu náð fyrir augum dómnefndar,“ segir Lára sem kallar trémuni sína smávini og er með heimasíðuna smavinir.is.

gun@frettabladid.is



**SMÁVINIR** Þessir fuglar slógu í gegn hjá dómnefndinni.

> **Það er svo þægilegt að vera handverkskona og þurfa ekki að vera á stalli sem listamaður.**
>
> *Lára Gunnarsdóttir*

†



Elskulegur eiginmaður minn, faðir, fósturfaðir, tengdafaðir, afi og langafi,

**GUÐJÓN ÓLAFSSON**
**Lindarflöt 42, Garðabæ,**

lést að Hrafnistu í Boðaþingi þann 9. nóvember. Útförin fer fram frá Fossvogskirkju þriðjudaginn 18. nóvember kl. 13.00. Þeim sem vilja minnast hans er bent á Ljósið, Langholtsvegi 43.

**Áslaug Sigurgrímsdóttir**
**Brynja Guðjónsdóttir** **Sveinn Þór Hallgrímsson**
**Unnur Þóra Jökulsdóttir** **Árni Einarsson**
**afabörn og langafabarn.**

†



Ástkær sambýlismaður minn, faðir okkar, fósturfaðir, tengdafaðir, afi og langafi,

**RÓSINKRANS KRISTJÁNSSON**
**leigubílstjóri,**

lést á hjúkrunarheimilinu Grund föstudaginn 7. nóvember. Útför verður auglýst síðar.

**Sigurlín Ester Magnúsdóttir (Edda)**
**Örn Sævar Rósinkransson** **Helga Gunnarsdóttir**
**Unnur Rut Rósinkransdóttir** **Hörður Finnbogason**
**Kristján Friðrik Rósinkransson** **Birgitta Pétursdóttir**
**Linda Rósinkrans** **Nikulás Þorvarðarson**
**Magnús Sverrisson** **Ásta Ragnarsdóttir**
**Jóhann Magni Sverrisson** **Leidy Karen Steinsdóttir**
**barnabörn og barnabarnabörn.**

†



Móðir okkar, tengdamóðir, amma og langamma,

**JÓHANNA H. CORTES**

lést 5. nóvember á Landspítalanum í Fossvogi. Útförin fer fram frá Fríkirkjunni í Reykjavík föstudaginn 14. nóvember kl. 13.00.

**Jónína Kolbrún Cortes**
**Björg Cortes** **Andrés Sigvaldason**
**Óskar Torfi Cortes Viggósson**
**Páll Snorri Cortes Viggósson** **Rie Miura**
**Jóhanna Cortes Andrésdóttir**
**Brynja Cortes Andrésdóttir**
**Ísabella María, Viggó Snorri, Aron, Andrés Illugi, Karen og Steingrímur**

†



Elskuleg móðir okkar, tengdamóðir, amma og langamma,

**BRYNDÍS GUÐMUNDSDÓTTIR**
**Bólstaðarhlíð 34, Reykjavík,**

lést á líknardeildinni í Kópavogi miðvikudaginn 5. nóvember sl. Útförin fer fram frá Háteigskirkju föstudaginn 14. nóvember kl. 15.00. Þeim sem vilja minnast hennar er bent á hjúkrunarþjónustu Karitas, **karitas.is.**

**Jónína Gissurardóttir** **Bragi Ragnarsson**
**Símon Már Gissurarson** **Mariam Heydari**
**Hulda Kristinsdóttir**
**Örn Sigurjónsson**
**barnabörn og barnabarnabörn.**




**Davíð Ósvaldsson**
útfararstjóri



**Óli Pétur Friðþjófsson**
útfararstjóri

ÚTFARARÞJÓNUSTA Davíðs Ósvaldssonar ehf.

551 3485 • www.udo.is


†



Elskuleg móðir okkar, tengdamóðir, amma, langamma og langalangamma,

**ÁGÚSTA SIGURÐARDÓTTIR**
**Hólabergi 84, Reykjavík,**

lést á Landspítalanum í Fossvogi 10. nóvember sl. Útför hennar fer fram frá Fossvogskirkju, miðvikudaginn 19. nóvember kl. 13.00. Blóm og kransar eru vinsamlegast afþakkaðir. Þeim sem vilja minnast hennar er bent á Ljósið við Langholtsveg.

**Kristján R. Knútsson** **Hrönn Laufdal**
**Sigurður M. Knútsson** **Þórunn Sigurðardóttir**
**Valgerður Knútsdóttir** **Guðmundur Sigurðsson**
**Jón S. Knútsson**
**Agnar Einar Knútsson**
**og fjölskyldur**

†



Ástkær móðir okkar, tengdamóðir, amma og langamma,

**HALLA LÍNBERG KRISTJÁNSDÓTTIR**

sem lést 29. október verður jarðsungin frá Hofsóskirkju, laugardaginn 15. nóvember kl. 14.00.

**Hólmfríður J. L. Runólfsdóttir** **Steinn Gunnar Ástvaldsson**
**Inga P. L. Runólfsdóttir** **Einar Guðmundsson**
**Kristján Þ. L. Runólfsson** **Ragnhildur Guðmundsdóttir**
**María L. Runólfsdóttir**
**Sigurður Ásgeir L. Runólfsson** **Belinda Mirandilla**
**Sigríður L. Runólfsdóttir** **Halldór Sverrisson**
**Birna L. Runólfsdóttir**
**Björg L. Runólfsdóttir**
**Róbert L. Runólfsson** **Freydís Aðalbjörnsdóttir**
**barnabörn og barnabarnabörn.**



# LEIÐARVÍSIR UM SAMNING SAMEINUÐU ÞJÓÐANNA UM RÉTTINDI FATLAÐS FÓLKS

**151 land** hefur innleitt samninginn.
Einungis **4** Evrópulönd eiga eftir að innleiða hann,
Finnland, Írland, Holland og **Ísland.**

ÖBÍ

# SAMNINGUR SAMEINUÐU ÞJÓÐANNA UM RÉTTINDI FATLAÐS FÓLKS



# FÓLK

KYNNINGARBLAÐ



## SOLANGE Í HNAPPHELDUNA?

**Gróa á Leiti heldur því fram að söngkonan Solange Knowles (28 ára) muni ganga að eiga kærasta sinn, Alan Ferguson (51 árs), á sunnudaginn. Solange á eitt hjónaband að baki en hún giftist aðeins sautján ára gömul og á tíu ára gamlan son.**


## ÚTSKRIFTARGJAFIR

- mikið af frábærum tilboðum



iittala 10% afsláttur

www.tk.is

Tékk KRISTALL

Laugavegi 178 - Sími: 568 9955





Næsta bylgja sjónvarpa er komin

innovation + you

PHILIPS

með Android

Heimilistæki ht.is



Jólagjöfin hennar



hjá Hrafnhildi • Sími 581 2141


# ÖFLUG FLENSUFÆLA

**GENGUR VEL KYNNIR** *Þegar tekur að hausta og kólna í veðri fara flensur og pestir á stjá. Þá er kominn tími fyrir okkur öll til að styrkja ónæmiskerfið svo við losnum við veikindi. Immune Support inniheldur öll helstu bætiefnin sem styrkja ónæmiskerfið. Má þar nefna hvítlauk, sink og ylliber.*

Vetrarveðrið og kuldinn geta gert líkamann veikari fyrir árásum sýkla og örvera sem eru umhverfis okkur að staðaldri. „Þegar ónæmiskerfið veikist minnka varnir líkamans og þá er mun líklegra að við veikjumst,“ segir Ásta Kjartansdóttir, vörustjóri hjá Gengur vel ehf.



ÁSTA KJARTANSDÓTTIR

„Það er hægt að styrkja ónæmiskerfið á margan hátt, bæði með því að sofa vel, borða hollan mat og svo með því að taka inn bætiefni.“ Immune Support inniheldur öll helstu bætiefnin sem styrkja ónæmiskerfið s.s. A-, D3- og C- vítamín, hvítlauk, sink, kopar, selen, ylliber (elderberry), Ester-C og Beta-Glucan.

**HVÍTLAUKUR**
Flestir kannast við lækningamátt hvítlauksins. Hvítlaukur er talinn styrkja ónæmiskerfið og stuðla að vörnum gegn umgangspestum. Louis Pasteur hafði þegar árið 1858 sannað bakteríudrepandi eiginleika hvítlauksins.

**D-VÍTAMÍN**
D-vítamín er oft kallað sólskinsvítamínið. Hér á norðurhveli jarðar er nauðsynlegt að taka inn D-vítamín á veturna til að fá nægilegt magn því erfitt getur reynst að vinna nóg úr fæðunni.

**C-VÍTAMÍN**
Sennilega eitt mest notaða vítamínið gegn flensu og kvefi. Fjöldi rannsókna sýna að stærri skammtar draga úr einkennum kvefs og stytta meðgöngutíma þess.



**STYRKIR ÓNÆMISKERFIÐ** Immune Support inniheldur öll helstu bætiefni sem styrkja ónæmiskerfið.

**A-VÍTAMÍN**
A-vítamín er sérlega gott fyrir húðina en húðin er fyrsta vörn líkamans. A-vítamínskortur getur aukið líkur á sýkingum.

**SINK**
Jafnvel lágmarks sinkskortur getur haft slæm áhrif á ónæmiskerfið.

**SELEN**
Sýnt hefur verið fram á að 100 mcg af seleni á dag geti minnkað líkur á sýkingum, sérstaklega ef það er tekið með sinki.

**YLLIBER**
Ylliber hafa lengi verið notuð til að styrkja ónæmiskerfið, sérstaklega gegn vírusum.

**BETA-GLUCANS**
Er talið styrkja ónæmiskerfið með því að virkja náttúrulegar varnir þess.




**ÚTSÖLUSTAÐIR** *Heilsuhúsið, Gamla apótekið, Apótekarinn Helluhrauni, Lifandi markaður, Hagkaup, Lyfja, Lyf og heilsa, Apótekarinn, Apótekið, Lyfsalinn, Blómaval, Apótek Suðurnesja, Fjarðarkaup, Apótek Garðabæjar og Heimkaup.is. Nánari upplýsingar á www.gengurvel.is.*




Valhöll er komin aftur!

Ótrúlegt verð á millistífri heilsudýnu

Með 5 svæðaskiptu pokagormakerfi, gæðabólstrun, góð nýting á svefnflötum. Hægt að snúa.



20% afsláttur af lökum og hlífðardýnum við dýnukaup.

KORTER.IS

12 mán. vaxtalausar greiðslur*

Gerðu gæða- og verðsamanburð

Verðdæmi: Með PU leðurbotni og eikarfótum stgr.

| Stærð | Verð |
|---|---|
| 100x200 | 74.900 kr. |
| 120x200 | 79.900 kr. |
| 140x200 | 89.900 kr. |
| 160x200 | 104.900 kr. |
| 180x200 | 114.900 kr. |

*3.5% lántökugjald



Baldursnesi 6 - Akureyri | Listhúsið - Reykjavík

Fimm stjörnu verslun

Svefn & heilsa

Listhúsinu Laugardal - Sími 581 2233
Baldursnesi 6, Akureyri - Sími 461 1150
Opið virka daga kl. 10:00 - 18:00
Laugardaga 12:00 - 16:00

www.svefn.is

Umboðsaðilar: Húsgagnaval - Höfn í Hornafirði | Lúxus húsgögn - Egilsstöðum

# GLINGUR OG LITIR

**TÍSKA** *Bára Jónsdóttir elskar pelsa en vill hafa þá úr gerviefnum því hún er dýravinur. Hana langar að finna sér grænan kjól fyrir jólin og náttbuxur.*

**Ertu tískumeðvituð?** Já, það má segja það, ég hef alveg bullandi áhuga á öllu sem tengist tísku og hef alltaf haft, ég vinn líka í einni flottustu tískuverslun landsins, Júník. Svo skoða ég mikið af tískubloggum í frítímanum. Mamma sagði að ég hefði strax á fyrstu árunum haft vit á því hverju ég vildi klæðast, og alltaf viljað fara í kjóla eða það sem var glitrandi eða blúnduskreytt.

**Hvernig klæðir þú þig hversdags?** Ég er mikið í leðurleggings eða leðurbuxum og mjúkum, stórum peysum núna í kuldanum. Uppháir sokkar finnst mér alltaf jafn flottir, og grófir leðurskór með smá hæl.

**Hvernig klæðir þú þig spari?** Ég elska pelsa og allt loðið, en ég vil hafa þá gervi. Ég er svo mikill dýravinur að ég hef aldrei getað hugsað mér að ganga í ekta. Leðurjakki með loðkraga, samfella eða toppur við uppháar leggings finnst mér æði og þægilegt að vera í. Þegar ég fer eitthvað mjög fínt skelli ég mér oftast í kjól, og þá helst teygjukjól (bandage). Þeir eru alveg uppáhaldið. Eftir að maður hefur eignast sinn fyrsta þá vill maður nánast ekki kaupa öðru vísi kjól. Flestar stjörnurnar í Hollywood klæðast líka þannig kjólum á rauða dreglinum enda alltaf svo flottar.

**Hvernig lýsir þú stílnum þínum?** Fágaður og glamúr. Ég er mjög mikið fyrir glingur og liti, bæði þegar kemur að fatavali, skóm, skarti og förðun.

**Hvar kaupir þú fötin þín?** Ég kaupi flest fötin mín í Júník. Ég verslaði alltaf mest þar líka áður en ég byrjaði að vinna þar. Svo versla ég alltaf af og til í Karen Millen og Vero Moda.

**Eyðir þú miklu í föt?** Já, ég hef alltaf eytt miklu í föt, stundum of miklu. Það ríkir smá innkaupaalki í manni en ég reyni nú samt alltaf að vera skynsöm og nota útilokunaraðferðirnar, nú eða fara heim og sofa á því … ef mig langar jafn mikið í það á morgun þá fer ég og kaupi það.

**Hver er uppáhaldsflíkin þín?** Í augnablikinu eru það uppháar diskóleggings úr Júník. Áferðin á þeim er ekki of glansandi til að nota hversdags en samt það flottar að hægt er að vera í þeim spari líka. Svo eru það rúskinnskórnir sem ég fékk í afmælisgjöf frá kærastanum úr Mörtu Jonsson. Einstaklega fallegir hælar.

**Uppáhaldshönnuðir?** Michael Kors og Coco Chanel. Ég eignaðist mitt fyrsta Michael Kors-veski og úr fyrir stuttu og það er draumurinn að eignast Chanel-veski í framtíðinni. Uppáhaldsilmvatnið mitt er svo frá Chanel.

**Bestu kaupin?** Nú verð ég eiginlega að segja þegar ég labbaði inn í Karen Millen einn góðan dag í fyrravor og sá að það var sjötíu prósenta afsláttur af öllum skóm og 2 fyrir 1! Ég hoppaði hæð mína … og keypti fjögur pör.

**Verstu kaupin?** Ég held að það hafi verið þegar ég keypti iPhone 5s-símann minn í fyrra. Ég keypti hann mánuði áður en hann lækkaði um einn þriðja í verði.

**Hverju verður bætt við fataskápinn fyrir jólin?** Ég ætla að kaupa nýjar náttbuxur, ég held að þær séu aldrei jafn mikið notaðar og í kringum jólin. Ég ætla líka að finna grænan kjól, ég hef alltaf verið í rauðum kjól yfir jólin en það væri gaman að breyta til og prófa grænan í ár. Svo er ég búin að leita mér lengi að hinni fullkomnu síðu mokkakápu, vonandi finn ég hana einn daginn.

**Hver er helsti veikleiki þinn þegar kemur að tísku og útliti?** Að eiga kreditkort!

**Hvers konar fylgihluti notar þú?** Ég er alltaf með hring sem ég fékk frá mömmu, gullhálsmen með gulum steini sem afi gaf ömmu einu sinni í jólagjöf og ég fékk svo í jólagjöf síðar frá þeim, DKNY-úrið mitt sem ég fékk frá litla bróður eða Michael Kors-úrið frá kærastanum.

**Hvaða förðunarvörur notar þú daglega?** Ég nota farða frá MAC, matchmaster nr 5.0, varalitinn Touch eða Cosmo frá MAC dagsdaglega. Svo er ég oftast með augnháralengingar svo að ég þarf lítið annað en að skella á mig þunnri augnblýantslínu.

**Áttu þér tískufyrirmynd?** Já, Kenza Zouiten finnst mér bara alltaf flott, klikkar aldrei. Victoria Beckham og svo náttúrulega karakterinn Carrie Bradshaw úr þáttunum Sex & the City. Hún er alveg uppáhald, þó svo hún hafi stundum verið svolítið djörf í fatavali. Svo finnst mér Pattra, bloggari hjá Trendnet, alltaf voða flott.



**SKVÍSA** Bára hefur haft áhuga á tísku frá því hún var lítil.
MYND/VILHELM









**FÓLK ER KYNNINGARBLAÐ** sem býður auglýsendum að kynna vörur og þjónustu í formi viðtala og umfjallana ásamt hefðbundnum auglýsingum. Blaðið fylgir Fréttablaðinu daglega.

Útgefandi: **365 miðlar**
Ábyrgðarmaður: **Jón Laufdal**
Hönnun: **Silja Ástþórsdóttir**
Sölumenn:
**Bryndís Hauksdóttir,**
bryndis@365.is, s. 512 5434
**Kolbeinn Kolbeinsson,**
kkolbeins@365.is, s. 512 5447








20-70%
afsláttur af öllum vörum
Frönsku buxunar komnar
háar í mittið og stretch
Ný sending
MUSSUR
Verð áður kr 14.900
nú aðeins kr 4.990
PEYSUR
Verð áður kr 12.900
nú aðeins kr 6.990
Ofl, ofl girnileg tilboð...
Kaupauki:
Allir sem versla fá armband að
eigin vali að verðmæti kr 4.990
COSMO
Kringlunni







NÝTT – NÝTT
8 rétta hlaðborð í hádeginu
TILBOÐ KR. 1.390.-
OPIÐ KL. 11:00-14:00
Hlaðborðið er alla virka daga. ekki um helgar.
Kínahofið
NÝBÝLAVEGI 20 SÍMI 554-5022



**GULLSMÍÐI** Júlía Þrastardóttir gullsmíðameistari tók þátt í sýningu Handverks og hönnunar í Ráðhúsinu um liðna helgi. Þar vöktu ugluhálsmen hennar úr víravirki athygli gesta.

# UGLUHÁLSMEN ÚR ÍSLENSKU VÍRAVIRKI

*TÍSKA Júlía Þrastardóttir gullsmíðameistari tók þátt í sýningu Handverks og hönnunar um liðna helgi. Ugluhálsmen hennar úr víravirki vöktu athygli gesta.*

Mig langar til þess að víravirki verði eitthvað sem við notum ekki bara í þjóðbúninga heldur líka í tískuvöru," segir Júlía Þrastardóttir gullsmíðameistari en hún smíðar hálsmen með litlum uglum úr víravirki.

Hún segir íslenska víravirkið vel til þess fallið að útfæra teikningar.

„Víravirki finnst út um allan heim en íslenska víravirkið og handbragðið sker sig þó aðeins úr. Vírinn sjálfur er unninn öðru vísi, yfirleitt er víravirkið allt miklu fínna heilt yfir meðan meiri andstæður eru í íslenska víravirkinu, það er bæði gróft og fínt. Grindin utan um vírinn er grófari og vírinn fínni innan í."

Uglurnar hefur Júlía smíðað frá því í sumar, en hvernig datt henni það í hug?

„Uglur eru mikið í tísku núna og mikið um fallegar myndir og teikningar af uglum. Mér fannst bara endilega að hún yrði að komast í þjóðbúninginn líka," segir Júlía. „Ég ætlaði bara að smíða eina í gamni til að byrja með en hún vakti það mikla athygli að ég hef smíðað fleiri. Ætli ég sé ekki búin að smíða tuttugu stykki síðan í sumar," segir Júlía.

Uglurnar eru allar handsmíðaðar og engar tvær eru eins. Um liðna helgi tók Júlía þátt í sýningunni Handverk og hönnun í Ráðhúsinu og vöktu uglurnar hennar athygli.

„Ég fékk frábær viðbrögð og það var gaman að sjá hvað fólk var spennt fyrir víravirkinu og þekkti það vel, fólk á öllum aldri. Mér fannst gaman að sjá hvað fólk sýndi því mikinn áhuga að verið sé að gera eitthvað nýtt með það," segir Júlía. Nánar má forvitnast um hönnun hennar á djuls.is.



**SKART** Nánar má forvitnast um hönnun Júlíu á djuls.is.



**MEÐ KARAKTER** Engar tvær uglur eru eins og hefur hver sinn karakter.



**VINSÆLAR** „Ég ætlaði bara að smíða eina í gamni til að byrja með."



**HANDGERÐ** Hver ugla er handgerð.



# JÓLABLAÐ FRÉTTABLAÐSINS

**JÓLABLAÐ FRÉTTABLAÐSINS er okkar veglegasta sérblað ár hvert. Það er að jafnaði 120 síður og hefur að geyma umfjöllun um mat, *föndur*, skraut, *jólasiði* og aðrar hátíðarvenjur.**

Í blaðinu verður að finna uppskriftir að hefðbundnum og óhefðbundnum hátíðarmat auk fjölda uppskrifta að eftirréttum, smákökum og konfekti.

Jafnframt verður í blaðinu að finna áhugaverð og skemmtileg viðtöl, hugmyndaþætti auk innlits á fallega skreytt heimili.

- Innlit á glæsilega skreyttu heimili
- Ólíkur *stíll* tvíburasystra
- TÍSKAN fyrir jólaboðin
- Hugmynd að hárgreiðslu fyrir jólaboðið
- Hugað að heilsunni í desember
- Jólasaga frá Indlandi
- Uppskrift að jólaveislu
- Skotheldar smákökuuppskriftir
- Sigfinnur Þorleifsson sjúkrahúsprestur ræðir jólin
- Ljúffengt kaffi um jólin
- Hvernig á að brugga jólabjórinn
- Hannyrðahugmyndir í jólapakkann
- Heimagerð jólakort
- Fagurkerar pakka inn listilegum pökkum
- Krakkajólaföndur

Auglýsendur hafi vinsamlegast samband í tíma með því að senda tölvupóst á hlynur@365.is eða með því að hringja í s. 512-5439




**Allt sem þú þarft ...**

PIPAR TBWA · SÍA

# NÝ VÖRULÍNA Á 20 ÁRA AFMÆLI

**SÍMABÆR KYNNIR** *Verslunin Símabær hélt upp á tuttugu ára afmæli sitt nú í nóvember. Verslunin sérhæfir sig í sölu á aukahlutum tengdum símum og spjaldtölvum. Nýverið kynnti Símabær nýja vörulínu sem hönnuð er eftir umsögnum og tillögum viðskiptavina.*

Við erum að kynna nýjar beltistöskur fyrir farsíma sem eru sérsmíðaðar í Póllandi eftir íslenskri og pólskri hönnun. En í raun má segja að viðskiptavinir okkar hafi hannað þær enda tókum við tillit til óska þeirra,“ segir Gylfi Gylfason, eigandi og framkvæmdastjóri Símabæjar í Ármúla 38.

„Fjölbreytileikinn á töskumarkaði fyrir smartsíma og spjaldtölvur er gríðarmikill. Markaðurinn er í raun í stöðugri fæðingu enda tekur búnaðurinn sífelldum breytingum. Það hefur reynst erfitt verk fyrir söluaðila að eiga eitthvað sem öllum líkar,“ lýsir Gylfi.

Í því skyni að byggja upp góða framtíðarvörulínu með aðlögunarmöguleika fyrir íslenskan markað hóf Símabær síðastliðið vor að starfa með pólska töskuframleiðandanum SOX sem er lítil verksmiðja nærri Varsjá með sérhæfingu í GSM-aukahlutum. „Nú er fyrsta vörulínan komin í hús. Þetta er smartsímaveski með tvöfaldri beltisfestingu og segullokun. Einföld lausn sem hefur ekki fengist hjá heildsölum í Evrópu þrátt fyrir sérstaklega miklar vinsældir hér innanlands um árabil,“ segir Gylfi ánægður en fyrstu viðbrögð viðskiptavina lofa mjög góðu enda seljast töskurnar vel.

**MARGAR GERÐIR**

Alls eru fjórar vörulínur í framleiðslu hjá SOX fyrir Símabæ. „Tvær töskulínur fyrir belti, armbönd fyrir skokkara og sérframleidd símaveski fyrir algengustu símana á markaðnum,“ telur Gylfi upp en fyrstu símaveskin koma í verslunina á næstu vikum. Verða þau til dæmis fáanleg úr íslensku hráefni á borð við fiskileður. „Símaveski rúma símtæki, kort og annað smálegt og eru með vinsælustu GSM-aukahlutum heims í dag,“ lýsir Gylfi. Hann segir megnið af heimsframboðinu koma frá Kína. Lítið mál sé að keppa við slíkan varning í gæðum auk þess sem verðið á pólsku vörunum sé oft mjög nærri þeim kínversku.

**LÁTA REYNA Á EVRÓPUMARKAÐ**

„Það er að sjálfsögðu ákveðinn draumur að selja sérhannaðar framleiðsluvörur Símabæjar erlendis en fyrst viljum við þaulprófa hverja vöru, breyta og laga eftir þörfum og finna vörunum sameiginlegt vörumerki,“ segir Gylfi og er ánægður með viðbrögð íslenska markaðsins. „Viðráðanlegir samningar um framleiðslumagn gera að verkum að við þurfum ekki útflutning til að dæmið gangi upp, en við ætlum samt að láta reyna á Evrópumarkaðinn strax á næsta ári,“ segir hann bjartsýnn.

**SÍMABÆR Í 20 ÁR**

Símabær varð tuttugu ára á árinu en félagið rekur nú eina verslun við Ármúla 38. „Við höfum þróast frá símtækjasölu að sérhæfingu í aukahlutum síðustu ár og nýtt markaðsþema félagsins er „Allt fyrir fólk á ferð og flugi“.

„Stefna Símabæjar næstu ár er að þróa búðina enn frekar sem sérhæfða aukahlutaverslun í nýstandsettu húsnæði í Ármúla. En við erum líka að koma meira og meira inn á hinn almenna raftækjamarkað og ætlum að láta af okkur gusta í verðsamkeppni í fleiri vöruflokkum en við höfum gert til þessa,“ segir Gylfi stoltur.



**Í SÍMABÆ** Gylfi með hluta af nýju vörulínunni sem Símabær lætur framleiða fyrir sig. MYND/GVA

# LEGGINGS ERU SÍVINSÆLAR

**ÞÆGILEGAR** *Leggings buxur eru vinsælar hjá konum á öllum aldri. Ekkert lát er á vinsældum þeirra og leggings eru enn í tísku. Allar konur ættu að eiga leggings í skápnum, segja tískuráðgjafar. Konur þurfa þó að huga vel að samsetningu klæðnaðarins.*

Þótt leggings eigi að vera í öllum fataskápum þá eru ákveðnar reglur í gildi um notkun þeirra. Margar konur vita ekki nákvæmlega hvernig á að nota þessar þröngu buxur. Leggings þurfa að vera partur af heildarútliti. Passa þarf litasamsetningu og að velja rétta skó við leggings. Þær er hægt að nota allan ársins hring. Leggings eiga ekki vera of víðar né of þröngar. Þær eiga samt að falla vel að líkamanum. Sérstaklega þarf að gæta að því hvernig leðurleggings liggja á líkamanum.

Leggins eru þægilegar og margar konur nota þær vegna þess. En það er ekki alltaf fallegt að vera í leggings. Síðar skyrtur, toppar, kjólar eða jakkar passa best með leggings og sömuleiðis há stígvél. Sandalar, sléttbotna ballerínuskór og íþróttaskór passa líka ágætlega með þeim.

Leggins-buxur mega ekki vera stuttar nema í líkamsræktinni. Gætið að því að þær séu alls ekki í sídd á milli kálfa og ristar. Það gengur víst ekki upp. Leggings geta hlaupið í þvotti.

Ekki rugla leggings við jeggings. Þær síðarnefndu eru úr gallabuxnaefni. Þær fara vel á grannvöxnum konum. Jeggings henta vel með flottum bolum og eru flottar í vinnu eða skóla. Lágvaxnar konur ættu frekar að ganga í jeggings en leggings.

Forðist skrautlegar leggings. Betra er að velja þær svartar eða í einum lit. Skrautlegar leggings er hins vegar þægilegur heimafatnaður.

Þægilegur kjóll, bómullarleggings og vel sniðinn jakki eru fín vinnuföt. Þá má vera í stuttu pilsi yfir leggings og fallegum topp. Í vetrarkulda er fallegt að vera í ullarpilsi og þykkri peysu við leggings og háum kuldastígvélum. Ekki vera í kjól sem er samlitur leggings-buxunum. Munstraður kjóll hentar vel við einlitar buxur.

Það getur líka verið fallegt að vera í einlitum leggings undir stuttbuxum, sérstaklega hjá ungum, grannvöxnum konum. Veljið þá leggings í einum lit. Flatbotna skór eða íþróttaskór ættu að vera við slíkan fatnað. Dýramynstur eru vinsæl. Leggings í sebramynstri getur verið smart klæðnaður en þá þarf toppur eða kjóll að vera í hvítu eða svörtu. Tískusérfræðingur Oprah Winfrey segir að konur eigi að forðast leggings úr glansandi efnum. Einnig eiga þær frekar að velja þykkar leggings en þunnar.





**JEGGINGS** Leggings er ekki sama og leggings. Þær eru úr gallabuxnaefni og þykja mjög þægilegar. Hér eru jeggings frá Tommy Hilfiger fyrir haustið 2014.

**Í VETRARKULDA** Leggings er hægt að nota við pils og þykka peysu.

**SPARILEGGINGS** Þessar leggings eru fallegar sem kvöldklæðnaður við svarta skyrtu eða kjól.

# BÍLAFJÁRMÖGNUN



# Góð kjör og reynslumikið starfsfólk með mikla þekkingu

Bíla- og tækjafjármögnun Landsbankans (B&T) hóf starfsemi á árinu 2011. Bæði einstaklingar og fyrirtæki geta fjármagnað kaup á nýjum og notuðum farartækjum með aðstoð bankans. Sérstaða Landsbankans felst helst í góðri þjónustu og stærð hans á markaði.



Helga segir sérstöðu Landsbankans felast í góðri þjónustu, stærð á markaði og góðum tengslum við samstarfsmenn í bílaumboðum og bílasölum.

Bíla- og tækjafjármögnun Landsbankans hóf starfsemi á árinu 2011 og sérhæfir sig í fjármögnun til fyrirtækja og einstaklinga á hvers kyns faratækjum, eða með öðrum orðum við kaup á nýjum og notuðum bílum, mótorhjólum, sleðum og ferðavögnum og öðrum vélum og tækjum. Helga Friðriksdóttir, forstöðumaður B&T, segir Landsbankann byggja sérstöðu sína á þekkingu og reynslu starfsmanna og góðum kjörum. Hún segir margt hafa breyst í útlánastarfsemi á síðustu árum, sérstaklega hafi sveigjanleiki aukist og viðskiptavinir hafi því mun meira val en áður. „Nú geta einstaklingar valið á milli óverðtryggðra bílalána eða bílasamninga á breytilegum eða föstum vöxtum. Lánshlutfall getur verið allt að áttatíu prósent af kaupvirði og lánstími sjö ár en það fer þó eftir ástandi og aldri farartækisins. Fyrirtækjum bjóðast sérhæfðari fjármögnunarleiðir svo sem rekstrarleiga og birgðafjármögnun bíla og tækja. Lánshlutfall og lánstími í fyrirtækjafjármögnun getur verið breytilegur eftir aðstæðum og vörum enda er líftími atvinnutækja mislangur. Afborganir geta tekið mið af árstíðabundnum sveiflum í rekstri þannig að við teljum okkur vera að bjóða viðskiptavinum okkar mjög góða vöru.“

Helga segir að vextir séu mismunandi eftir vörum og viðskiptasambandi. Vörðufélagar fái til dæmis betri kjör sem þýðir að bæði vextir og lántökugjöld eru þá lægri. „En þjónustan er líka stór hluti af tilboðinu og ákvarðanir um fjármögnun þurfa að byggjast á faglegu mati sem við getum aðstoðað við.“

## Nýjar áherslur viðskiptavina

Helga segir einnig að breytingar hafi orðið á óskum viðskiptavina. „Við verðum mun meira en áður vör við áhuga viðskiptavina á umhverfisvænni bílum. Sala á svokölluðum grænum bílum hefur aukist mikið og við bjóðum sérkjör á fjármögnun þeirra enda er samþætting umhverfissjónarmiða við almennan rekstur bankans hluti af samfélagslegri ábyrgð okkar. Þá erum við farin að fjármagna kaup á eldri bílum en áður en staðreyndin er sú að meðaldur bílaflotans er orðinn um tólf ár og við höfum lagað okkar vörur að því.“

## Góð þjónusta og betri kjör

Bíla og tækjafjármögnun Landsbankans er til húsa að Borgartúni 33 í Reykjavík. Í því húsi er einnig Fyrirtækjamiðstöð Landsbankans sem sinnir þjónustu við smá og meðalstór fyrirtæki á höfuðborgarsvæðinu. Helga segir að þetta skipti miklu máli þegar kemur að þjónustunni. „Í Borgartúninu getum við boðið minni og meðalstórum fyrirtækjum heildarlausnir á sviði fjármögnunar, allt á einum og sama staðnum. Þetta er mjög þægilegt fyrir okkar viðskiptavini. Við búum líka svo vel,“ segir Helga, „að vera með öflugt útibúanet um allt land og viðskiptavinir okkar utan höfuðborgarsvæðisins geta alltaf sótt ráðgjöf í sitt útibú, hvar sem er á landinu!“

## Sérstaða Landsbankans byggist á afburða þjónustu

Helga segir að sérstaða Landsbankans felist í góðri þjónustu, stærð á markaði og nánum tengslum við samstarfsmenn í bílaumboðunum og á bílasölunum. „Þetta er geysilegur styrkur fyrir okkur og okkar viðskiptavini og tryggir faglega og skilvirka starfsemi. Starfsmenn B&T hafa verið lengi í „bransanum“ og hafa mikla þekkingu og reynslu sem við byggjum á og hefur skapað okkur traust á markaði. Við hlustum á viðskiptavini okkar og bjóðum vörur og þjónustu sem taka mið af þörfum þeirra hverju sinni.“

> Einstaklingar geta valið á milli óverðtryggðra bílalána eða bílasamninga á breytilegum eða föstum vöxtum.

# Bjart fram undan í sölu bifreiða

Eftir nokkur mögur ár er sala á nýjum bifreiðum að taka kipp hér á landi. Nýskráningum bifreiða hefur fjölgað mikið í ár frá síðasta ári. Að sama skapi hefur framboð bílafjármögnunarleiða aukist og neytendur hafa úr fleiri kostum að velja en áður.

Nýskráningum bifreiða hérlendis hefur fjölgað mikið í ár eftir nokkur döpur ár. Að sama skapi hefur framboð bílafjármögnunarleiða aukist og er komið í nokkuð eðlilegt horf aftur eftir mikla dýfu í kjölfarið bankahrunsins, að sögn Özurar Lárussonar, framkvæmdastjóra Bílgreinasambandsins. Hann segir að nýskráningar bifreiða árin fyrir hrun hafi verið um 15.-22.000 á ári en þeim fækkaði niður í 2.000 þegar minnst var árið 2009. „Íslendingar gengu í gegnum miklu dýpri og lengri dýfu en nágrannaþjóðir okkar. Í nágrannalöndunum var sala nýrra bíla strax komin á góðan skrið árið 2011 á meðan við vorum enn að sleikja botninn. Stöðugur vöxtur hefur orðið víða erlendis í nýskráningum bifreiða en það er ekki fyrr en á þessu ári sem við sjáum miklar breytingar hérlendis.“

Botninn datt úr bílasölu á Íslandi um páskana árið 2008 að sögn Özurar. „Það má segja að hrunið í bílasölu hafi komið á undan bankahruninu. Breytingin var lítil á árunum 2009-2011 og það var fyrst árið 2012 sem eitthvað breytist í þeim efnum. Árið í fyrra olli okkur töluverðum vonbrigðum enda áttum við von á mun meiri sölu þá. Í ár hafa verið skráðir um 8.800 nýir bílar sem er auðvitað stórt stökk frá síðustu árum en við eigum enn töluvert langt í land til að halda í horfinu þannig að meðalaldur bifreiða hækki ekki hér á landi.“

### Breyttur bílafloti

Mikil fækkun í nýskráningum bifreiða er þó ekkert einsdæmi hér á landi að sögn Özurar og þarf ekki bankahrun til. „Undanfarna áratugi hafa skipst á skin og skúrir í þessum bransa og með ýktari sveiflum jafnvel en þekkist í öðrum atvinnugreinum hér á landi. Hér eru miklu meiri sveiflur í sölu nýrra bíla en tíðkast í nágrannalöndum okkar.“



Samsetning bílaflotans hefur breyst hérlendis undanfarin ár. MYND/GVA

Samhliða breytingum á nýskráningum bifreiða hefur samsetning bílaflotans breyst. Mikill vöxtur er í sölu smábíla, jepplinga og lúxusbifreiða á kostnað meðalstórra fjölskyldubíla. „Við höfum séð mjög mikinn vöxt í sölu minni fjölskyldubíla og niður í smábíla á borð við Toyota Aygo. Á móti hefur sala á meðalstórum bifreiðum staðið í stað. Jepplingar hafa selst vel í ár á kostnað jeppa sem helst eru keyptir af bílaleigum. Einnig hefur sala á lúxusbílum aukist undanfarin 1-2 ár þótt ekki sé, eðli málsins samkvæmt, um margar bifreiðar að ræða.“

Framboð bílafjármögnunarleiða hefur tekið mikinn kipp undanfarið eftir mikla lægð frá árinu 2008. „Neytendur hafa í mörg ár ekki haft úr mörgum kostum að velja þegar kemur að bílafjármögnun. Við erum hins vegar að sjá miklar breytingar undanfarið eitt til tvö ár, þá sérstaklega í ár. Þetta horfir allt til betri vegar. Á góðæristímanum tóku of margir 100% lán fyrir dýrum bifreiðum en slíkt aðgengi að fjármunum er tæplegast í boði í dag. Vaxtakjör þessara lána eru orðin viðunandi og því raunhæfur kostur fyrir bifreiðareigendur að nýta sér þau í dag til kaupa á nýjum bifreiðum.“



„Í ár hafa verið skráðir um 8.800 nýir bílar sem er auðvitað stórt stökk frá síðustu árum,“ segir Özur Lárusson, framkvæmdastjóri Bílgreinasambandsins. MYND/GVA

**Útgefandi:** 365 miðlar ehf., Skaftahlíð 24, s. 512 5000 **Umsjónarmenn auglýsinga:** Gunnhildur Geira Dan Þorláksdóttir, geira@ 365.is, s. 512-5036 **Ábyrgðarmaður:** Jón Laufdal.



# JÓLAHREINGERNING

FIMMTUDAGUR 13. NÓVEMBER 2014

Kynningarblað



## Löng saga jólaþrifa

Jólahreingerningin á sér aldalanga sögu og er ekki eitthvað sem varð til með kröfuhörðum lífsstíl nútímans.

SÍÐA 2

## Tiltekt í ísskápnum

Ýmsar leiðir eru til að þrífa ísskápinn. Þá eru til fjölmörg húsráð til að eyða lykt úr kælinum.

SÍÐA 2

## Fjarlægir falda fitu

Fairy Platinum, uppþvottalögur og uppþvottahylki, leysir upp fitu og önnur óhreinindi mun hraðar og betur en áður hefur þekkst.

SÍÐA 3

NORDICPHOTOS/GETTY

# Gólfin skrúbbuð með sandi

Ilmandi hrein híbýli eru ómissandi hluti jólanna hjá mörgum og orðið „jólahreingerning“ er rammlega fast í orðaforða okkar. Enda á jólahreingerningin sér aldalanga sögu og er hreint ekki eitthvað sem varð til með kröfuhörðum lífsstíl nútímans.

Hreingerningar, gjarnan tengdar við vor og jól, eru í hugum okkar eitthvað annað og meira en venjuleg tiltekt. Hreingerning er eitthvert allsherjar átak þar sem allt er tekið í gegn, hreinsað innan úr skápum, gardínur teknar niður og þvegnar, og jafnvel þvegið yfir loft og veggi, sængur viðraðar og dustað úr teppum og púðum. Á Þorláksmessu finnst mörgum það órjúfanlegur hluti jólanna að við sjálf leggjumst einnig nýþvegin til hvílu í brakandi hreinum rúmfötum og með hreinsiefnailm í vitunum.


Jólahreingerningin í dag er talsvert léttari aðgerð með aðstoð nútíma græja eins og ryksuga og þvottavéla.

Jólahreingerningin á sér reyndar aldalanga sögu hér á Íslandi. Mikill hátíðleiki fylgir jafnan jólunum og ótækt þótti á öldum áður, rétt eins og nú, að taka á móti helginni með skít í öllum hornum. Á vef Þjóðminjasafnsins er að finna lýsingar á jólasiðum Íslendinga, meðal annars jólahreingerningunni.



Íslendingar skrúbbuðu bæi sína hátt og lágt nokkrum dögum fyrir jól og þrifu alla innanstokksmuni. Jólahreingerningin hefur verið mikil aðgerð þar sem ekki var hægt að stóla á hreinsiefni og þvottavélar eins og í dag. Allt tau var þvegið í höndunum og vatnið í þvottana hitað á hlóðum. Trégólf voru sandskúruð og moldargólf sópuð, hnífapör og annar húsbúnaður úr málmi var pússað upp úr ösku og rúmföt og fatnaður heimilisfólksins þveginn í höndunum, í bala eða jafnvel úti í læk. Þeir sem ekki áttu föt til skiptanna þurftu að bíða í bælinu eftir að fötin yrðu þurr. Það gat tekið tíma á hávetri og vonaðist fólk þá eftir „fátækraþerri“ svo fötin þornuðu fyrr.


Gólffjalirnar voru skrúbbaðar með sandi á öldum áður fyrir jólin en það þótti ekki síður mikilvægt þá en nú að taka á móti helgi jólanna með allt skínandi hreint. Baðstofa á Árbæjarsafni.
MYND/GVA

Á Þorláksmessu fór allt heimilisfólkið einnig í bað, sem ekki hefur verið síðri aðgerð þar sem margir voru í heimili. „Var þá sett heitt vatn, sem hitað var á hlóðunum, í bala og böðuðu heimilismenn sig ýmist í balanum eða þvoðu sér með einhvers konar þvottapoka hátt og lágt upp úr vatninu.“ Það er auðvitað misjafnt hversu mikla áherslu fólk leggur á jólahreingerninguna og í annasömum nútímanum láta margir létta helgartiltekt duga. Líklega hefur það verið eins á öldum áður. *www.thjodminjasafn.is*





Kræsingarnar þurfa að komast fyrir í ísskápnum.

## *Rýmt fyrir veisluföngum*

Þegar líða fer að jólum fer hugurinn að hvarfla til allra kræsinganna sem bornar verða á borð yfir hátíðirnar. Það þýðir þó lítið að hefjast handa við stórfellda matargerð ef ísskápurinn er yfirfullur af gömlum matarleifum, útrunnum sósum og gömlum ostbitum. Svo er heldur ekki kræsilegt að stinga fínu steikinni í skítugan og illa lyktandi ísskáp. Fyrsta verkið verður því að vera að taka ísskápinn í gegn til að rýma fyrir girnilegum veisluföngum.

Best er að affrysta ísskápinn, taka allt út úr honum og sortera frá það sem er ónýtt og útrunnið. Síðan þarf að taka út hillur og vaska upp, þrífa síðan allan ísskápinn hátt og lágt, til dæmis með heitu vatni sem í hefur verið blandað tveimur matskeiðum af matarsóda. Martha nokkur Stewart mælir með þessari aðferð þar sem sterkar sápur og þvottaefni geta skilið eftir lykt sem maturinn dregur síðan í sig.

### Lyktareyðandi

Ef lyktin í ísskápnum er enn ekki nógu góð eftir þessa meðferð eru til nokkur ráð til að losna við hana:

- Settu matarsóda á disk eða bakka inn í ísskáp. Lokaðu ísskápnum þangað til lyktin er horfin.
- Settu haframjöl í skál inn í ísskáp nokkrum dögum fyrir jól. Haframjölið á að draga í sig alla slæma lykt.
- Sumir mæla með því að setja nýmalað kaffi á bakka inn í ísskáp þar til fnykurinn hverfur. Vissulega verður þá eftir kaffilykt um stund en hún á að hverfa fljótlega.
- Þeir sem eiga kisur geta notað kattarsand án lyktarefna á disk og inn í ísskáp. Sandurinn á að draga í sig lykt og eyða henni.

**Útgefandi:** 365 miðlar ehf., Skaftahlíð 24, s. 512 5000
**Umsjónarmenn auglýsinga:** Jónatan Atli Sveinsson, jonatan@365.is s. 512-5446
**Ábyrgðarmaður:** Jón Laufdal.

# Fjarlægir falda fitu úr uppþvottavélinni

Flestir þekkja Fairy-uppþvottalöginn sem einstakan fitubana. Nú er kominn nýr lögur og uppþvottahylki, Fairy Platinum, sem leysa upp fitu og önnur óhreinindi mun hraðar og betur en áður hefur þekkst. Leirtauið verður fallegt og gljáandi hreint.

Að sögn Katrínar Evu Björgvinsdóttur, vörumerkjastjóra hjá Íslensk Ameríska, er hér um byltingarkennda nýjung að ræða. „Fairy Platinum leysir upp fitu og önnur óhreinindi á örskotsstundu og auðveldar þannig uppþvottinn. Fairy Platinum kemur bæði sem uppþvottalögur og uppþvottahylki fyrir uppþvottavélar í tveimur ilmtegundum, Original og Lemon.

Katrín segir að ekki þurfi lengur að láta eldföst mót eða steikingarföt liggja í bleyti yfir nótt. Fairy Platinum uppþvottalögurinn hefur sömu virkni og næturlega í bleyti, bara á 10 mínútum. Matarleifar og fita skolast burtu með minni fyrirhöfn.

Þegar Fairy Platinum-uppþvottahylkin eru notuð þá er engin þörf á aukagljáa eða hreinsiefni fyrir uppþvottavélina. Uppþvottahylkin gefa leirtauinu fallegan gljáa, hnífapörin verða eins og ný og í raun allt leirtauið,“ segir Katrín. Þar að auki leysa hylkin upp óæskilega fitu sem safnast fyrir inni í uppþvottavélinni og er oft ekki sjáanleg. Oft sest fita innan á frárennslisleiðslur vélarinnar en Fairy Platinum kemur í veg fyrir það. Fólk ætti að sjá mun á vélinni strax eftir fyrstu notkun, málmurinn í vélinni verður skínandi fínn og fitan í síunni farin.

Fairy Platinum-uppþvottalögur og -uppþvottahylki fást meðal annars í Hagkaupi, Fjarðarkaupum, Þinni verslun, Hlíðarkaupum og Kaupfélagi Skagfirðinga. Umbúðirnar þekkjast á silfurgráa litnum.

Íslensk Ameríska er með heimasíðuna isam.is þar sem skoða má úrval af vörum og nýjustu fréttir frá fyrirtækinu.




Katrín Eva Björgvinsdóttir með nýja Fairy Platinum-uppþvottalöginn og -hylkin. MYND/GVA

MYND/GVA

**EIGINLEIKAR FAIRY PLATINUM-UPPÞVOTTAHYLKJA**

- Öflug virkni sem hreinsar einnig síuna í uppþvottavélinni
- Einstakur hreinsikraftur Fairy á fitu og önnur óhreinindi
- Hreinsar uppþvottavélina jafnt sem leirtauið og gefur fallegan gljáa

**EIGINLEIKAR FAIRY PLATINUM-UPPÞVOTTALAGAR**

- Hefur sömu virkni og þegar leirtau er látið liggja í bleyti yfir nótt
- Jafnvel erfiðir blettir og fituleifar skolast í burtu með minni fyrirhöfn en áður





## ÞRIF Á SÍÐUSTU STUNDU

**Ef ekki gefst tími til að þrífa** húsið hátt og lágt fyrir jólin, taka alla skápa í gegn og hreinsa út úr geymslunni má bjarga sér með ýmsum ráðum.

Þá er sniðugt að leggja áherslu á þau rými þar sem gestir ganga um. Hvort sem fólk kemur í kaffi eða bara til að skiptast á jólagjöfum þá sér það inn í forstofuna og því er mikilvægt að hún sé vel þrifin. Einnig þau herbergi sem gestir munu örugglega dvelja í eins og salerni, borðstofa og stofa. Ryksugið, þurrkið af og skúrið þessi svæði, þrífið auk þess salerni og vask á baðherbergi vandlega. Látið önnur herbergi mæta afgangi, kveikið á kertum á hreinu svæðunum, skellið tilbúnum kanilsnúðum í ofninn til að fá jólalykt í húsið og bjóðið gesti velkomna.



## EDIK ER GOTT HREINSIEFNI

**Edik er til margra hluta nytsamlegt. Það er ódýr lausn við ýmsar hreingerningar.**

- Egg springur ekki við suðu ef edik er í vatninu.
- Setjið tvær teskeiðar af ediki í rakatækið ef þið eruð með hálsbólgu.
- Setjið edik í mjúkan klút og þurrkið af DVD-diskunum. Þeir verða eins og nýir.
- Ef bolirnir þínir eru með blettum undir höndum vegna svitakrems er edik málið. Setjið edik í úðaflösku og úðið á bletti áður en þeir eru settir í þvottavél. Gæti jafnvel dugað á tómatsósu og sinnep.
- Stundum er erfitt að ná límdum verðmiðum af hlutum. Bleytið miðann með ediki og bíðið í fimm mínútur. Þá ætti að vera auðvelt að þurrka hann burt.
- Er hrímið á bílrúðunni að pirra ykkur? Setjið þrjá hluta af ediki á móti einum hluta af vatni og þrífið rúðuna vel með blöndunni.



## ERFIÐIR BLETTIR

**Kertavax og rauðvín** á það til að sullast niður á jóladúkinn. Hvort tveggja skilur eftir sig ljóta bletti. Hér eru nokkur ráð til að ná þeim úr.

**Kertavax:**

**Leggið eldhúsbréf,** hvíta servíettu eða dagblaðsbút yfir kertavaxblettinn og strauið yfir. Hitinn bræðir vaxið og pappírinn dregur fituna í sig. Ef einhver fita verður eftir er gott að dreypa uppþvottalegi yfir og þvo síðan samkvæmt þvottaleiðbeiningum.

**Rauðvín:**

**Byrjið á** að þurrka mesta vökvann upp. Stráið matarsóda yfir blettinn og látið þorna. Skolið og þvoið samkvæmt leiðbeiningum. Eins má prófa að hella hvítvíni eða sódavatni strax yfir blettinn, þurrka með svampi og þvo.






Við minnum á að nú fer í garð tími þar sem margir heimsækja fyrirtækið þitt - og þá er gott að hafa í huga:

- Hreingerningar
- Gluggaþvott
- Parket hreinsun
- Steinteppaþrif
- Bónvinnu

Öllum líður betur á hreinum vinnustað.

Sendið okkur línu á sala@iss.is eða hringið til okkar í síma 5800 600 og við bregðumst við af fagmennsku.

A WORLD OF SERVICE ISS

FACILITY MANAGEMENT | CLEANING | SUPPORT | PROPERTY | CATERING | SECURITY | www.is.issworld.is

# 8,5%*

# Við lækkum vexti

Lægstu vextir Lykillána eru nú aðeins **8,5%**

## **Lækkun stýrivaxta** skilar sér strax til viðskiptavina Lykils

**sem njóta lækkunar á næsta greiðsluseðli**

## Hvar vilt þú vera?

Óverðtryggðir vextir Lykillána eru settir saman af REIBOR vöxtum og álagi sem er fast allan lánstímann. REIBOR vextir hreyfast reglulega og þegar Seðlabanki Íslands breytir stýrivöxtum geta REIBOR vextir breyst samhliða.
Vextir á öllum nýjum Lykillánum breytast nú jafnframt og verða því lægstu vextir 8,5%.

*Vextir ráðast af lánshlutfalli og eru á bilinu 8,5%–8,9% miðað við 70–90% lánshlutfall.

**Allar nánari upplýsingar er að finna á lykill.is**

Lykill

Lykill er hluti af Lýsingu hf. | Ármúla 1 | 108 Reykjavík | lykill.is | lykill@lykill.is



## DÝRARI BÍLUM STOLIÐ

**Þjófar velja dýrari gerðir bíla** til að stela og nota háþróaðan rafeindabúnað til verksins samkvæmt frétt á vef FÍB.

Vísað er í könnun þýska dagblaðsins Frankfurter Allgemeine Zeitung (FAZ) á því hvaða bílum er oftast stolið í Þýskalandi.

Þar kemur einnig fram að bílaþjófnuðum hafi fækkað í Þýskalandi um rúm 80 prósent síðustu tuttugu ár, þökk sé stöðugri þróun í þjófavarnarkerfum bifreiða. Atvinnubílaþjófar hafa hins vegar ekki látið deigan síga, heldur eflt þekkingu sína og komið sér upp háþróuðum rafeindabúnaði og einbeitt sér að því að stela dýru bílunum sem síðan ekið er úr landi.

Allgemeine Zeitung segir að af hverjum þúsund BMW X6 sé 22 stolið, af hverjum þúsund BMW X5 sé 15 stolið og sömuleiðis sé 15 af hverjum þúsund Lexus-bílum stolið.

*www.fib.is*



MYND/FÍB

## BÓK FYRIR ALLA BÍLAÁHUGAMENN

**Merkisritið Saga bílsins á Íslandi 1904-2004** kom út árið 2004 en þá voru 100 ár liðin frá því fyrsti bíllinn kom til Íslands. Bókin inniheldur margar myndir og fjölbreytt efni sem enginn bílaáhugamaður ætti að láta fram hjá sér fara.

Þar má meðal annars finna umfjöllun um sögu bílainnflutnings hérlendis, þróunarsaga bílsins er rakin og fjallað er um bílaumboð og bílategundir sem margir Íslendingar, sérstaklega af yngri kynslóðinni, eru löngu búnir að gleyma. Einnig er fjallað um hvernig notkun bílsins jókst með árunum og hvernig hann dreifðist smátt og smátt um land allt.

Þótt bíllinn og samgöngur innanlands séu eðlilega í forgrunni er bókin ekki síður saga lands og þjóðar á miklum umbrotatímum.

Sigurður Hreiðar Hreiðarsson er höfundur bókarinnar en hann var fyrsti íslenski blaðamaðurinn sem sérhæfði sig í reynsluakstri nýrra bíla og reglulegum skrifum um bíla í dagblöð hérlendis.

Bókina prýða tæplega 400 ljósmyndir og stór hluti þeirra hafði aldrei birst opinberlega áður en bókin kom út.

Að útgáfu bókarinnar stóðu 24 fyrirtæki og stofnanir en hún fæst í helstu bókaverslunum landsins.



MYND/FORNBÍLL.IS

## LÆKKIÐ BENSÍNKOSTNAÐ

**Ýmislegt er að hægt að gera** til að draga úr orkunýtingu bílsins og spara bensínkostnað. Til dæmis er mikilvægt að hafa alltaf réttan loftþrýsting í dekkjum. Of lítill loftþrýstingur eykur viðnám og getur aukið eldsneytiseyðsluna um allt að sex prósent.

Vanstillt vél getur notað allt að fimmtíu prósent meira eldsneyti auk þess að menga meira.

Óhrein eða stífluð loftsía getur aukið eyðslu um allt að tíu prósent.

Óþarfur farangur eða þyngd eykur eldsneytisnotkun. Aukin byrði veldur meiri áreynslu, fimmtíu kílógrömm geta aukið eldsneytiseyðsluna um tvö prósent.

Toppgrindur og aukafarangursgeymsla á toppnum auka loftmótstöðu. Því er mikilvægt að fjarlægja slíkt eftir notkun.

*Heimild: attavitinn.is*







Hiti í stýri er staðalbúnaður

**Þér er boðið að reynsluaka Kia cee'd Sportswagon** – stærri og rúmbetri útgáfu af hinum vinsæla Kia cee'd. Hann er vel búinn og kraftmikill en samt sparneytinn, **eyðir frá aðeins 4,4 l/100 km** í blönduðum akstri.

Komdu við í sýningarsal Öskju að Krókhálsi 11 eða hjá umboðsmönnum okkar og kynntu þér þennan stórglæsilega bíl.

**Komdu og reynsluaktu – hlökkum til að sjá þig.**

**cee'd Sportswagon LX, 1,4 dísil, beinskiptur 6 gíra**

**Verð frá 3.490.777 kr.**

Lykill — Askja í samstarfi við Lykil gerir þér kleift að eignast nýjan KIA á auðveldan máta. Útborgun er að lágmarki 10% af verði bílsins og Lykill lánar þér afganginn til allt að 7 ára. Þú velur bílinn og sölumenn Öskju sjá um að ganga frá láninu.

Afborgun aðeins 52.777 kr. á mánuði m.v. 349.777 kr. útborgun og 90% bílalán frá Lykli í 84 mánuði. 9,15% óverðtryggðir vextir. Árleg hlutfallstala kostnaðar 10,83%. Nánar á lykill.is.

Þú finnur „Kia Motors Ísland" á Facebook

ASKJA · Krókhálsi 11 · 110 Reykjavík · Sími 590 2100 · askja.is
Viðurkenndur sölu- og þjónustuaðili KIA á Íslandi.

# DAIMLER ENDURVEKUR MAYBACH

**VERÐA ÓDÝRARI** *en Maybach-bílar voru, og eru í raun lengri útgáfur af Mercedes Benz S-Class bílum, en með íburðarmeiri innréttingar.*

Daimler lagði niður Maybach-ofurbílamerkið í desember í fyrra en hefur nú greinilega séð eftir því. Daimler ætlar nefnilega að kynna þrjár gerðir Mercedes-Maybach-bíla á bílasýningunum í Los Angeles í þessum mánuði og í kjölfarið á bílasýningunni í Guangzhou í Kína, en þar væntir Daimler þess að margir slíkir bílar muni seljast. Allir eru þessir bílar í raun Mercedes Benz S-Class, en verða mjög íburðarmiklir rétt eins og Maybach-bílar voru. Sá öflugasti þeirra er Mercedes-Maybach S 600 með 6,0 lítra V12-vél með forþjöppu sem skilar 530 hestöflum. Mercedes-Maybach 500 verður með V8-vél og Mercedes-Maybach 400 4MATIC með 3,0 lítra V6-vél og fjórhjóladrifi. Síðasttalda gerðin er sérstaklega ætluð kínverskum kaupendum sem vilja sleppa við háa tolla vegna stórs sprengirýmis.



Daimler ætlar að kynna þrjár gerðir Mercedes-Maybach-bíla á á bílasýningunum í Los Angeles í þessum mánuði.

**HVORKI MAYBACH-JEPPI NÉ TVINNBÍLL Í FYRSTU**

Heyrst hefur að Daimler hafi einnig áformað framleiðslu jeppa sem bæri merki Maybach og yrði byggður á GL-jeppanum, en svo verður að minnsta kosti ekki í fyrstu. Þá er heldur ekki meiningin að kynna tvinnbíl undir merkjum Maybach núna, þótt svo gæti orðið seinna. Þessir nýju Maybach-bílar eiga að keppa um hylli kaupenda í samkeppninni við Rolls Royce- og Bentley-bíla og segja Mercedes Benz-menn að þeir muni standa þeim á sporði. Mercedes-Maybach-bílarnir eiga að kosta talsvert minna en Maybach-bílar gerðu áður, en endanlegt söluverð þeirra verður kynnt þann 18. desember. Mercedes stefnir á meiri sölu þessara nýju Mercedes-Maybach-bíla en Maybach-bíla á sínum tíma, enda ætti lægra verð að hjálpa til. Engin áform eru um að kynna Maybach-bíl í stærðarflokki E-Class bíla Mercedes Benz, en það er næsta stærð fyrir neðan S-Class.

**LENGRI EN HEFÐBUNDNIR S-CLASS**

Mercedes-Maybach S 600 verður með 20 cm lengra á milli hjóla en hefðbundinn S-Class til að búa til meira aftursætispláss, sem var þó yfrið fyrir. Allir Maybach-bílarnir fá einnig önnur og flottari sæti og gríðarlega íburðarmikla innréttingu. Bílarnir eiga að verða enn hljóðlátari en bílar Rolls Royce og Bentley. Þó svo að Mercedes-Maybach S 600 sé styttri bíll en Maybach 57 var verður meira innanrými í bílnum. Aðspurðir hvort meiningin væri að framleiða eins langan bíl og Maybach 62 var, sem var ógnarlangur, var svarið einfaldlega: „Við sjáum til.“ Mercedes Benz hefur nú þegar selt 100.000 S-Class-bíla síðan hann var kynntur í byrjun þessa árs. Er það meira en samanlögð sala BMW 7-línunnar og Audi A8 og hefur Mercedes Benz því rækilega slegið við samkeppninni í þessum stærðarflokki lúxusbíla. Ástæðan fyrir því að Maybach-bílar seldust ekki svo vel undir hatti Daimler, sem keypti Maybach árið 2002, er að sögn Mercedes-manna sú staðreynd að merkið hafi ekki verið nógu þekkt um heim allan. Öðru máli gegni um Mercedes Benz og því sé markaðsnálgunin allt önnur nú.

Betri kjör á bílafjármögnun

Landsbankinn býður betri kjör við fjármögnun á nýjum og notuðum bílum. Kynntu þér bílalán á landsbankinn.is/bilalan.

Lánshlutfall allt að 80%

Allt að 7 ára lánstími

Engin stimpilgjöld

Landsbankinn landsbankinn.is 410 4000



# JÓLAPEYSUÆÐI Í UPPSIGLINGU

**MEST TIL GAMANS GERT** *Ljótar jólapeysur heitir glæný verslun sem var opnuð að Grænatúni 1 í Kópavogi á þriðjudag. Þar fæst ríkulegt úrval af vintage-jólapeysum sem eru tilvaldar í vinnustaða- og þemapartíin á aðventunni.*

Sigdís Þóra Sigþórsdóttir og Ingvar Óskarsson, eigendur verslunarinnar Ljótar jólapeysur, hafa verið með samnefnda netverslun á Facebook síðan í fyrra. Þau selja vægast sagt skrautlegar jólapeysur og vesti.

Sigdís segir verslunina mega rekja til þemapartís sem hún og vinur hennar stóðu fyrir í vinahópnum fyrir nokkrum árum. „Vinur minn stakk upp á því að við héldum ljótupeysu-jólapartí en þá kom á daginn að lítið var um slíkar peysur hér á landi. Ég tók því að mér að panta á netinu fyrir allan hópinn. Við héldum svo partí sem varð alveg hrikalega skemmtilegt eins og svona þemapartí eiga það til að verða."

Sigdís segir um að ræða ameríska hefð sem eigi rætur að rekja til áttunda og níunda áratugarins. „Þá var fólk ekkert að grínast með þetta heldur var í alvöru verið að prjóna peysur með snjókörlum, glimmeri og dúskum. Upp úr 2000 fór að verða vart við þetta hér á landi og þá helst í tengslum við vina- eða vinnustaðagrín."

Þau Sigdís og Ingvar opnuðu Facebook-síðu með peysunum í fyrra. „Við vorum bara með þetta heima en ákváðum að slá til og opna litla verslun fyrir þessi jól, enda eftirspurnin sífellt að aukast. Þetta er þó mest til gamans gert," segir Sigdís en hún og Ingvar eru bæði í fullri vinnu auk þess sem Ingvar er í námi.

Verslunin verður til að byrja með opin frá 17 til 18 virka daga. „Þegar nær dregur jólum stefnum við að því að vera með jólapeysumarkað um helgar og bjóða upp á piparkökur, kakó og jólatónlist. Facebook-síðan, Ljótar jólapeysur, verður hins vegar áfram opin svo þeir sem komast ekki í búðina geta haft samband við okkur í gegnum hana."

Peysurnar koma allar frá Bandaríkjunum. „Vinkona okkar sér um að velja og senda okkur. Það er því ávallt mikil spenna að opna sendingar," segir Sigdís. Peysurnar munu kosta á bilinu 5.900 til 6.900 krónur. „Sumar eru þó meira notaðar en aðrar. Við tökum þær til hliðar og seljum ódýrt."

Í fyrra runnu 500 krónur af andvirði peysanna til jólapeysuátaks Barnaheilla, jolapeysan.is. „Við afhentum samtökunum 140.000 krónur eftir jólin í fyrra. Við höfum sama háttinn á í ár. Þeir sem kaupa jólapeysu eru því að styrkja gott málefni í leiðinni. Eins styrktum við samtökin með peysum í auglýsingaátakið þeirra í ár," upplýsir Sigdís.

Þess má geta að öll áheit sem safnast í jólapeysuátaki Barnaheilla þetta árið renna til Vináttuverkefnis Barnaheilla en það er forvarnarverkefni gegn einelti í leikskólum. Nánar á jolapeysan.is. ■ vera@365.is



**FULLT AF „LJÓTUM" PEYSUM** Fyrir nokkrum árum var mikill skortur á jólapeysum hér á landi. Þau Ingvar og Sigdís hafa aldeilis bætt úr því. MYND/ERNIR










Smáralind
facebook.com/CommaIceland




**Á FERÐALAGI** Katy Perry er nú á tónleikaferðalagi í Ástralíu.

# POP UP-VERSLUN KATY PERRY

Söngkonan Katy Perry er nú á tónleikaferðalagi um Ástralíu sem er hluti af Prismatic-tónleikaför hennar um heiminn. Af því tilefni hefur verið opnuð söguleg pop up-verslun í Melbourne. Í versluninni er hægt að kaupa varning sem fæst hvergi annars staðar, boli, sólgleraugu, plaköt og jafnvel sígarettustubbahús. Aðalatriðið er þó að í versluninni eru til sýnis kjólar og búningar sem Katy Perry hefur klæðst á tónleikum og sýningum. Einnig má þar sjá leikmuni sem hafa verið notaðir á tónleikaferðalögum söngkonunnar heimsfrægu.

Verslunin iðar af lífi enda hefur Perry ýjað að því að hún muni sjálf birtast óvænt í búðinni einhvern daginn.

Verslunin verður opin í Melbourne fram á þriðjudag. Síðan poppar hún upp aftur í Sydney þann 21. nóvember.




TRI
Suðurlandsbraut 32
HJÓLREIÐAR
HLAUP
SUND
CUBE
COMPRESSPORT
VEINO-MUSCULAR COMPRESSION TECHNOLOGY
CRAFT
GARNEAU
BROOKS
GARNEAU
LG Hjálmar frá 8.990kr
CRAFT
Vettlingar 4.490kr
Verð frá 79.990 kr
Tacx
Smart
Trainers
Bluetooth
LG vetrarskór 33.990kr
Mighty afturljós 7.990kr
GARNEAU
LG JAKKI 12.990kr
GARNEAU
LG Skóhlífar 8.990kr
GARNEAU
LG Hanskar 8.990kr
GARNEAU
LG Buxur 19.990kr
SCHWALBE
Nagladekk frá 8.990kr
CUBE
RFR Ljós 3.990kr
BROOKS
Glycerin 12 - 27.990kr
CRAFT
CRAFT jakkar frá 18.990kr
WWW.TRI.IS
Verslunin er opin:
Alla virka daga kl. 11:00 - 18:00
Laugardaga kl. 11:00 til 16:00

# KEYPT & SELT

## Til sölu









**JÓLADRESSIN KOMIN**
Frábært úrval frábært verð Pallíettutoppur 5.990,- Blúnduermar 6.990,- Erum á facebook Súpersól Hólmaseli 2 Seljahverfi 567-2077 587-0077 Opið 10-22 alla virka daga Laugardaga 12-18




Til sölu 12 volta leiðiskrossar með rafgeymi, einnig 24 volta og 32 volta vandaðir díóðuljósakrossar á leiði. JS Ljósasmiðjan ehf Skemmuvegur 34 (brún gata) 200 kóp. S. 554 0661, 897 4996 & 699 2502. Opið virka daga 8-18

**SPÓNARPLÖTUR TIL SÖLU**
Eigum til nokkur búnt af útlitsgölluðum 12 mm spónarplötum í stærðum 60x252 og 60x275, ásamt 22 mm gólfplötum í stærð 60x240. Plöturnar eru einnig til rakavarðar. Selst með mjög góðum afslætti. Uppl. í s. 8641501 milli 8-17 virka daga og laugardaga milli 10-14

**FRÁBÆRT VERÐ Á LOPAGARNI**
Álafosslopi 429 kr. Léttlopi 259 kr. Plötulopi 399 kr. Gefjun.is

## Óskast keypt

**KAUPUM GULL - JÓN & ÓSKAR**
Kaupum gull til að smíða úr. Spörum gjaldeyri. Heiðarleg viðskipti. Aðeins í verslun okkar Laugavegi 61.
**Jón og Óskar - jonogoskar.is**
**s. 552-4910.**

## Sjónvarp

Sjónvarps/videoviðgerðir. Afsl. til elli/ öryrkja. Sækjum. Litsýn - Síðumúli 35. - S. 552 7095.




## Verslun




**BÆTIR KYNLÍFIÐ OG KONUR FÁ MIKLU MEIRA ÚT ÚR SAMFÖRUM MEÐ WE-VIBE**
Vinsælasta unaðstæki meðal para mörg ár í röð. Allar flottustu vörurnar fáanlegar Millifærsla - greiðslukort - netgíró. www.hush.is

# HEILSA

## Heilsuvörur

Taktu þér tak! Með HERBALIFE nærðu árangri. Erla Bjartmarz S. 899 4183 www.eco.is Ný netverslun: www. betriheilsa.is/erla

## Nudd

**TANTRA NUDD**
Ekta vígsla í leyndardóma Tantra með Tantra nuddi. Einstæð upplifun fyrir pör, konur og karla. 112 Rvk. S. 698 8301 www.tantra-temple.com

# SKÓLAR & NÁMSKEIÐ

## Ökukennsla

Ökukennsla, aðstoð við endurtökupróf og akstursmat. S. 893 1560 og 587 0102, Páll Andrésson.

# HÚSNÆÐI

## Húsnæði í boði

**TIL LEIGU 80- 400 FM HÚSNÆÐI MEÐ ALLT AÐ 4M LOFTHÆÐ MIÐSVÆÐIS Á HÖFUÐBORGARSVÆÐINU**

Nýbýlavegi og Auðbrekku (gömlu Toyota húsunum) hentar undir léttan iðnað, heildsölur o.fl greið aðkoma að húsnæðinu, frábært auglýsingagildi, matvöruverslanir, veitinga og kaffihús í göngufæri.

**Uppl. veitir Sverrir í s. 661-7000**

## Geymsluhúsnæði

**WWW.GEYMSLAEITT.IS**
Sér geymslur frá 3.900. 1 til 17m2. Aðgangur kl. 8-22 alla daga. Ný sérhönnuð geymsluhús, upphitað og vaktað. S: 564-6500.

**WWW.BUSLODAGEYMSLA.IS**
Búslóðageymsla Olivers 150 kr. á dag hvert bretti. Starfað í yfir 25 ár. S. 567 4046 & 892 0808.

**GEYMSLUR.COM**
Frá kr. 3990 hjá Ikea í Garðabæ og Fiskislóð í Reykjavík. S. 555 3464

**GEYMSLULAUSNIR.IS**
Búslóðageymsla og flutningar. Gott verð, sækjum og sendum. S. 615-5005.

# ATVINNA

## Atvinna í boði

Vanur pizzugerðarmaður óskast til starfa. Umsóknir sendist til thjonusta@365.is merkt „pizza"

# TILKYNNINGAR

## Einkamál




## tilkynningar

# AUGLÝSING UM SKIPULAGSMÁL

**Bláskógabyggð, Grímsnes-og Grafningshreppi, Hrunamannahreppi, Skeiða-og Gnúpverjahreppi, Flóahreppi og Ásahreppi**

**Samkvæmt 3. mgr. 40. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 er hér kynnt lýsing fyrir eftirfarandi deiliskipulagsverkefni:**
1. Deilskipulag fyrir Loftsstaði-Eystri (lnr. 165472) í Flóahreppi. Íbúðarhúsa- og frístundahúsalóðir.
Lögð fram til kynningar lýsing skipulagsverkefnis fyrir deiliskipulag jarðarinnar Loftsstaði-Eystri. Jörðin er 73 ha að stærð en skipulagssvæðið nær til um 10 ha svæðis í næsta nágrenni við bæjartorfu. Gamalt íbúðarhús- og fjós eru á jörðinni en ráðgert er að bæta við bæði íbúðarhúsa- og frístundahúsalóðum í næsta nágrenni þar við.

**Samkvæmt 1. mgr. 41. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 eru hér kynntar tillögur að eftirfarandi deiliskipulagsáætlunum:**
2. Deiliskipulag fyrir íbúðarhúsalóð á jörðinni Haukadalur 3 í Bláskógabyggð.
Tillaga að deiliskipulagi fyrir 2.000 fm íbúðarhúsalóð í landi Haukadals 3 lnr. 167099 á svæði sem í aðalskipulagi er skilgreint sem landbúnaðarsvæði. Um er að ræða um 103 ha jörð þar sem í dag er skráð 66 fm starfsmannahús og gömul 55 fm hlaða. Gert er ráð fyrir að á lóðinni megi reisa 250 fm íbúðarhús og verður aðkoma að lóðinni frá þjóðvegi um tengingu sem liggur að golf-skóla/íbúðarhúsi Haukadalsvallar.

3. Deiliskipulag nýbýlisins Hrafnshagi úr landi Arabæjar í Flóahreppi. Íbúðarhús og landbúnaðarbyggingar.
Skipulagið nær til nýbýlisins Hrafnshagi sem er 45,3 ha að stærð úr landi Arabæjar. Gert er ráð fyrir að á svæði ofan við Villingaholtsveg nr. 305 verði afmarkaður byggingarreitur þar sem heimilt verður að byggja íbúðarhús, og landbúnaðar-byggingar (t.d. hesthús, reiðhöll), samtals allt að 5.000 fm.

4. Breyting á deiliskipulagi Ásmundarstaða í Ásahreppi. Ný eldishús fyrir alifugla og rif á eldri húsum.
Tillaga að breytingu á deiliskipulagi sem fellst í að gert er ráð fyrir þremur nýjum eldishúsum fyrir alifugla sem koma í staðinn fyrir eldri hús sem ráðgert er að rífa. Breytingin felur ekki í sér aukningu á byggingarmagni deiliskipulagsins heldur afmörkun og staðsetningu eldishúsa.

5. Breyting á deiliskipulagi fyrir hálendismiðstöð í Kerlingarfjöllum í Hrunamannahreppi ásamt umhverfisskýrslu.
Tillaga að breytingu á skipulagi Kerlingarfjalla á svæði hálendismiðstöðvar sem felur í sér að á byggingarreit A (nýbygging við núverandi aðalbyggingu) er gert ráð fyrir að vegghæð verður allt að 8 m í stað 6 m og að byggingarefni verði frjálst. Þá er gert ráð fyrir að fyrirhugað hús á reit B megi vera allt að 550 fm í stað 320 fm og að byggingarefni verði frjálst. Byggingarreitur C verður færður fjær Ásgarðsá og þar gert ráð fyrir tveimur allt að 110 fm þjónustuhúss auk þess sem heimilt verður að færa á reitinn svokallaðar Nýpur sem nú eru á reit K. Á byggingarreit K er síðan gert ráð fyrir að í stað núverandi húsa (Nýpur) komi ein samfelld bygging allt að 720 fm að grunnfleti, tveggja hæða og 8 m há og að þar verði allt að 48 tveggja manna herbergi.

Ofangreindar skipulagstillögur liggja frammi til kynningar á skrifstofu skipulagsfulltrúa, Dalbraut 12, Laugarvatni á skrifstofutíma frá 9-16. Að auki er hægt að nálgast nánari lýsingu á tillögunum og tillögurnar sjálfar á vefslóðinni **http://www.granni.is/uppsveitirogfloahr/auglysingar.htm.**

Skipulagstillaga nf. 1 er í kynningu frá 13. til 28. nóvember 2014 en tillögur nr. 2 - 5 frá 13. nóvember til 29. desember 2014. Athugasemdir og ábendingar við tillögu nr. 1 þurfa að berast skipulagsfulltrúa í síðasta lagi **23. október 2014** en **29. desember** fyrir tillögur nr. 2 - 5. Athugasemdir og ábendingar skulu vera skriflegar.

***Pétur Ingi Haraldsson***
***Skipulagsfulltrúi***
***petur@sudurland.is***

Skipulagsstofnun

## Mat á umhverfisáhrifum

## Bjarnarflagsvirkjun, 90 MWe Endurskoðun matsskýrslu

Skipulagsstofnun hefur tekið ákvörðun um að endurskoða þurfi að hluta matsskýrslu 90 MWe Bjarnarflagsvirkjunar í Skútu-staðahreppi samkvæmt 12. gr. laga um mat á umhverfis-áhrifum nr. 106/2000 með síðari breytingum.

Ákvörðunin liggur frammi hjá Skipulagsstofnun, Laugavegi 166, 150 Reykjavík og á heimsíðu stofnunarinnar:
**www.skipulagsstofnun.is**

Samkvæmt 14. grein laga nr. 106/2000 má kæra ákvörðun Skipulagsstofnunar til úrskurðarnefndar umhverfis- og auð-lindamála. **Kærufrestur er til 14. desember 2014.**

## fasteignir

**JÖFUR 534 1020**
ATVINNUHÚSNÆÐI Ármúla 7, Reykjavík - www.jofur.is



**TIL LEIGU/SÖLU** **Faxafen 10, 108 Reykjavík**

668,4 fm. skrifstofu-/kennsluhúsnæði á jarðhæð

Húsnæðið skiptist í 6 stór vinnurými/skólastofur, 2 stór fundar-herbergi, eitt tæknirými, rúmgott anddyri, stórt opið rými með móttökuborði, rúmgóða kaffistofu með innréttingu, Wc, þ.a. eitt með aðstöðu fyrir fatlaða auk sturtu. **HÆGT ER AÐ BREYTA RÝMINU Í VERSLUNARHÚSNÆÐI**. Laust strax!

Allar nánari upplýsingar veitir:



**Helgi Már Karlsson**
*Löggiltur leigumiðlari / Löggiltur fasteignasali*
**534 1024 / 897 7086**
**hmk@jofur.is**

Samningurinn er leiðarvísir að því hvernig tryggja skal fötluðu fólki mannréttindi og tækifæri til jafns við aðra í lífinu og gera því þannig kleift að vera virkir þátttakendur í samfélaginu.



# SAMNINGUR SAMEINUÐU ÞJÓÐANNA UM RÉTTINDI FATLAÐS FÓLKS (SRFF)

## MANNRÉTTINDI
Allir einstaklingar eiga sama tilkall til réttinda.

## SAMNINGUR
Sameinuðu þjóðanna um réttindi fatlaðs fólks (SRFF) var undirritaður fyrir Íslands hönd í mars 2007. Samningurinn markar tímamót í allri mannréttinda- og frelsisbaráttu fatlaðs fólks. Samkvæmt framkvæmdaáætlun um málefni fatlaðs fólks átti að leggja fram frumvarp á vorþingi Alþingis 2013 til fullgildingar samningsins en það hefur ekki ennþá verið gert. Fatlað fólk vill meðal annars benda á að eftirtalin mannréttindi eru viðurkennd í samningnum:

## JÖFN STAÐA ALLRA
Að fatlað fólk fái stuðning sem geri því kleift að stjórna eigin lífi. Allir eiga sama rétt til einkalífs, hjónabands, fjölskyldulífs og foreldrahlutverks.

## SJÁLFSTÆTT LÍF
Allir einstaklingar eiga rétt á lífi í samfélagi án aðgreiningar og eiga að hafa sömu valkosti og aðrir. Fatlað fólk skal m.a. eiga rétt á vali á búsetustað og að ákveða með hverjum það býr.

## SAMFÉLAGSÞÁTTTAKA
Allir eiga rétt á samfélagsþátttöku, þar á meðal í stjórnmálum, opinberu lífi, tómstundum, íþróttum og menningarlífi. Allir hafa tjáningar- og skoðanafrelsi og rétt til upplýsinga á aðgengilegu formi að eigin vali.

## LÍFSKJÖR OG FÉLAGSLEG VERND
Réttur fatlaðs fólks og fjölskyldna þess til viðeigandi og sífellt batnandi lífsskilyrða til jafns við aðra. Tryggja skal fötluðu fólki aðgang að húsnæði á vegum hins opinbera og að það fái aðstoð til þess að mæta útgjöldum vegna fötlunar sinnar.

## HEILSA, ÞJÁLFUN OG ENDURHÆFING
Fatlað fólk á rétt á góðri heilbrigðisþjónustu án mismununar vegna fötlunar og fjárhags. Allir einstaklingar eiga rétt á heildstæðri hæfingu og endurhæfingu sem eflir og viðheldur sjálfstæði og samfélagsþátttöku.

## MENNTUN
Allir eiga rétt til menntunar til jafns við aðra með einstaklingsmiðuðum stuðningsaðgerðum á öllum skólastigum innan almenna menntakerfisins.

## ATVINNA
Fatlað fólk skal hafa sama rétt og aðrir til atvinnuþátttöku á opnum vinnumarkaði með þjálfun, endurhæfingu og jafningjaaðstoð. Mismunun á vinnumarkaði vegna fötlunar er bönnuð.

## AÐGENGI
Fatlað fólk á rétt á aðgengi til jafns við aðra innan samfélagsins að mannvirkjum, samgöngum, upplýsingum og samskiptum.

## FERLIMÁL
### RÉTTUR TIL ÞESS AÐ FERÐAST Á JAFNRÉTTISGRUNDVELLI
Til að tryggja sjálfstætt líf einstaklinga skal þeim gert kleift að fara sinna ferða til jafns við aðra.

Samninginn má lesa í heild sinni á vef innanríkisráðuneytisins http://bit.ly/1tk9PsB

## GRUNDVÖLLUR ÞESS AÐ SAMNINGURINN HAFI GILDI Í SAMFÉLAGINU ER STÖÐUGT EFTIRLIT, RANNSÓKNIR OG UPPLÝSINGAÖFLUN UM STÖÐU MÁLA.

UM ÞAÐ BIL **49.000** ÍSLENDINGAR ERU FATLAÐIR

Á ÍSLANDI HAFA U.Þ.B. **22-25%** EINSTAKLINGA GREINST MEÐ GEÐRÖSKUN EINHVERN TÍMA Á ÆVINNI

AÐEINS **22,3%** AF ÍSLENSKU EFNI ER TEXTAÐ

SKIPTING ÖRORKU:




RÍKIÐ HYGGST VERJA **300 MILLJÓNUM** Í UPPBYGGINGU UPPLÝSINGATÆKNI-SAMFÉLAGS Á NÆSTU ÞREMUR ÁRUM. AF ÞVÍ FARA **NÚLL KRÓNUR** Í AÐ BÆTA AÐGENGI FATLAÐS FÓLKS AÐ UPPLÝSINGATÆKNI.

Í REGLUGERÐ UM **ÆTTLEIÐINGAR** NR. 238/2005 ER TEKIÐ FRAM AÐ HÆGT SÉ AÐ **SYNJA** FÓLKI UM ÆTTLEIÐINGU Á GRUNDVELLI FÖTLUNAR EÐA HREYFIHÖMLUNAR.

# MANNRÉTTINDI FYRIR ALLA
## Ráðstefna um framtíðarsýn Öryrkjabandalags Íslands

**Fimmtudaginn 20. nóvember 2014, kl. 09:00-16:00**
í A og B sal fyrstu hæðar á **Hilton Hóteli Nordica**, Suðurlandsbraut 2

**Ráðstefnustjóri:** Anna Kristinsdóttir, mannréttindastjóri Reykjavíkurborgar

| | |
|---|---|
| 09.00-09.10 | **Setning:** Ellen Calmon, formaður Öryrkjabandalags Íslands |
| 09.10-09.40 | **Félagsleg sýn á fötlun:** Kristín Björnsdóttir, lektor við Menntavísindasvið Háskóla Íslands |
| 09.40-10.10 | **Samningur Sameinuðu þjóðanna um réttindi fatlaðs fólks (SRFF):** Margrét Steinarsdóttir, framkvæmdastjóri Mannréttindaskrifstofu Íslands og Eva Þórdís Ebenezersdóttir, þjóðfræðingur |
| 10.10-10.40 | **KAFFI** |
| 10.40-11.10 | **Endurskipulagning Öryrkjabandalags Íslands:** Ellen Calmon, formaður ÖBÍ |
| 11.10-11.20 | **Umræður og fyrirspurnir** |
| 11.20-11.40 | **Hugleiðing:** Gunnar Hersveinn Sigurstseinsson, rithöfundur |
| 11.40-11.50 | **Táknmálskórinn Vox Signum** |
| 11.50-12.00 | **Ávarp: Hanna Birna Kristjánsdóttir, ráðherra mannréttinda** |
| 12.00-13.00 | **MATUR** |
| 13.00-16.00 | **MÁLSTOFUR – Sjónarmið aðildarfélaga ÖBÍ** |

### MÁLSTOFA 1
### SJÁLFSTÆTT LÍF OG RÉTTARSTAÐA
**Málstofustjóri:** Einar Þór Jónsson

| | |
|---|---|
| 13.00-13.20 | **Hvað segir samningurinn?** *Freyja Haraldsdóttir* |
| 13.20-13.35 | **SEM samtökin** *Þuríður Harpa Sigurðardóttir* |
| 13.35-13.50 | **Geðhjálp** *Anna Gunnhildur Ólafsdóttir* |
| 13.50-14.05 | **CP félagið** *Daníel Ómar Viggósson* |
| 14.05-14.15 | **Umræður** |

### MÁLSTOFA 2
### MENNTUN OG ATVINNA
**Málstofustjóri:** Erna Arngrímsdóttir

| | |
|---|---|
| 13.00-13.20 | **Hvað segir samningurinn?** *Helga Eysteinsdóttir* |
| 13.20-13.35 | **ADHD samtökin** *Elín Hoe Hinriksdóttir* |
| 13.35-13.50 | **Félag lesblindra** *Snævar Ívarsson* |
| 13.50-14.05 | **Einhverfusamtökin** *Ásdís Guðmundsdóttir* |
| 14.05-14.15 | **Umræður** |

14.15 – 14.45 **KAFFI**

### MÁLSTOFA 3
### LÍFSKJÖR OG HEILSA
**Málstofustjóri:** Fríða Bragadóttir

| | |
|---|---|
| 14.45-15.05 | **Hvað segir samningurinn?** *Þorbera Fjölnisdóttir* |
| 15.05-15.20 | **SÍBS** *Auður Ólafsdóttir* |
| 15.20-15.35 | **Heilaheill** *Þórir Steingrímsson* |
| 15.35-15.50 | **Gigtarfélagið** *Emil Thoroddsen* |
| 15.50-16.00 | **Umræður** |

### MÁLSTOFA 4
### AÐGENGI OG FERLIMÁL
**Málstofustjóri:** Arnar Helgi Lárusson

| | |
|---|---|
| 14.45-15.05 | **Hvað segir samningurinn?** *Harpa Ingólfsdóttir* |
| 15.05-15.20 | **Sjálfsbjörg lsf** *Guðbjörg Kristín Eiríksdóttir* |
| 15.20-15.35 | **Félag heyrnarlausra** *Hjördís Anna Haraldsdóttir* |
| 15.35-15.50 | **Blindrafélagið** *Kristinn Halldór Einarsson* |
| 15.50-16.00 | **Umræður** |

**Aðgangur að ráðstefnunni er ókeypis en nauðsynlegt er að skrá sig á www.obi.is**
Boðið verður upp á rit- og táknmálstúlkun

ÖBÍ




# LAUGAVEGUR 151-155

## OPIÐ HÚS Í DAG KL.17:00-17:30

### (GENGIÐ INN BAKATIL)







Höfum hafið sölu á glæsilegum 2ja og 3ja herbergja íbúðum í nýju 8 íbúða lyftuhúsi á þessum frábæra stað í **„NÝJA MIÐBÆNUM“. Mjög stutt í alla þjónustu, skóla og LAUGARDALINN.**

- Íbúðir munu verða afhentar fullbúnar með vönduðum innréttingum frá PARKA
- Íbúðir eru afhentar með flísalögðu baðherbergi og þvottaherbergi
- Mögulegt að fá íbúðir afhentar fullbúnar með gólfefnum
- Stæði í lokaðri bílgeymslu fylgir flestum íbúðum

**Stærðir og verð:**

***2ja herbergja*** *77.4 fm*
*kr: 38.9 - 42.9 millj.*

***3ja herbergja*** *98.8 - 102.5 fm*
*kr: 41.5 - 50.9 millj.*

BÓKIÐ
SKOÐUN HJÁ
FASTEIGNASALA

**Landmark leiðir þig heim!**

**LANDMARK**
**FASTEIGNASALA**

**Sími 512 4900**
**landmark.is**

**Íris Hall**, löggiltur fasteignasali

* Starfsemi Landmark byggir á öflugum mannauði sem veitir afburðaþjónustu! Okkur er sönn ánægja að sjá um þín fasteignaviðskipti – þú hringir við seljum!



| KL. 20:10

**Heilsugengið**

Athafnakonan Benedikta breytti lífi sínu með nýju mataræði og Björg Ingadóttir fatahönnuður fer ótroðnar slóðir í sínum lífsstíl.

# Fjölbreytt fimmtudagskvöld



| KL. 20:35

**Masterchef USA**

Stórskemmtilegur matreiðsluþáttur með hinum alræmda Gordon Ramsey í forgrunni



| KL. 22:05

**The Blacklist**

Vandaður spennuþáttur með James Spader í hlutverki hins magnaða Raymond Reddington.



| KL. 20:05

**Save Haven**

Rómantísk kvikmynd frá höfundi The Notebook með Josh Duhamel og Julianne Hough í aðalhlutverkum.



| KL. 22:25

**The Untold Mistery Of The United States**

Stórbrotin heimildarþáttaröð frá Oliver Stone þar sem varpað er nýju ljósi á stórviðburði í sögu Bandaríkjanna.



| KL. 20:15

**X Factor UK**

Einn vinsælasti þáttur veraldar er loksins kominn til Íslands. Simon Cowell, Mel B, Cheryl Cole og Louis Walsh skipa dómnefndina.



Krakka stöðin | KL. 19:00

**Ástríkur á Ólympíuleikunum**

Skemmtileg bíómynd um Ástrík og Steinrík þar sem þeir keppa fyrir hönd Gaulverja á Ólympíuleikunum.

Fáðu þér áskrift! 365.IS

## SUDOKU

**LÉTT**

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 1 | 2 | 8 | | 4 | | | | 9 |
| | 6 | 7 | | 5 | | 4 | | 2 |
| | 5 | | | | 8 | | | 6 |
| | | 6 | | | 1 | 8 | 4 | |
| 9 | | | 6 | 8 | | 2 | | 5 |
| | | | | | | | | |
| | | | | | 7 | 9 | | |
| 7 | | 1 | 9 | | | 5 | | 4 |
| 2 | | | | 6 | | 3 | | 1 |

**MIÐLUNGS**

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| | | | 3 | | 8 | | | |
| | | | | 2 | | | 3 | 7 |
| | 3 | | | | 1 | | | 6 |
| 7 | 6 | | | 3 | 4 | | 8 | |
| | | 2 | | | | | 4 | 5 |
| | | 8 | 7 | | | 9 | | |
| | 9 | 6 | 8 | | | | 1 | 4 |
| | 7 | | 1 | | | | 9 | |
| 4 | | 1 | | | | | | |

**ÞUNG**

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 4 | | | 6 | 1 | 3 | | 2 | |
| | 5 | | | | | 1 | 8 | 9 |
| | | 2 | | | | 6 | | |
| 8 | | | 3 | 2 | | | | |
| | 6 | 9 | | | 8 | | | |
| | | | | 9 | 6 | | | |
| 9 | | 4 | | | | | 7 | |
| 1 | 8 | | | | 2 | | | 6 |
| | 7 | | 1 | | | 8 | | |

**LAUSN SÍÐUSTU SUDOKU**

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 4 | 6 | 2 | 3 | 7 | 1 | 5 | 8 | 9 |
| 7 | 9 | 5 | 2 | 4 | 8 | 1 | 3 | 6 |
| 8 | 1 | 3 | 5 | 9 | 6 | 7 | 2 | 4 |
| 1 | 5 | 6 | 8 | 2 | 3 | 4 | 9 | 7 |
| 2 | 4 | 7 | 1 | 5 | 9 | 3 | 6 | 8 |
| 9 | 3 | 8 | 4 | 6 | 7 | 2 | 5 | 1 |
| 3 | 7 | 9 | 6 | 1 | 5 | 8 | 4 | 2 |
| 5 | 2 | 1 | 9 | 8 | 4 | 6 | 7 | 3 |
| 6 | 8 | 4 | 7 | 3 | 2 | 9 | 1 | 5 |

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 5 | 8 | 2 | 9 | 1 | 4 | 7 | 3 | 6 |
| 6 | 1 | 4 | 2 | 3 | 7 | 8 | 5 | 9 |
| 7 | 9 | 3 | 5 | 8 | 6 | 4 | 1 | 2 |
| 8 | 2 | 6 | 3 | 4 | 9 | 5 | 7 | 1 |
| 9 | 3 | 1 | 8 | 7 | 5 | 6 | 2 | 4 |
| 4 | 5 | 7 | 6 | 2 | 1 | 9 | 8 | 3 |
| 1 | 6 | 8 | 4 | 5 | 3 | 2 | 9 | 7 |
| 2 | 7 | 9 | 1 | 6 | 8 | 3 | 4 | 5 |
| 3 | 4 | 5 | 7 | 9 | 2 | 1 | 6 | 8 |

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 6 | 7 | 3 | 1 | 5 | 9 | 2 | 8 | 4 |
| 9 | 1 | 2 | 3 | 4 | 8 | 5 | 7 | 6 |
| 4 | 5 | 8 | 6 | 2 | 7 | 3 | 9 | 1 |
| 1 | 6 | 5 | 7 | 3 | 2 | 8 | 4 | 9 |
| 7 | 8 | 9 | 4 | 1 | 5 | 6 | 2 | 3 |
| 2 | 3 | 4 | 8 | 9 | 6 | 7 | 1 | 5 |
| 3 | 2 | 1 | 5 | 7 | 4 | 9 | 6 | 8 |
| 5 | 9 | 6 | 2 | 8 | 1 | 4 | 3 | 7 |
| 8 | 4 | 7 | 9 | 6 | 3 | 1 | 5 | 2 |

Þrautin felst í því að fylla út í reitina þannig að í hverjum 3x3 reit birtist tölurnar 1-9. Í hverri níu reita línu, bæði lárétt og lóðrétt, birtast einnig tölurnar 1-9 og aldrei má tvítaka neina tölu í röðinni.

Lausnin verður birt í næsta tölublaði Fréttablaðsins.

# Myndasögur

**PONDUS** Eftir Frode Øverli




**GELGJAN** Eftir Jerry Scott & Jim Borgman




**BARNALÁN** Eftir Jerry Scott & Rick Kirkman




## SPAKMÆLI DAGSINS

„Upphaf visku er undrun.“

*Sókrates.*



## KROSSGÁTA

**LÁRÉTT**

**2.** ævikvöld, **6.** frá, **8.** mas, **9.** farvegur, **11.** kringum, **12.** laust bit, **14.** framvegis, **16.** tveir eins, **17.** iðka, **18.** for, **20.** persónufornafn, **21.** inniloka.

**LÓÐRÉTT**

**1.** þungi, **3.** í röð, **4.** reiðufé, **5.** angan, **7.** þögull, **10.** gras, **13.** útsæði, **15.** kviður, **16.** verkur, **19.** kyrrð.

**LAUSN**

**LÁRÉTT: 2.** elli, **6.** af, **8.** mal, **9.** rás, **11.** um, **12.** glefs, **14.** áfram, **16.** tt, **17.** æfa, **18.** aur, **20.** ég, **21.** króa. **LÓÐRÉTT: 1.** farg, **3.** lm, **4.** lausafé, **5.** ilm, **7.** fálátur, **10.** sef, **13.** fræ, **15.** magi, **16.** tak, **19.** ró.

## SKÁK

**Gunnar Björnsson**

**Vishy Anand (2.792) hafði hvítt gegn Magnusi Carlsen (2.863) í þriðju skák heimsmeistaraeinvígis þeirra í fyrrdag.**

**Hvítur á leik**



**30. Dc4!** (mun betra en 30. Hac1 Ha5! 31. Dc4 a2!) **30.... e5 31. Bxe5 Hxe5 32. dxe5 De7 33. e6 Kf8 34. Hc1** og heimsmeistarinn gafst upp. Góður undirbúningur Indverjans skilaði sér vel í þessari skák. Jafntefli varð svo í fjórðu skákinni í gær.

**www.skak.is** Frídagur í dag.







**Prófaðu það nýjasta, Síldarsalat.**
Áratuga reynsla af samlokugerð skilar sér til þín í ferskara og ljúffengara salati. Þú getur treyst á ferskt og vel útilátið gæðahráefni sem breytir venjulegri brauðsneið í veislu.



SÓMI




565 6000 / somi.is

# BÓK Í LANGRI BRÓK

ÚTGÁFUHÓF
Í DAG
KL 17:00
LAUGAVEGI 77




Vildarverð:
4.799.-
Fullt verð:
5.999.-

VILDARKLÚBBUR EYMUNDSSON

NÝ VERSLUN
LAUGAVEGI 77




## Bjór
**Vildarverð: 5.199.-**
Verð: 5.999.-




## Sveitasæla
**Vildarverð: 6.299.-**
Verð: 6.999.-




## Táningabók
**Vildarverð: 5.849.-**
Verð: 6.499.-




## Náttblinda
**Vildarverð: 5.849.-**
Verð: 6.499.-




## Hugrækt og hamingja
**Vildarverð: 5.849.-**
Verð: 6.499.-




## Tattoo - Tákn og merking
**Vildarverð: 3.149.-**
Verð: 3.499.-




## Jóga -  Grunnæfingar
**Vildarverð: 3.149.-**
Verð: 3.499.-




## Illur fengur
**Vildarverð: 4.499.-**
Verð: 4.999.-




## Reykjavík sem ekki varð
**Vildarverð: 7.099.-**
Verð: 7.899.-




## Biblíumatur
**Vildarverð: 5.129.-**
Verð: 5.699.-




## Snjór í myrkri
**Vildarverð: 4.949.-**
Verð: 5.499.-




## Skálmöld
**Vildarverð: 5.669.-**
Verð: 6.299.-

Austurstræti 18
Skólavörðustíg 11
Laugavegi 77
Hallarmúla 4

Álfabakka 14b, Mjódd
Kringlunni norður
Kringlunni suður
Smáralind

Hafnarfirði - Strandgötu 31
Keflavík - Sólvallagötu 2
Akureyri - Hafnarstræti 91-93
Akranesi - Dalbraut 1

Ísafirði - Hafnarstræti 2
Vestmannaeyjum - Faxastíg 36
Flugstöð Leifs Eiríkssonar

Penninn Eymundsson

540 2000 | penninn@penninn.is | www.penninn.is | www.eymundsson.is

Vöruúrval er mismunandi eftir verslunum. Gildistími tilboða er frá 13. nóvember, til og með 16. nóvember. 5% vildarafsláttur gildir af öllum tilboðum nema þeim sem merkt eru „Vildarverð".
Vildarverð gilda aðeins fyrir meðlimi Vildarklúbbs Eymundsson. Upplýsingar eru birtar með fyrirvara um villur og myndabrengl.

# MENNING

## Sumt er innblásið

TÓNLIST ★★★☆☆

**Upphaf**
Ólafur Reynir Guðmundsson
**ÚTG. ÓLAFUR REYNIR GUÐMUNDSSON**

Geisladiskur Ólafs Reynis Guðmundssonar með svokallaðri „easy listening“-tónlist kallar óhjákvæmilega á samanburð við Richard Clayderman, sem hefur sérhæft sig í lyftutónlist. Hún samanstendur af sykursætum laglínum sem oftar en ekki eru skreyttar með undirspili strengjaleikara eða rytmasveitar.

Leikur Claydermans er þó ekki sætur, þvert á móti er hann undarlega sálarlaus, nánast eins og tölvuforrit sé að spila. Af hverju veit ég ekki. Kannski finnst honum tónlistin sem hann leikur bara svona leiðinleg, og spýtir henni út úr sér á sjálfstýringunni.

Ólíkt Clayderman er Ólafur Reynir ekki starfandi tónlistarmaður. Hann er lögfræðingur í fjármála- og efnahagsráðuneytinu, en er samt menntaður píanóleikari. Á nýútkomnum geisladiski sem ber heitið Upphaf er að finna 16 lög eftir Ólaf. Hann flytur þau öll sjálfur. Inn á milli bregður einnig fyrir fiðluleik Pálínu Árnadóttur. Lögin eru hugljúf og þar eru grípandi melódíur. Það er ekkert krefjandi við þær. Þetta er músík sem rennur ljúflega niður. Að mörgu leyti er hún eins og kvikmyndatónlist.

Ekki er hægt að neita því að klisjurnar eru fyrirferðarmiklar. Maður hefur heyrt flest áður. Engu að síður eru innblásnar hendingar innan um allt hitt. Ólafur spilar líka prýðilega á píanóið, af ríkulegri tilfinningu og með fallegum áslætti. Hann hefur auðheyrilega hæfileika. Fyrir unnendur léttrar, rómantískrar píanótónlistar er þetta örugglega kærkomin útgáfa.

**Jónas Sen**

**NIÐURSTAÐA:** Tilfinningarík spilamennska, tónlistin er þægileg áheyrnar, en dálítið venjuleg.



**PÍANÓTÓNLIST** „Lögin eru hugljúf og þar eru grípandi melódíur,“ segir Jónas Sen um tónlistina á Upphafi.

## Í borg varga og sorgar

BÆKUR ★★★★☆

**Drápa**
Gerður Kristný
**MÁL OG MENNING**

Reykjavíkurmyndin sem Gerður Kristný dregur upp í ljóðabálkinum Drápu er ekki fögur. Það er vetur í borginni, kuldinn nístir merg og bein og þeir sem eru á ferli hafa illt eitt í hyggju. Ljóðmælandinn er djöfullinn sjálfur og jafnvel honum virðist ofbjóða ástandið. Hann fylgist með stúlkunni sem ljóðið fjallar um og þótt hann sé herra þess heims sem hún sogast inn í og hafi sjálfur vakið hana til hans, þá hefur hann með henni samúð og það er hann sem sér um að koma henni eftir dauðann í hendur „eineygða guðinum / þeim sem skapaði / manninn í sinni mynd / og engist nú af eftirsjá“ (bls 68.). Svo grátleg þykja honum örlög stúlkunnar sem gengið hefur til liðs við myrkusinn, nauðug viljug, verið beitt ofbeldi og glatast í eiturlyfjakófinu. Og þegar kvölin er svo sár að djöfullinn sjálfur hrærist til meðaumkunar er hætt við að eitt lítið manneskjuhjarta nánast bresti af sorg við að ganga inn í þann heim sem Gerður skapar í þessari bók.

Það er þó vel áhættunnar virði að sökkva sér ofan í heim Drápu. Gerður Kristný fer hér á kostum í því sem hún gerir best; að tálga ljóðformið þannig að hver mynd verði eins og svipuhögg og leika sér með möguleika tungumálsins þannig að úr verður ný og óvænt upplifun á nánast hverri síðu.




Maður á jafnvel á hættu að skella upp úr mitt í öllu myrkrinu og kuldanum þegar hún óvænt skýtur inn orðmynd eða tengingu sem hefur vísun í allt aðra og bjartari texta. Gangan inn í heim myrkusins er ekki auðveld, liggur við að þurfi dósahníf til að brjótast í gegnum yfirborð textans og inn í kviku hans, það er eiginlega ekki fyrr en við fjórða eða fimmta lestur sem lesandinn kemst almennilega í gegn en þá er heldur engin leið til baka. Nauðugur viljugur, eins og stúlkan sem ljóðið fjallar um, sogast hann dýpra og dýpra inn í heim myrkursins og lætur heillast aftur og aftur af því valdi sem skáldið hefur á máli og myndum.

Auk sögunnar um undirheima borgarinnar og afdrif stúlkunnar er í ljóðinu sterk ádeila á áhuga- og afskiptaleysi hins svokallaða kristna heims þegar þeir sem gengið hafa myrkrinu á hönd eiga í hlut. Endurtekin stef um krossa og kirkjur andspænis valdi djöfulsins eru firnasterk og opna nýjar víddir í túlkun textans. Eins og allar góðar bókmenntir er Drápa nefnilega ekki bundin við hérið og núið heldur hefur skírskotun til sögu mannskepnunnar allar götur síðan í Eden. Og víddunum fjölgar við hvern lestur enda Drápa ekki einnota bók heldur brunnur sem hægt verður að sækja í aftur og aftur.

**Friðrika Benónýsdóttir**

**NIÐURSTAÐA:** Fantasterkur ljóðabálkur með vandlega ydduðum ljóðum sem segja hrollvekjandi sögu.



**SKÁLDIÐ** „Gerður Kristný fer hér á kostum í því sem hún gerir best.“

MYND: THOMAS LANGDON



**ÚR FISKABÚRINU** Grímur, ljós og litir eru í forgrunni í sýningunni.



**STEFÁN BENEDIKT** „Börn eru miklu einlægari áhorfendur en fullorðnir,“ segir Stefán.

MYND: SKÝJASMIÐJAN

# Leikarar verða berskjaldaðir án orða

**Skýjasmiðjan frumsýnir á laugardaginn barnasýninguna Fiskabúrið. Sýningin er án orða og hentar því vel fyrir öll börn óháð því hvaða tungumál þau tala. Aðeins verða fjórar sýningar á verkinu, tvær um komandi helgi og tvær þá næstu.**

Leikarar eru mjög vanir því að þurfa að tjá sig og geta tjáð sig með orðum og lagt mikla meiningu í það hvernig þeir segja hlutina en þegar það vopn er tekið af þeim verða þeir algjörlega berskjaldaðir og þurfa að fara að tjá sig á allt annan hátt,“ segir Stefán Benedikt Vilhelmsson, einn leikaranna í barnasýningunni Fiskabúrinu, spurður hvers vegna leikhópurinn Skýjasmiðjan sérhæfi sig í leiksýningum án orða. „Það sem heillaði okkur við þetta form í upphafi var hversu lifandi við gátum gert sögur án þess að segja eitt einasta orð,“ útskýrir Stefán. „Það verður allt öðru vísi skynjun hjá áhorfendum um leið og þú tekur tungumálið út.“

Leikhópurinn Skýjasmiðjan var stofnaður fyrir þremur árum og sló hressilega í gegn með sýningunni Hjartaspaðar sem hlaut tvær tilnefningar til íslensku leiklistarverðlaunanna Grímunnar 2012. Þar var fjallað um fólk á elliheimili en nýja sýningin, Fiskabúrið, er ætluð fyrir áhorfendur frá 18 mánaða aldri upp í yngstu bekki grunnskóla. Er ekki erfiðara að leika fyrir börn en fullorðna? „Börn eru miklu einlægari áhorfendur en fullorðnir,“ segir Stefán. „Þau hika ekkert við að láta þig vita ef eitthvað er fallegt eða ekki nógu gott og missa áhugann ef þeim líkar ekki það sem þau sjá. Þau hafa nóg annað við tímann að gera en að eyða honum í einhverja vitleysu.“

Auk Stefáns leika þær Aldís Davíðsdóttir og Auður Ingólfsdóttir í sýningunni og hún var unnin af þeim öllum í sameiningu án sérstaks leikstjóra. Grímu- og brúðugerð var í höndum Aldísar, Stefán Benedikt gerði hljóðmynd og um ljósahönnun sér Magnús Arnar Sigurðarson. Sýnt er í Kúlunni í Þjóðleikhúsinu og aðeins verður um fjórar sýningar að ræða, á laugardag og sunnudag um næstu helgi og þarnæstu.

**„Það sem heillaði okkur við þetta form í upphafi var hversu lifandi við gátum gert sögur án þess að segja eitt einasta orð.Það verður allt öðru vísi skynjun hjá áhorfendum um leið og þú tekur tungumálið út.**

fridrikab@frettabladid.is


Það er metnaður okkar hjá Frumherja að veita góða þjónustu og hagstæð kjör á skoðunum.
Klikkaðu ekki á skoðun!
Örugg bifreið veitir betri akstur í vetur.
HAGSTÆTT VERÐ HJÁ FRUMHERJA
Verð á aðalskoðun bíls undir 3.500 kg*
FYRIRTÆKI
Frumherji ........................................ 9.700 kr.
Frumherji með afslætti.......... 8.320 kr.*
Aðalskoðun........................................ 10.420 kr.
Tékkland ........................................ 8.995 kr.
* Verðskrár fyrirtækjanna með opinberum gjöldum þ. 5.8.2014
ÖRUGG BIFREIÐASKOÐUN
UM ALLT LAND
Frumherji
Sími: 570 9090 · Netfang: frumherji@frumherji.is · www.frumherji.is



**Í MÚMÍNDAL** Múmínálfarnir og aðrar persónur Tove Jansson heimsækja Norræna húsið í dag.

# Norrænt Café Lingua

## Tove Jansson og Múmínálfarnir hennar skoðuð.

Café Lingua verður með norrænu yfirbragði í dag. Múmínálfarnir, Morrinn og Tove Jansson verða í brennidepli og mun kaffið fara fram á skandinavísku í Norræna húsinu frá klukkan 17 til 18.

Hildur Ýr Ísberg flytur fyrirlestur um kynhlutverk í bókum Jansson og Malin Barkelind les kafla úr bókinni „Pappan och havet“. Gestir geta einnig tekið þátt í getrauninni „Mummitroldene og deres nordiske venner“ og boðið verður upp á veitingar í anda Múmínmömmu.

Í Barnahelli Norræna hússins er hægt að skoða sýningu tileinkaða Tove Jansson og Múmínálfunum. Umsjón Café Lingua er að þessu sinni í höndum Norræna hússins, Stofnunar Vigdísar Finnbogadóttur auk dönsku, norsku og sænsku við Háskóla Íslands. Enginn aðgangseyrir og allir velkomnir.



**TOVE JANSSON** Höfundur Múmínálfanna verður í brennidepli í Norræna húsinu í dag.


# Skyndihjálp

Vinnuvernd ehf. býður vinnustöðum upp á námskeið í skyndihjálp, þar sem hjúkrunarfræðingur fer yfir grundvallaratriði skyndihjálpar.

Veggmyndir Vinnuverndar um skyndihjálp er hægt að fá á íslensku, pólsku og ensku í stærðunum A1 og A2.




VINNUVERNDehf
vellíðan í vinnu

Vinnuvernd ehf. | Brautarholt 28 | 105 Reykjavík | s: 5780800 | vinnuvernd@vinnuvernd.is | www.vinnuvernd.is





MENNTASKÓLINN VIÐ HAMRAHLÍÐ

STÖÐUPRÓF/PLACEMENT TESTS

Stöðupróf á vegum mennta- og menningarmálaráðuneytisins verða haldin í Menntaskólanum við Hamrahlíð í lok nóvember í stærðfræði og eftirfarandi tungumálum:

| | | | |
|---|---|---|---|
| Danska/Danish (6 einingar/10 fein*), | þri. | 25. nóv. | kl. 16:00. |
| Enska/English (9 einingar/15 fein*), | mið. | 26. nóv. | kl. 16:00. |
| Franska/French (12 einingar/20 fein*) | fim. | 27. nóv. | kl. 16:00. |
| Ítalska/Italian (12 einingar/20 fein*), | fim. | 27. nóv. | kl. 16:00. |
| Norsk/Norwegian (6 einingar/10 fein*), | þri. | 25. nóv. | kl. 16:00. |
| Spænska/Spanish (12 einingar/20 fein*), | fim. | 27. nóv. | kl. 16:00. |
| Stærðfræði/Mathematics | | | |
| (stæ103/5 fein, stæ203/5 fein, stæ263/5 fein) | mán. | 24. nóv. | kl. 16:00. |
| Sænska(Swedish (6 einingar/10 fein*), | þri. | 25. nóv. | kl. 16:00. |
| Þýska/German (12 einingar/20 fein*), | fim. | 27. nóv. | kl. 16:00. |

*hámarks einingafjöldi sem hægt er að ná, frá og með fyrsta áfanga á framhaldsskólastigi.

Rafræn skráning (On-line registration) í stöðupróf fer fram á heimasíðu skólans http://www.mh.is/skolinn/exam/. Frekari upplýsingar á (more information on) www.mh.is.

Rektor.


# Hef verið að semja frá því ég var krakki

## Þrjú hundruð manna kór, fjórir einsöngvarar og átta barnaraddir frumflytja nýtt verk í Langholtskirkju á laugardaginn á styrktartónleikum fyrir einhverf börn. Höfundur verksins er Sigurður Bragason sem einnig stendur að tónleikunum.

„Það er margt frábært listafólk sem tekur þátt í þessum tónleikum, einsöngvarar, kórar og hljóðfæraleikarar,“ segir Sigurður Bragason barítónsöngvari, sem efnir til tónleika í Langholtskirkju á laugardaginn klukkan 16. Hann nefnir til sögunnar Karlakórinn Fóstbræður, Vox feminae, Kvennakór Garðabæjar, Árnesingakórinn í Reykjavík, Flensborgarkórinn, Kammerkór Seltjarnarneskirkju og Kammerkór Reykjavíkur. Einnig einsöngvarana Kolbein J. Ketilsson, Elsu Waage, Jóhann Smára Sævarsson, Þóru Gylfadóttur, Gissur Pál Gissurarson og Önnu Jónsdóttur.

„Við vorum með fyrstu æfinguna í gær með öllum hópnum, það var geysigaman. Allir kunnu sitt,“ segir Sigurður og getur þess að auk ofantalinna séu margir frábærir einsöngvarar innan kóranna.

Tónleikarnir eru 60 ára afmælistónleikar Sigurðar og hann mun stjórna þar nýju verki eftir sig sem heitir Alfaðir, snertu við heims þessa hjarta“ við ljóð eftir Matthías Jochumsson. Verkið er tileinkað Félagi einhverfra barna og er samið fyrir barnaraddir, 300 manna blandaðan kór, fjóra einsöngvara og orgel. Það er Bjarni Þ. Jónatansson sem leikur á orgelið. Hver einsöngvari og kór flytja auk þess eitt lag eftir Sigurð, og ítölsk lög og íslensk þar fyrir utan.

„Ég hef verið að semja alveg frá því ég var krakki, var hjá Jóni Ásgeirssyni og lærði tónsmíðar á Ítalíu um leið og sönginn,“ upplýsir Sigurður. Hann er lærður tónlistarkennari og kennir bæði einsöngvurum í Nýja tónlistarskólanum og börnum í grunnskólum. Hann segir alltaf eitt og eitt barn í bekkjunum hjá sér á einhverfurófinu og því beri hann hag þess hóps fyrir brjósti. „Það er svo magnað að sjá að þau börn sem hafa fengið rétta meðhöndlun við einhverfunni taka þátt í tónlist og öðru félagslífi, það er mikil breyting frá því sem áður var.“ gun@frettabladid.is



**BARÍTÓNSÖNGVARI OG TÓNSKÁLD** „Við vorum á fyrstu æfingu í gær með öllum hópnum, það var geysigaman,“ segir Sigurður. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

# Fjögur handrit og frímerki

## Guðvarður Már Gunnlaugsson rannsóknardósent heldur hádegisfyrirlestur í dag í Þjóðminjasafninu sem hann nefnir Fjögur handrit og frímerki.

„Strangt til tekið komu út átta frímerki á árinu skreytt handritum, sex á Íslandi og tvö í Danmörku. Ég ætla að segja frá frímerkjunum og handritunum sem urðu fyrir valinu á þau,“ segir Guðvarður Már Gunnlaugsson, dósent við Árnastofnun, um fyrirlestur sem hann heldur í Þjóðminjasafninu klukkan 12.10 í dag, á fæðingardegi Árna Magnússonar handritasafnara.

Sum frímerkjanna sem Guðvarður talar um eru gefin út í tilefni þess að Árni hefði orðið 350 ára í fyrra, Handritin eru úr danskri lögbók og Njálu. „Það vill svo vel til að eitt handrita Njálssögu er myndskreytt, það lá því beint við að taka mynd af því,“ segir hann.

Íslandspóstur gaf út frímerki í sumar í tilefni af 800 hundruð ára afmæli Sturlu Þórðarsonar sagnaritara. „Sturla skrifaði meðal annars Hákonarsögu Hákonarsonar sem kallaður var „sá gamli“. Sú saga er úr Flateyjarbók og því er tekin mynd úr Flateyjarbók úr upphafi Hákonarsögu,“ segir Guðvarður. „Svo eru frímerki úr Íslensku teiknibókinni sem kom út í fyrra og ég segi aðeins frá þeim.“



**FYRIRLESARINN** Guðvarður ætlar meðal annars að giska á hversu fljótir menn voru að skrifa Flateyjarbók. MYND/JÓHANNA ÓLAFSDÓTTIR

Í viðbót kveðst Guðvarður aðeins ætla að tala um miðaldahandrit almennt og hversu snögga hann telur menn hafa verið að skrifa Flateyjarbók. - gun

VERÐLAUNAHÁTÍÐ Í EYMUNDSSON, AUSTURSTRÆTI KL.17.00

# EVRÓPUMEISTARINN






Við óskum Oddnýju innilega til hamingju með Bókmenntaverðlaun Evrópusambandsins árið 2014!

Fagnið verðlaununum og útgáfu **Ástarmeistarans** með okkur á 4. hæð í Eymundsson, í dag kl. 17.00.

Tónlist og léttar veitingar. Bækur á tilboðsverði. Höfundur áritar. Allir velkomnir.

Bókmenntaverðlaunum Evrópusambandsins er ætlað að veita nýjustu og bestu upprennandi rithöfundunum í Evrópu viðurkenningu. Landsdómnefndir velja vinningshöfunda, en hvert Evrópuland tekur þátt þriðja hvert ár.

EUROPEAN UNION
PRIZE FOR LITERATURE

BJARTUR

DYNAMO REYKJAVÍK

# FIMMTUDAGUR

## HVAÐ? HVENÆR? HVAR?

**13. NÓVEMBER 2014**

### Tónleikar

**20.00** Karlakór Reykjavíkur fær til sín marga góða og þjóðþekkta gesti í Grafarvogskirkju í kvöld. Jólin byrja snemma í ár. 4.000 krónur inn.

**20.00** Kristjana Stefánsdóttir og píanóleikarinn Kjartan Valdemarsson fá til sín góða gesti í Hannesarholt á Grundarstíg 10 í kvöld. Þau munu spila íslensk lög, ameríska slagara, Bítlalög og önnur heittelskuð popp- og rokklög. 2.500 krónur inn.

**20.00** These Fists treður upp í kjallaranum á Paloma í kvöld.

**21.00** Hljómsveitin Eva fagnar útgáfu hljómplötunnar Nóg til frammi á Café Rosenberg í kvöld með góðum gestum. Aðgangseyrir er 1.500 krónur en diskurinn verður til sölu á 2.500 krónur. Diskurinn verður á sérstöku útgáfutónleikaverði, 2.000 krónur ef keypt eru þrjú eintök eða fleiri.

**21.00** Færeyingurinn Maríus Ziska og Svavar Knútur hefja Litla Íslandstúr þeirra í kvöld. Kapparnir munu troða upp á Ránni í Keflavík í kvöld. Miðaverð er 2.000 krónur og er miðasala á midi.is og við innganginn.

**21.00** Toneron er tveggja manna hljómsveit sem ætlar að nudda heilann þinn á Gauknum í kvöld.

**21.00** Tónlistarveisla í skammdeginu á vegum menningar- og safnanefndar Garðabæjar verður haldin á ný í kvöld í göngugötunni á Garðatorgi í Garðabæ. Garðbæingurinn Jóhann Sigurðarson, leikari og söngvari, er í aðalhlutverki ásamt landsþekktum tónlistarmönnum, Pálma Sigurhjartarsyni á hljómborð og harmóníku, Ásgeiri Óskarssyni Stuðmanni á trommum og slagverki, Guðmundi Jónssyni úr Sálinni á gítar og Jóni Rafnssyni á bassa. Gestir geta keypt sér veitingar frá kl. 20.30.



**21.00** Hljómsveitin Oyama fagnar tilkomu fyrstu breiðskífu sinnar Coolboy með tónleikum á Húrra í kvöld. Hljómsveitin hyggst leika plötuna í heild sinni með góða vini sér til halds og trausts. Einnig munu kannski heyrast einhver lög af eldri plötunni, I Wanna. Hljómsveitin Nolo hitar upp. 2.000 krónur inn en platan verður á tilboði við innganginn ásamt glænýjum varningi. Eftir tónleikana mun DJ Sunna Ben þeyta skífum.



**21.00** Sun Kil Moon, hinir virtu fólkrokkarar frá San Francisco troða upp á Dillon í kvöld. War On Drugs aðdáendur velkomnir.

**22.00** Magnús R. Einarsson heldur tónleika á Ob-La-Dí-Ob-La-Da, Frakkastíg 8 í kvöld. Ókeypis inn.

### Leiklist

**19.00** Ríkharður III (fyrir eina konu) er verk í vinnslu, unnið upp úr verki Shakespeare og verður sýnt í Tjarnarbíói í kvöld. Leikstjóri er Kolbrún Björt Sigfúsdóttir, leikari Emily Carding, framleitt af Brite Theater. Þær eru komnar í Tjarnarbíó til að rannsaka verkið, afstöðu sína til pólitíkusa, samband Ríkharðs við áhorfendur og hvort það breyti einhverju ef Ríkharður III er kona.

### Félagsvist

**20.00** Rangæingar og Skaftfellingar í Reykjavík athugið! Félagsvist í Skaftfellingabúð í Reykjavík í kvöld.

### Uppákomur

**17.00** Café Lingua verður með norrænu yfirbragði í dag. Múmínálfarnir, Morrinn og Tove Jansson verða í brennidepli og mun kaffið fara fram á skandinavísku í Norræna húsinu í dag. Hildur Ýr Ísberg flytur fyrirlestur um kynhlutverk í bókum Jansson, Malin Barkelind les kafla úr bókinni Pappan och havet, gestir geta tekið þátt í getrauninni Mummitroldene og deres nordiske venner og boðið verður upp á veitingar í anda Múmínmömmu. Í Barnahelli Norræna hússins er svo hægt að skoða sýningu tileinkaða Tove Jansson og Múmínálfunum.



### Pub Quiz

**21.00** Kvikmynda pub quiz á Lebowski bar í kvöld. DJ Smutty Smiff spilar eftir á.

### Tónlist

**21.00** Mike Hunt treður upp á Dolly en á eftir þeim mun Shakespeare Sister Theme skemmta lýðnum.

**21.00** DJ Cyppie spilar á Hressingarskálanum í kvöld.

**21.00** Trúbadorarnir Hjálmar og Dagur troða upp á English Pub í kvöld.

**21.00** DJ SimSim spilar á Frederiksen Ale House í kvöld.

**22.00** DJ Styrmir Dansson spilar á Prikinu í kvöld.

**22.00** Simon fknhndsm spilar á Kaffibarnum í kvöld.

### Bækur

**17.00** Verðlauna- og útgáfuhátíð vegna þriðju bókar Oddnýjar Eirar Ævarsdóttur, Ástarmeistarann, verður haldin í bókaforlaginu Bjarti í dag. Tónlist, gleði og léttar veitingar. Bækurnar verða á tilboðsverði og höfundur áritar.

**17.00** Í dag verður fagnað útgáfu bókarinnar Hallgerður eftir Guðna Ágústsson í Eymundsson, Laugavegi 77. Léttar veitingar í boði.

**20.00** Fimmta Höfundakvöldið í Gunnarshúsi fer fram í kvöld. Þá mæta þau Kristín Eiríksdóttir og Þórarinn Leifsson, lesa upp og svara spurningum Elínar Bjarkar Jóhannsdóttur bókmenntafræðings um nýútkomnar bækur sínar. Allir velkomnir á meðan stólar leyfa. Fyrstir koma, fyrstir fá sæti. Aðgangur 500 krónur.

### Fyrirlestrar

**12.10** Í tilefni af fæðingardegi Árna Magnússonar handritasafnara gengst Stofnun Árna Magnússonar í íslenskum fræðum fyrir hádegisfyrirlestri í Þjóðminjasafninu í dag. Þar mun Guðvarður Már Gunnlaugsson, rannsóknardósent við Árnastofnun, halda erindi sem nefnist Fjögur handrit og frímerki.

**16.30** Fyrirlestur Arngríms Vídalíns, doktorsnema við Háskóla Íslands, hjá Miðaldastofu Háskóla Íslands fer fram í dag í stofu 422 í Árnagarði. Fyrirlesturinn ber yfirskriftina Merking orðsins blámaður og birtingarmyndir blámanna frá upphafi ritaldar og fram á 19. öld. Í fyrirlestrinum verður drepið á ýmis dæmi um blámenn í miðaldasögum, alfræðiritum og þjóðsögum og leitast við að varpa nokkru ljósi á margbreytileika þeirra og ólíka merkingu orðsins eftir samhengi, með samanburði við evrópskar heimildir þar sem við á.

### Umræður



**20.00** Í kvöld mun myndlistar- og tónlistarmaðurinn Helgi Þórsson ræða við gesti um verk sín á sýningunni Vara-litir sem nú stendur yfir í Hafnarborg. Sýningin Vara-litir einkennist af litaflaumi og frásagnargleði. Bjartir og fjörmiklir litir eru áberandi á sýningunni og undirstrika óttaleysi og hispurslausa tjáningu listamannanna. Verkin á sýningunni eiga það sameiginlegt að vera hlaðin litum og formum sem endurspegla tíðaranda 21. aldarinnar, þar sem ofgnótt upplýsinga hleður hvert augnablik.

*Upplýsingar um viðburði sendist á hvar@frettabladid.is og einnig er hægt að skrá þá inni á visir.is.*






# HÚRRA REYKJAVÍK

**HVERFISGATA 50 | 101 REYKJAVÍK | 571 7101 | WWW.HURRAREYKJAVIK.IS**

ADIDAS ORIGINALS | ANDERSON´S | CARHARTT WIP | EDWIN | GRENSON | JASON MARKK | KOMONO | LIBERTINE-LIBERTINE
NIKE SB | NIKE SPORTSWEAR | NORSE PROJECTS | OH DAWN | POINTER FOOTWEAR | RED WING | VANS

## AFMÆLISBARN DAGSINS



**45 ára Gerard Butler leikari**

**Þekktastur fyrir:** 300

## BÍÓFRÉTTIR

### Streep í Pathé

Tökur á kvikmyndinni Pathé með Meryl Streep og Hugh Grant í aðalhlutverkum hefjast í maí á næsta ári. Myndin er byggð á ævi Florence Fosters Jenkins, erfingja og yfirstéttarkonu, sem elti drauminn sinn um að gerast óperusöngkona. Henni þótti röddin sem hún heyrði í höfði sér falleg en öllum öðrum þótti hún hryllileg. Streep leikur Jenkins en Grant eiginmann hennar og umboðsmann sem styður við bakið á henni.



### Heiðruð í Stokkhólmi

Leikkonan Uma Thurman fékk dynjandi lófaklapp þegar hún tók á móti heiðursverðlaunum á kvikmyndahátíð í Stokkhólmi á dögunum. Þegar hún var spurð hvort hún ætti einhver ráð fyrir unga leikara sagði hún einfaldlega: „Verið hugrökk.“ Thurman lék síðast í tveimur Nymphomaniac-myndum danska leikstjórans Lars von Trier. Hún er líklega þekktust fyrir leik sinn í Kill Bill 1 og 2 og Pulp Fiction.



## FRUMSÝNINGAR



**St. Vincent**
**Gamanmynd**
**Aðalhlutverk:** Bill Murray, Melissa McCarthy og Naomi Watts.

IMDb 7,6/10



**Dumb and Dumber To**
**Gamanmynd**
**Aðalhlutverk:** Jim Carrey, Jeff Daniels, Rob Riggle og Laurie Holden.

IMDb 8/10



**TARANTINO OG TRAVOLTA** Leikstjórinn ætlar að gera tvær myndir í viðbót fyrir utan þá nýjustu, The Hateful Eight. NORDICPHOTOS/GETTY

# Hættir eftir tíu myndir

Quentin Tarantino ætlar ekki að eldast í faginu.

Quentin Tarantino segist ætla að hætta að leikstýra eftir að hann lýkur við sína tíundu kvikmynd. „Maður á ekki að vera uppi á sviði þangað til fólk grátbiður mann að fara í burtu,“ sagði Tarantino við áhorfendur á kvikmyndaráðstefnunni American Film Market í Santa Monica.

Hann er þessa dagana að kynna sína nýjustu mynd, vestrann The Hateful Eight, sem verður frumsýndur á næsta ári. „Ég geri tvær í viðbót á eftir þessari. Mér finnst það góð tilhugsun að hætta eftir tíu myndir. Þetta er ekki fastneglt en ég stefni að þessu,“ sagði hinn 51 árs leikstjóri.

Hann bætti við að leikstjórn væri fyrir ungt fólk og hann ætlaði að semja leikrit og bækur í staðinn. „Ég hef gaman af þeirri tilhugsun að áhorfendur vilji fá aðeins meira. Mér finnst að ungt fólk eigi að vera í leikstjórn og ég er skotinn í þeirri hugmynd að naflastrengur verði á milli fyrstu og síðustu myndarinnar minnar. Ég er ekki að reyna að gera lítið úr neinum sem hefur aðra skoðun, en ég vil hætta á meðan ég er enn sterkur.“

> **Mér finnst að ungt fólk eigi að vera í leikstjórn og ég er skotinn í þeirri hugmynd að naflastrengur verði á milli fyrstu og síðustu myndarinnar minnar.**

Þeir sem voru með honum á ráðstefnunni gerðu dálítið grín að honum, þar á meðal leikarinn Samuel L. Jackson. „Hvað ætlar Quentin að gera við sjálfan sig ef hann ætlar að standa við þetta?“ sagði Jackson, sem hefur starfað með Tarantino í myndum á borð við Pulp Ficton og Jackie Brown.

Leikstjórinn ætlaði í janúar að hætta við að gera The Hateful Eight eftir að handriti myndarinnar var lekið á netið. Síðar meir hætti hann við og ákvað að búa myndina til, aðdáendum hans til mikillar ánægju.

# Fékk mörg hundruð milljónum meira

Gríðarlegur launamunur var á Jim Carrey og Jeff Daniels þegar upptökur á Dumb and Dumber fóru fram fyrir um tuttugu árum. Framhaldið er komið í bíó.

Framhaldsmyndin sem svo margir hafa beðið eftir, Dumb and Dumber To, er komin í bíó. Þar taka þeir Jim Carrey og Jeff Daniels upp þráðinn þar sem þeir létu hann niður falla sem heimskingjarnir Lloyd Christmas og Harry Dunne.

Tuttugu ár eru liðin síðan Dumb and Dumber sló í gegn. Kostnaðaráætlun þeirrar myndar hljóðaði upp á sautján milljónir dala, eða rúma tvo milljarða króna. Á endanum hafði hún þénað 247 milljónir dala í miðasölunni úti um heim allan, eða um þrjátíu milljarða króna.

Leikstjórarnir Bobby og Peter Farrelly voru nýlega spurðir út í þessa ógurlega vinsælu gamanmynd í þættinum The Hollywood Masters og þar kom ýmislegt áhugavert í ljós. Meðal annars það að Carrey fékk um 870 milljónir króna fyrir að leika Christmas en mótleikari hans Daniels fékk aftur á móti aðeins sex milljónir króna fyrir að leika Dunne, að því er Yahoo.com greindi frá.

„Þeir buðu honum 43 milljónir króna fyrir að leika í myndinni en hann sagði nei,“ sagði Peter Farrelly. „Hann vildi fá 50 milljónir. Þá héldu þeir að sér höndum. Svo kom Ace Ventura út, sem var fyrsta myndin hans og hún fór í efsta sætið. Þá sagði kvikmyndaverið: „Ókei, þú færð 50 milljónir“. Þá sagði hann: Nei, ég vil 62 milljónir.“

Til að gera langa sögu stutta hélt Ace Ventura toppsæti sínu á vinsældalistanum og þegar launaviðræðunum lauk voru laun Carreys komin upp í 870 milljónir króna, sem er það mesta sem gamanleikari hafði þá fengið greitt.



**LLOYD CHRISTMAS OG HARRY DUNNE** Heimskingjarnir snúa aftur á hvíta tjaldið tuttugu árum eftir að Dumb and Dumber kom út.

## Leita að barni Harrys

Í Dumb and Dumber To fara þeir Lloyd og Harry í ferðalag til að finna barn Harrys sem hann vissi ekki að hann ætti. Eins og í Dumb and Dumber leikstýra Farrelly-bræðurnir myndinni. Þrátt fyrir orðróm um annað mun Jennifer Lawrence ekki leika feluhlutverk í henni. Að sögn Bobby var þetta feluhlutverk aldrei kvikmyndað og það næsta sem þeir komust stjörnunni var að snæða með henni kvöldverð í Atlanta þegar hún var að taka upp The Hunger Games.

Hvað Daniels varðar þá fékk hann borgaða þessa smáaura fyrir sitt hlutverk vegna þess að kvikmyndaverið vildi ekki ráða hann til að byrja með. „Þeir sögðu: „Gerið það, einhvern annan en hann. Náið í gamanleikara“,“ sagði Bobby Farrelly, sem vildi ráða Daniels eftir að hafa séð hann í myndinni Something Wild. „Þannig að þeir buðu honum, að mig minnir, sex milljónir króna, og þeir bjuggust við því að hann myndi neita vegna þess hve Carrey fékk mikið greitt. En hann tók þessu.“

Að sögn Peters Farrelly var það Carrey sjálfur sem lagði til fyrir nokkrum árum að ráðist yrði í gerð Dumb and Dumber To en í millitíðinni hafði hin misheppnaða Dumb and Dumberer komið út með öðrum aðalleikurum og leikstjóra. „Jim var á hóteli, kveikti á sjónvarpinu, og horfði á hana frá upphafi til enda og hugsaði með sér: Við verðum að gera aðra mynd.“

freyr@frettabladid.is



# SKEMMTILEGAR OG LITRÍKAR




## SPRELL-FJÖRUGAR VÍSUR!

**1. SÆTI**
METSÖLULISTA EYMUNDSSON
BARNABÆKUR 5. - 11. 11. 2014

Sjónvarpsmaðurinn **Egill Eðvarðsson** sýnir hér á sér nýja og óvænta hlið í máli og myndum í vísnabók sem bætir, hressir og kætir.




**HLJÓÐBÓKIN FYLGIR MEÐ!**

## VERTU TRÖLLAVINUR!

Sérlega skemmtileg og þroskandi saga eftir **Sirrý** með gullfallegum og líflegum myndum!




„Meiriháttar matargat ... glæsileg matreiðslubók ... Það eru einhverjir duldir töfrar í þessari litlu bók!“
SVAVAR HALLDÓRSSON, REYKJAVÍK VIKUBLAÐI

## FRÁBÆRIR RÉTTIR SEM SLÁ Í GEGN!

Matreiðslubók eftir **Theodóru J. Sigurðar-dóttur Blöndal** fyrir alla krakka með stórskemmtilegum uppskriftum.

VERÖLD

DYNAMO REYKJAVIK

# LÍFIÐ

## TREND Galla-samfestingur

Gallaefni nýtur sífellt meiri vinsælda. Áður var talið mesta tískuslysið að vera í „denim on denim“ en sú tíska hefur slegið í gegn undanfarið ár. Nú er þessi tíska komin á næsta stig og koma gallasamfestingarnir sterkir inn.


TRUSSARDI


BALMAIN


CAVALERA


STELLA MCCARTNEY

# Dagurinn sem sitjandinn á Kim Kardashian rústaði internetinu

Það logaði allt á vefnum í gær þegar tímaritið Paper afhjúpaði nýjustu forsíðu sína. Á henni er mynd af raunveruleikastjörnunni Kim Kardashian þar sem hún berar sinn fræga bossa. Forsíða Paper er langt frá því að vera fyrsta tímaritsforsíðan sem skekur heiminn. Fréttablaðið fór á stúfana og rifjaði upp nokkrar eftirminnilegar forsíður.



**HÉR SÉ RASS** Forsíða Paper gerði allt vitlaust í gær.



**JÓKERINN OG MADOFF** Fjárglæframaðurinn Bernie Madoff var sýndur sem Jókerinn úr Batman á forsíðu New York Magazine árið 2009.



**UMDEILD FJÖLSKYLDA** Jackson-fjölskyldan hefur löngum verið á milli tannanna á fólki en þegar Janet Jackson var ber að ofan á forsíðu Rolling Stone árið 1993 varð allt vitlaust.



**STRÍÐ OG FRIÐUR** Boxarinn Muhammad Ali sat fyrir á forsíðumynd Esquire árið 1968 og átti myndin að túlka það að Muhammad neitaði að berjast í Víetnamstríðinu.



**FYRIRSÖGN ÓÞÖRF** Díana prinsessa prýddi forsíðu tímaritsins People þann 15. september árið 1997, rétt rúmum tveimur vikum eftir andlát sitt. Er þetta annað mest selda eintak People í sögu ritsins.



**FRUMKVÖÐULL** Leikkonan Demi Moore var fyrsta ólétta konan sem sat nakin fyrir á forsíðu tímarits þegar hún prýddi forsíðu Vanity Fair árið 1991. Margir hafa reynt að endurgera þessa forsíðu síðan þá.



**ÁTTI AÐ MINNA Á MINNISVARÐA** Ljósmyndarinn Platon á heiðurinn af þessari mynd af Bill Clinton, fyrrverandi Bandaríkjaforseta, sem birtist á forsíðu Esquire í desember árið 2000. Myndin var tekin á litlu hótelherbergi í Princeton og átti að minna á Lincoln-minnisvarðann en í staðinn var hún túlkuð á kynferðislegan hátt í ljósi Lewinsky-hneykslisins.



**BÖNNUÐ Í SJÖ LÖNDUM** Mörgum fannst nóg um þegar söngkonan Azealia Banks var á forsíðu Dazed and Confused í september árið 2012 að reykja smokk. Forsíðan var bönnuð í sjö löndum.



**JÁ, ÉG ER LESSA** Margir voru búnir að velta því fyrir sér hvort spéfuglinn Ellen DeGeneres væri samkynhneigð þegar þáttur hennar, Ellen, sló í gegn um miðjan tíunda áratug síðustu aldar. Þegar hún kom út úr skápnum á forsíðu Time árið 1997 setti það feril hennar í uppnám og fékk hún lítið að gera næstu þrjú árin.



**KANN AÐ ERGJA FÓLK** Rapparinn Kanye West, eiginmaður Kim Kardashian, brá sér í líki Jesú á forsíðu Rolling Stone árið 2006 og að sjálfsögðu ergði það marga.



**SAUTJÁN ÁRA OG SEXÍ** Söngkonan Britney Spears var aðeins sautján ára þegar hún prýddi forsíðu Rolling Stone árið 1999. Britney var á hátindi ferilsins en mörgum fannst forsíðumyndin of kynþokkafull.



**SÖGUFRÆG MYND** Ljósmyndarinn Ann Leibovitz tók forsíðumyndina af John Lennon og Yoko Ono fyrir Rolling Stone nokkrum klukkustundum áður en hann var skotinn árið 1980. Tæplega tveimur mánuðum síðar var myndin notuð í hefti sem minntist Bítilsins.

SJÁUMST!



Endurskinsmerki
Verð: 999.-

Penninn Eymundsson

BÓNUS BÓNUS BÓNUS BÓNUS

# EURO•SHOPPER

# FROSNAR KJÚKLINGABRINGUR



900g




**1498 KR.**

# 脆皮鴨芳







**2598 kr. stk.**

CRISPY DUCK: Beinlaus forelduð/steikt önd og 24 pönnukökur og sósa. Asíuveisla fyrir þrjá til fjóra

BÓNUS EKKERT BRUÐL

Verðtilboðin í þessari augl. Gilda til 16.nóv. 2014

**Afgreiðslutími í Bónus:** Mánudaga-Fimmtudaga; 11:00-18:30 • Föstudaga; 10:00-19:30 • Laugardaga; 10:00-18:00 • Sunnudaga; 12:00-18:00 •

# Þykir vænt um Bill O'Reilly

Þáttarstjórnandi Daily Show, Jon Stewart, segir í viðtali við Rolling Stone að sér þyki vænt um Bill O'Reilly, hinn harðskeytta íhaldsmann frá Fox News. „Það er ótrúleg kynferðisleg spenna á milli okkar. Hann minnir mig á alla sem ég ólst upp með. Ég elska fæðingarbæ minn þó að ég sé ósammála mörgum sem búa þar. Það hjálpar mér að skilja að ég þarf að vera opinn fyrir rökræðum," segir Stewart.

„Fólk spyr: „Af hverju færðu hann í viðtal til þín? Hann er illur!" En ég held ekki að hann sé illur. - þij

# Sótti innblástur sinn í íslenska víðáttu

Markéta Irglová úr hljómsveitinni The Swell Season heldur útgáfutónleika í Kaldalóni í næstu viku.

Markéta Irglová heldur útgáfutónleika í Kaldalóni 19. nóvember til að kynna sína aðra sólóplötu, Muna, sem var tekin upp á Íslandi.

Markéta hefur tvisvar áður spilað hér á landi. Hún er annar helmingur hljómsveitarinnar The Swell Season á móti Glen Hansard.

Þau léku aðalhlutverkin og sömdu tónlistina í myndinni Once.

Lagið Falling Slowly úr myndinni færði þeim Óskarsverðlaunin og í framhaldinu var gerð söngleikjaútfærsla af Once sem hlaut m.a. átta Tony-verðlaun og er enn sýnd fyrir fullu húsi á Broadway og víðar.

„Ég kom til Íslands í fyrsta skiptið með The Swell Season," segir Markéta.

„Ég varð ástfangin af landinu þá og varð sorgmædd við að kveðja það, þrátt fyrir að ég vissi að einhvern daginn myndi ég snúa aftur. Víðáttan, öræfin og orkan sem geislar af landinu veita mér innblástur," segir hún.

Tónleikarnir í Kaldalóni verða lokahnykkurinn á tveggja mánaða tónleikaferð hennar um Norður-Ameríku og Evrópu.

Svavar Knútur hitar upp en miðasala er hafin. - fb

> Ég varð ástfangin af landinu þá og varð sorgmædd við að kveðja það, þrátt fyrir að ég vissi að einhvern daginn myndi ég snúa aftur.



**MARKÉTA IRGLOVÁ** Tónlistarkonan heldur útgáfutónleika í Kaldalóni 19. nóvember.

# Rokk og ról gegn siðapostulum

Andkristni harmar ummæli Snorra Ásmundssonar um „sataníska orku" Framsóknar. Tónlistarhátíð í desember.

„Andkristni er það að sætta sig ekki við kúgun í skjóli trúar. Þetta snýst um það að taka „sannleikann" af sjálfskipuðum siðapostulum, sem með fordómum og afturhaldshyggju þykjast eiga að ákveða hvað aðrir mega og mega ekki," segir Eyvindur Gauti Vilmundarson, einn aðstandenda tónlistarhátíðarinnar Andkristni sem haldin verður á Gamla Gauknum 21. desember.

Andkristni er langlífasta þungarokkshátíð Íslands. „Hátíðin var í byrjun óbeint svar við Kristnihátíð sem haldin var á Þingvöllum árið 2000. Með henni vildu aðstandendur Andkristnihátíðar koma skoðun sinni á framfæri varðandi kostnað og annað sem fylgdi þeirri hátíð, sem kalla má svartan blett á sögu þjóðar," segir Eyvindur.

Á tónleikunum koma fram svartmálmssveitirnar Svartidauði, Sinmara, Misþyrming, Abominor og Mannvirki. „Það má benda á að Íslendingar hafa nú hamrað svartmálminn í hartnær 20 ár og því vel við hæfi að gera hann sýnilegri og að sem flestir kynnist honum."

Þess má geta að í fréttatilkynningu frá Andkristni segjast aðstandendur hátíðar harma ummæli listamannsins Snorra Ásmundssonar um að sataníska orku legði af Framsóknarflokknum. „Sataníski orku yrði seint sóað í þann lýð. Satan er líf, ljós og unaður, ólíkt Framsóknarflokknum," segir þar. - þij



**ABOMINOR** Sveitin skrifaði nýlega undir samning hjá írsku plötuútgáfunni Invictus Productions. MYND/KRISTINN GUÐMUNDSSON

# Opnuðu Torfuna í stað Humarhússins

Veitingastaður með sama nafni var opnaður 1981.

Veitingastaðurinn Torfan hefur nú verið opnaður á Amtmannsstíg 1 þar sem Humarhúsið var áður.

Þetta er ekki í fyrsta skipti sem húsið hýsir veitingastað sem ber nafnið Torfan, en árið 1981 var opnaður veitingastaður í húsinu með sama nafni. Nafngiftin er því engin tilviljun.

„Það er ástæða fyrir nafninu. Viss virðing fyrir fortíðinni og við erum náttúrulega á Bernhöftstorfu. Þetta vinnur allt saman," segir Ívar Þórðarson yfirkokkur.

Húsið við Amtmannsstíg 1 var byggt árið 1938 og er friðað. „Við erum í rauninni ekki að breyta neinu, þetta er allt upprunalegt. Við settum bara nýja málningu sem okkur þótti hæfa húsinu. Við berum virðingu fyrir húsinu og reynum að endurspegla það í þjónustu og mat."

Hin sögufrægu Torfusamtök börðust fyrir tilvist húsanna á Bernhöftstorfu en svæðið hefur einnig þrisvar sinnum orðið eldi að bráð.

„Það hefur alltaf sloppið fyrir horn og aldrei brunnið til grunna. Húsið er í rauninni í upprunalegri mynd og við ætlum að halda því alveg þannig." - gló



**YFIRKOKKUR** Amtmannsstígur 1 hýsir í annað sinn veitingastað sem ber nafnið Torfan. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM




### → Ísland sigraðist á illskunni

Greinin „Why Iceland Should Be in The News But Isn't" birtist á suðurafrísku síðunni SACSIS árið 2011 og hefur farið eins og eldur í sinu um netið undanfarin ár. Afleiðingar þessarar greinar á netinu urðu þær að lýðræðiselskandi „clicktivistar" um allan heim fengu þá hugmynd að Íslendingar hefðu skipt um stjórnarskrá og varpað öllum bankamönnunum í fangelsi, sem er auðvitað alrangt.



### → Allir eru rithöfundar

Í fyrra birtist grein á BBC þar sem því er haldið fram að einn af hverjum tíu Íslendingum muni gefa út bók á lífstíð sinni. Þetta er fásinna og það frá ríkisfjölmiðli! Einn af hverjum tíu Íslendingum mun gefa út einhvers konar texta á lífstíðinni en ekki heila bók. Það gæti allt eins verið texti á mjólkurfernu en ekki skáldsaga eða ljóðabók.

# Ranghugmyndum um Ísland dreift um netið

Fréttablaðið tekur saman nokkrar kolrangar hugmyndir um land og þjóð, sumar sem komið hafa fram á undanförnum árum en aðrar sem eru enn eldri.

Ranghugmyndir um Ísland eru næstum því jafn gamlar og landið sjálft. Á undanförnum árum, sérstaklega eftir efnahagshrunið, hefur miklu af misvísandi upplýsingum um landið verið dreift um heiminn.

Oft og tíðum mála þessar „staðreyndir" landsmenn upp sem framverði lýðræðis og menningar í hinum vestræna heimi, eða sem einhvers konar dulræn náttúrubörn eins og haldið er til dæmis fram í nýlegri ljósmyndaseríu af „skyggnu" tvíburunum Ernu og Hrefnu. Hvaða heilvita maður sem er getur auðvitað séð að þetta er fjarri lagi. Það að sveipa lönd og staði einhvers konar rómantík er auðvitað undirstaða allrar ferðamennsku en Íslendingar sjálfir gerast líka oft sekir um að dreifa þessum ranghugmyndum til annarra sem og landa sinna.

Fréttablaðið hefur því tekið saman nokkrar af helstu ranghugmyndunum um land og þjóð sem komið hafa fram á undanförnum árum.

## SVARAÐI RANGHUGMYNDUM UM ÍSLAND FYRIR 400 ÁRUM



**Arngrímur Jónsson** lærði var prestur og fræðimaður sem fæddist árið 1568 og hlaut sérstaka eftirtekt fyrir rit sín um Ísland svo sem Brevis commentarius de Islandia, varnarrit þar sem Arngrímur gagnrýnir ummæli ýmissa lærðra erlendra manna um íslenska þjóð og land, og Crymogæa, fyrstu samfelldu Íslandssöguna sem átti að leiðrétta ýmsar ranghugmyndir útlendinga um Ísland.

Samkvæmt Wikipedia hefur reyndar verið látið að því liggja að skrif Arngríms gegn erlendum ritum um Ísland hafi verið hluti af áróðri Danakonungs gegn Hansakaupmönnum á þeim tíma sem leiddi á endanum til verslunareinokunar Dana. Rit Arngríms beindust nefnilega gegn skrifum manna sem komið höfðu hingað í erindum Hansakaupmanna.



### → Tortíming eftir Eyjafjallajökul

Árið 2010 sagði þáverandi framkvæmdastjóri Samtaka ferðaþjónustunnar, Erna Hauksdóttir, í samtali við Pressuna að ferðamönnum hefði fækkað eftir gosið í Eyjafjallajökli. Þess vegna hafi verið ráðist í hið umdeilda markaðsátak Inspired by Iceland. „Fólk heldur að ástandið sé mjög slæmt, fólk heldur að hér sé landið bara þakið ösku og sendir fyrirspurnir og spyr hvort það sleppi við öskuna fari það til Vestfjarða. Þetta er náttúrlega bara vanþekking. Við viljum gera allt sem við getum til að koma í veg fyrir slæm áhrif hennar," sagði Erna.



### → Björk á Elliðaey

Í fyrra birtust fjölmargar greinar á netinu, til dæmis á virtu tónlistarsíðunni Complex, þar sem kom fram að Ísland hefði gefið Björk Elliðaey í þakkarskyni fyrir framlag hennar til lands og þjóðar. Þetta er auðvitað kolrangt. Það var Davíð Oddsson, fyrrverandi forsætisráðherra, sem sagðist árið 2000 vera reiðubúinn til að greiða fyrir því að Björk fengi að reisa sér hús á Elliðaey og búa þar leigulaust í þakklætisskyni fyrir menningarstörf hennar. Hætt var við þessa hugmynd eftir fyrirspurn Steingríms J. um hvort rétt væri fyrir ríkið að selja náttúruperlur.


6 vikur til jóla
Jólatilboð 13. – 20. nóvember
Ef keyptar eru vörur í verslunum okkar fyrir 10.900 kr. vikuna 13.- 20. nóvember fylgir með gjafakort fyrir tvo í Bláa lónið.
www.bluelagoon.is
Fegurðin kemur að innan


**TRYLLT STEMNING Á SVIÐI** Alan tekur sig ekki of alvarlega.


**KARL KLIKKAR EKKI** Hér er Karl Kennedy ásamt eiginkonu sinni, Susan.


**SAMAN Í FJÓRTÁN ÁR** Með eiginkonu sinni, Jennifer Hansen.


**ÖFLUGUR GÍTARLEIKARI** Alan er lunkinn á gítar og prýðilegur söngvari.

# „Það verður hápunktur lífs míns að koma til Íslands“

Neighbours-leikarinn Alan Fletcher heldur tónleika á Spot í janúar. Hann hefur lengi ætlað sér að koma til Íslands og vonar að hann fái að sjá norðurljósin. Hann smakkaði brennivín fyrir stuttu og fannst það áhugaverð lífsreynsla. Fréttablaðið sló á þráðinn til Alans.



**Lilja Katrín Gunnarsdóttir**
liljakatrin@frettabladid.is


„Þetta er í fyrsta sinn sem ég kem til Íslands en það hefur lengi verið á listanum yfir þá hluti sem ég þarf að gera áður en ég dey. Ég hef heyrt að þetta sé eitt fallegasta land í heimi og ég varð að komast þangað. Tónleikarnir voru gott tækifæri til þess,“ segir leikarinn og tónlistarmaðurinn Alan Fletcher. Hann er hvað þekktastur fyrir að túlka vinalega lækninn Karl Kennedy í áströlsku sápuóperunni Neighbours. Hann heldur tónleika með sveitinni The X-Rays á skemmtistaðnum Spot í Kópavogi hinn 9. janúar næstkomandi.

Alan er ekki aðeins lunkinn tónlistarmaður og hæfileikaríkur leikari heldur hefur hann einnig unnið fyrir sér sem atvinnuljósmyndari.

„Ég er búinn að vera að kynna mér Ísland því ég er mjög áhugasamur ljósmyndari og ég elska að taka landslagsmyndir. Ég hef eytt fáránlega miklum tíma á internetinu að skoða jökla og aðra áhugaverða staði á Íslandi. Ég á líka vini sem hafa búið á Íslandi þannig að ég er nokkuð vel að mér þegar kemur að landinu. Ég á líka Facebook-vini frá Íslandi sem hafa gefið mér upplýsingar um landið,“ segir Alan. Þá hefur hann smakkað brennivín sem hann segir hafa verið áhugaverða lífsreynslu.

„Þrír aðdáendur Neighbours frá Íslandi heimsóttu tökustað fyrir stuttu og þeir gáfu mér smakk af brennivíni frá Íslandi. Það var áhugaverð lífsreynsla. Ég verð að prófa það aftur en ég held að maður verði að drekka það í hófi. Mér fannst bragðið gott en ég held að ég myndi lenda í tómu tjóni ef ég fengi mér of mikið,“ segir Alan hlæjandi.

Leikarinn ætlar að dvelja á Íslandi í fimm daga og ferðast um landið. Hann er ekki í vafa um hvað hann vill helst berja augum hér á landi.

„Ég vona að ég fái að sjá norðurljósin. Mest hlakka ég bara til að koma til Íslands. Það verður hápunktur lífs míns að koma til Íslands.“

Alan er spenntur að spila fyrir Íslendinga, sérstaklega þar sem margir þeirra eru aðdáendur Neighbours, sápuóperu sem fagnar þrjátíu ára afmæli sínu á næsta ári.

„Það sem hvatti mig til að koma til Íslands var að ég heyrði að næstum því hálf þjóðin horfi á Neighbours. Á tónleikum spila ég alltaf frumsamið efni en meirihluti laganna er þó eftir aðra. Lög sem hægt er að syngja með og dansa við. Svo syng ég alltaf lag sem ég tileinka Susan Kennedy,“ segir Alan. Vísar hann í eiginkonu sína í Neighbours sem leikin er af Jackie Woodburne en hann syngur ávallt Living Next Door to Alice með Smokie á tónleikum og breytir nafninu Alice í Susan. Neighbours-goðið segist alveg laust við stjörnustæla.

„Ég reyni ekki að vera Mick Jagger. Og ég reyni svo sannarlega ekki að vera Kylie Minogue,“ segir Alan glaður í bragði en Kylie túlkaði Charlene í Neighbours áður en hún sló í gegn á heimsvísu sem söngkona. „Ég tek mig ekki of alvarlega. Ég tengist salnum á persónulegum nótum og ég leik ekki rokkstjörnu. Mér finnst áhorfendur kunna að meta það og tónleikarnir breytast yfirleitt í eitt stórt partí.“

Fyrirtækið Reykjavík by Night stendur fyrir komu Alans til landsins en leikarinn hafði samband við fyrirtækið að fyrra bragði. Miðasala á tónleikana hefst á föstudag og eru um þúsund miðar í boði. Auk þess eru 150 miðar í boði á tæplega tveggja tíma stund með leikaranum sem hefst á Spot fyrir tónleikana. Þar geta aðdáendur hitt kauða, fengið mynd af sér með honum og spjallað.

„Því miður get ég ekki hitt alla – það myndi taka margar klukkustundir. En ég fæ að hitta ákveðinn fjölda í eigin persónu, þessa eldheitu aðdáendur,“ segir Alan.

Alan hefur leikið Dr. Karl Kennedy í Neighbours í tuttugu ár. Hann segist aldrei fá leiða á doktornum.

„Þetta hefur liðið hjá á svipstundu í sannleika sagt. Ef maður er í vinnu sem maður elskar þá er erfitt að kalla það vinnu. Þetta eru langir tökudagar og stundum gengur illa. En þetta hefur verið mér ánægja, listrænt séð, og ég get ekki beðið um meira. Þetta er draumastarfið mitt. Og besta við það, það sem mér finnst skemmtilegast að gera, er að hitta fólk sem elskar þáttinn. Ég vinn líka mikið í leikhúsi en í Neighbours eru engir áhorfendur. Þá skynjar maður ekki hve vinsæll þátturinn er fyrr en maður hittir aðdáendur,“ segir Alan. Hann veit ekki hvað framtíðin ber í skauti sér hvað Karl varðar og hugsar ekki nema eitt ár fram í tímann.

„Mér semur vel við alla sem standa að þáttunum og öllum virðist semja vel við mig. Karakterinn er enn vinsæll og því er erfitt að segja hve lengi ég leik hann. Ég fæ eins árs samning í senn og kannski kemur að því að nærveru minnar verði ekki óskað lengur eða ég vil gera aðra hluti. Ég elska vinnuna mína, ég elska þetta hlutverk og ég vil ekki hugsa til þess að þessu ljúki á næstunni.“

Alan er kvæntur fréttakonunni Jennifer Hansen og saman eiga þau tvö börn sem komin eru á unglingsaldur. Alan fær tólf vikur í frí frá Neighbours á ári og reynir að nýta þær með fjölskyldunni. Hann segir flesta drauma sína uppfyllta nema einn.

„Minn stærsti draumur sem foreldri er að sjá börnin mín vaxa úr grasi og að þau njóti velgengni í lífinu og verði hamingjusöm. Það er lífstíðardraumur,“ segir Alan. En hefur skemmtanabransinn gert hann ríkan?

„Ég hef það gott. Ef mig langar í dýra vínflösku get ég leyft mér það. Það frábæra við mitt starf er að ég get hjálpað öðrum í gegnum góðgerðarstarfsemi. Ég og eiginkona mín leitum sífellt leiða til að leggja málefnum lið og það veitir okkur mikla ánægju. Það er það sem gerir mig ríkan.“ liljakatrin@frettabladid.is

## ALAN FLETCHER Í HNOTSKURN


NORDICPHOTOS/GETTY

- **1960** – Fæddur 30. mars árið 1957 í Perth í Vestur-Ástralíu
- **1970** – Fékk fyrsta hlutverkið í sjónvarpi árið 1976 í The Young Doctors
- **1980** – Lék bróður Jackie Woodburne í sjónvarpsseríunni Cop Shop árið 1977 en hún leikur eiginkonu hans í Neighbours
- **1990** – Fékk aukahlutverk í Neighbours árið 1987 sem Greg Cooper
- **2000** – Árið 1994 byrjaði hann að leika Dr. Karl Kennedy

→ Alan hefur leikið talsvert á sviði, bæði í Ástralíu og Englandi - þar á meðal í My Fair Lady og Peter Pan
→ Er talinn einn af þremur bestu portrett-ljósmyndurum í Melbourne í Ástralíu

> „Ég reyni ekki að vera Mick Jagger. Og ég reyni svo sannarlega ekki að vera Kylie Minogue.

# BOSS
HUGO BOSS

## Glæsilegt úrval fallegra gjafakassa fyrir jólin.

Gjöfin hennar:




Gjöfin hans:






# Kveður Sjallann eftir 20 ára samveru

Skemmtistaðnum Sjallanum á Akureyri verður lokað um áramótin og verður síðasta Sjallaballið haldið á gamlárskvöld. Popparinn Páll Óskar Hjálmtýsson heldur sitt síðasta Pallaball í Sjallanum um helgina, en segist ósáttur við þá þróun að skemmtistaðir og tónlistarfólk þurfi sífellt að lúffa fyrir nýjum hótelum. Skemmtanastjórinn Davíð Rúnar Gunnarsson segir tímann í Sjallanum hafa verið góðan.



**Í SJALLANUM** Páll Óskar hefur margsinnis troðfyllt dansgólf Sjallans. MYND/BALDVIN ÞEYR PÉTURSSON

Páll Óskar Hjálmtýsson heldur sitt síðasta Pallaball í Sjallanum á laugardagskvöld, en tuttugu ár eru síðan hann spilaði fyrst í Sjallanum.

„Ég ætla að kveðja þennan fallega sal með virðingu og reisn, skreyta hátt og lágt líkt og um gamlárskvöld væri að ræða, gera þetta að eins fallegu Pallaballi og hægt er. Þetta verður mín leið til að kveðja þennan stað með virktum eftir tuttugu ára yndislega samveru,“ segir Palli.

Flestir Akureyringar hafa farið á Pallaball sem yfirleitt eru smekkfull. „Það eru einhverjir töfrar þarna inni. Þetta er stærsta dansgólf á Norðurlandi og nóg pláss til að bjóða fólki upp á svið til þess að dansa með mér. Þú kemst ekki nær áhorfendum en það og þessi nánd er svo dýrmæt. Ég græt Sjallann mjög sárt eftir þessa helgi og það þarf kraftaverk til þess að annar eins staður rísi frá grunni,“ segir hann.

Palli hefur spilað hvert einasta gamlárskvöld í Sjallanum í mörg ár og segist aðeins einu sinni hafa þurft að aflýsa balli, en þá voru græjurnar hans fastar á miðri leið í brjáluðu veðri. Aðspurður hvort hann tengi lokun Sjallans og lokun skemmtistaðarins Nasa saman, segir hann að við fyrstu sýn hljómi þetta eins og sama sagan. Enn og aftur lúffi tónlistarfólk fyrir hótelum. „Munurinn á Nasa og Sjallanum er sá að rekstur Sjallans hefur verið erfiður, ég geri mér fullkomlega grein fyrir því. En mér finnst það bera vott um tvöföld skilaboð þegar við Íslendingar montum okkur sífellt af blómlegu tónlistarlífi, en lokum svo fallegustu stöðunum okkar sem eru gagngert gerðir fyrir tónlistarflutning,“ segir hann og bætir við að erfitt verði að ná upp sömu stemningu annars staðar og í Sjallanum.

„Í fullkomnum heimi hefði verið hægt að minnka rýmið og breyta staðnum svo hægt væri að halda honum gangandi. En eins og ég segi þá grunar mig að það hafi verið fullreynt.“ adda@frettabladid.is

**En mér finnst það bera vott um tvöföld skilaboð þegar við Íslendingar montum okkur sífellt af blómlegu tónlistarlífi, en lokum svo fallegustu stöðunum okkar sem eru gagngert gerðir fyrir tónlistarflutning.**

*Páll Óskar Hjálmtýsson*

## Ballbransinn hefur breyst mikið



„Sjallinn er búinn að ganga vel lengi og þetta er búið að vera algjörlega frábær tími,“ segir Davíð Rúnar Gunnarsson, eða Dabbi Rún, skemmtanastjóri Sjallans á Akureyri. Húsið hefur nú verið selt og til stendur að reisa hótel á lóðinni.

„Ballbransinn hefur breyst mikið undanfarið og þróunin hefur því miður orðið þannig að erfiðara er að fá bönd til þess að koma og spila. Þetta hefur sett strik í reikninginn í okkar rekstri. Við fengum þetta tilboð í húsið fyrst fyrir þremur árum og það er búið að skoða það með opnum hug lengi. Því miður er þetta niðurstaðan,“ segir Dabbi, en til stendur að loka Sjallanum um áramót og reiknar hann með að síðasta ball Sjallans verði á gamlárskvöld. „Við ætlum nú að tóra út árið. En það sem okkur langar til þess að gera, er að bjóða böndunum, sem hafa troðið upp hér í gegnum árin, að koma og kveðja staðinn, halda sitt lokaball í Sjallanum. Það væri gaman að fá öll þessi gömlu bönd, sem fylltu Sjallann áður fyrr,“ segir Dabbi.


Sjávarréttarveisla Reykjarness 2014

Ferðaskrifstofan Travice ákvað að setja í samstarfi við nokkra veitingarstaði á Reykjaness svæðinu svokallaða Sjávarréttaveislu næstkomandi helgi 14-15 Nóvember 2014

Veitingarstaðir á svæðinu munu bjóða upp á einn sjávarrétt sérstaklega matreiddan fyrir þessa hátíð, rétturinn verður í boði frá hádegi til lokun dags. Nánari upplýsingar um réttina og staðina er að finna á **www.travice.is/sjavarrettaveisla-reykjaness-2014**

Eftirfarandi Veitingarstaðir taka þátt

Northern Light Inn hotel . restaurant . conferences . Iceland

VOCAL RESTAURANT

DUUS Kaffi Duus

Vitinn

Thai Keflavík

Hvernig væri að stytta sér stundir og borða dýrindis sjávarafurðir á Reykjanesinu

TRAVICE

**Ferðaskrifstofan Travice ehf.**

**www.travice.is –**

info@travice.is sími 786 2400


# Hlegið allan tímann

Ari Freyr Ísfeld Óskarsson segir erfitt fyrir keppendur að halda andliti í spunakeppni framhaldsskóla.

„Þetta er alveg eitt það skemmtilegasta sem hægt er að gera, bæði að keppa og horfa á þetta,“ segir Ari Freyr Ísfeld Óskarsson, annar skipuleggjanda Leiktu betur í ár.

Leiktu betur er spunakeppni framhaldsskólanna þar sem keppt er í leikhússporti, ákveðinni tegund af spuna. „Það eru fjórir saman í liði og liðin fá áskorun úr salnum. Það getur verið hvað sem er,“ heldur Ari Freyr áfram. En sjálfur keppti hann fyrir hönd Kvennaskólans í Reykjavík á sínum menntaskólaárum. „Liðið kemur sér svo saman um stíl og það er fullt af stílum í leikhússporti. Til dæmis sápuóperustíll, spæjarastíll eða ritvélarstíll. Liðið getur svo gert hvað sem er innan síns stíls.“

Í ár verða engir leikmunir sem keppendur munu hafa aðgang að en Steingrímur Teague, hljómborðsleikari hljómsveitarinnar Moses Hightower, mun sjá um undirspil.

Um skipulagningu Leiktu betur ásamt Ara Frey sér Gunnar Smári Jóhannesson. „Reynsla okkar Gunnars Smára af leikhússpuna í gegnum árin hefur sýnt okkur að fólk festist oft í leikmunum og notar þá sem hækju. Liðin hafa bara tíu sekúndur fyrir spunann til þess að koma sér í gírinn og þá fer tíminn oft í það að hlaupa að ná í leikmuni.“



**ARI FREYR** Liðin hafa þrjár mínútur til þess að heilla dómarana. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

**Til dæmis sápuóperustíll, spæjarastíll eða ritvélarstíll. Liðið getur svo gert hvað sem er innan síns stíls.**

Í ár keppa sex lið í Leiktu betur en keppnin verður haldin í Borgarleikhúsinu í kvöld. - gló

# @tt.is

## 10 ÁRA AFMÆLI! GEGGJUÐ AFMÆLISTILBOÐ!



**Acer Aspire E5-551**
Flott fartölva með AMD A8 Quad core örgjörva, 8GB minni og 1TB disk.

~~99 950,-~~ **84.950,-**

acer

msi

TAKMARKAÐ MAGN!



**MSI R9-270X**
Gríðarlega öflugt skjákort á góðu verði. 1120MHz klukkutíðni, 2GB minni, Twin Frozr kæling.

~~34 950,-~~ **29.950,-**



**Toshiba M50-118**
Öflug vél með Core i5 Intel örgjörva, 6GB minni, 500GB hörðum disk og Geforce GT 740m skjákorti. Þessi vél er klár í hvað sem er!

ÖRFÁ STK!

~~129 950,-~~ **104.950,-**

TOSHIBA

**ÖLL LYKLABORÐ OG ALLAR MÝS**

**10% afsláttur!**



COOLER MASTER · CORSAIR · Logitech · RAZER · steelseries

## AFMÆLIS TILBOÐ

Tilboð gilda til 21. nóvember.

steelseries

TAKMARKAÐ MAGN!



**SteelSeries Siberia V2**
Lokuð heyrnatól með mjúkum leðurpúðum. Einstök hljómgæði bæði fyrir tónlist og tölvuleiki.

~~17 750,-~~ **13.950,-**



**AMD turnvél 3**
Öflug heimilisvél með AMD A8-7600 Quad core örgjörva 8GB minni og 120GB SSD disk.

~~109 950,-~~ **89.950,-**

COOLER MASTER



**AMD turnvél 4**
Leikjaturn með AMD A10-7800 Quad core örgjörva, 8GB minni, 1TB disk og Radeon R7-265 skjákorti.

~~139 950,-~~ **124.950,-**

COOLER MASTER



**Intel turnvél 5**
Mulningsvél með Core i7 Quad core örgjörva, 16GB minni, GTX 970 skjákorti og 2TB SSHD diski.

~~259 950,-~~ **239.950,-**

COOLER MASTER




**Att.is Bæjarlind 1-3 • 201 Kópavogur • sími 569 0700 • Opið alla virka daga 10-18**

LAUGARÁS BÍÓ
Coca-Cola ÞÚ FÆRÐ Í LAUGARÁSBÍÓI

LAUGARÁSBÍÓ Sýningartímar

| | | |
|---|---|---|
| NIGHTCRAWLER | 5:30, 8, 10:20 | 16 |
| JOHN WICK | 8, 10:30 | 16 |
| BORGRÍKI 2 | 6 | 16 |
| KASSATRÖLLINN 2D | 5:50 | L |

SAMbio.is

“BRAINY, BARMY AND BEAUTIFUL TO BEHOLD” “THIS IS NOLAN AT HIS HIGHEST-FUNCTIONING” EMPIRE
“MUST-SEE MASTERPIECE, ONE OF THE MOST EXHILARATING FILM EXPERIENCES SO FAR THIS CENTURY.” NEW YORK POST
FRÁ CHRISTOPHER NOLAN, MANNINUM SEM FÆRÐI OKKUR INCEPTION OG DARK KNIGHT ÞRÍLEIKINN KEMUR SANNKALLAÐ MEISTARAVERK

„BESTA SVEPPAMYNDIN TIL ÞESSA“

SAMBÍÓIN ÁLFABAKKA

| | | |
|---|---|---|
| INTERSTELLAR | KL. 6 - 8:20 - 10 | |
| INTERSTELLAR VIP | KL. 6:30 - 10 | |
| ALGJÖR SVEPPI | KL. 6 - 8 | L |
| JOHN WICK | KL. 8 - 10:20 | |
| THE REWRITE | KL. 5:40 - 8 - 10:20 | |
| ALEXANDER | KL. 6 | L |
| ANNABELLE | KL. 10:20 | |
| AFINN | KL. 5:40 | L |

SAMBÍÓIN EGILSHÖLL

| | | |
|---|---|---|
| INTERSTELLAR 4K | KL. 8 | |
| INTERSTELLAR | KL. 6:30 - 10 | |
| ALGJÖR SVEPPI | KL. 5:40 | L |
| JOHN WICK | KL. 5:40 - 8 - 10:20 | |
| THE JUDGE | KL. 10:20 | |
| ALEXANDER | KL. 6 | L |

SAMBÍÓIN KRINGLUNNI NÚMERUÐ SÆTI

| | | |
|---|---|---|
| INTERSTELLAR | KL. 5:30 - 8 - 9 | |
| ALGJÖR SVEPPI | KL. 5:40 | L |
| THE JUDGE | KL. 10:20 | |
| AFINN | KL. 5:40 - 8 | L |

SAMBÍÓIN KEFLAVÍK

| | | |
|---|---|---|
| INTERSTELLAR | KL. 8 - 10:20 | |
| ALGJÖR SVEPPI | KL. 8 | L |

SAMBÍÓIN AKUREYRI

| | | |
|---|---|---|
| INTERSTELLAR | KL. 6:30 - 8:30 - 10 | |
| ALGJÖR SVEPPI | KL. 6 | L |

TRYGGÐU ÞÉR MIÐA Á SAMbio.is

SMÁRABÍÓ HÁSKÓLABÍÓ

ÍSLAND HEFUR ALDREI LITIÐ BETUR ÚT Á HVÍTA TJALDINU
EMPIRE VARIETY NEW YORK POST T.V. SÉÐ & HEYRT TIME OUT LONDON


SMÁRABÍÓ AUKAKRÓNUR 5%

| | | |
|---|---|---|
| INTERSTELLAR | KL 5.30 - 9 - 10 | 12 |
| INTERSTELLAR LÚXUS | KL 5.30 - 9 | 12 |
| GRAFIR OG BEIN | KL 5.45 - 8 | 16 |
| FURY | KL 8 - 10.45 | 16 |
| BORGRÍKI | KL 5.45 - 8 | 16 |
| GONE GIRL | KL 5 - 10.10 | 12 |
| KASSATRÖLLIN ÍSL TAL 2D | KL 3.30 | L |
| SMÁHEIMAR ÍSL TAL 2D | KL 3.30 | L |

HÁSKÓLABÍÓ AUKAKRÓNUR 5%

| | | |
|---|---|---|
| NIGHTCRAWLER | KL 5.30 - 8 | 16 |
| GRAFIR OG BEIN | KL 8 - 10.30 | 16 |
| FURY | KL 6 -9 | 16 |
| BORGRÍKI | KL 6.50 - 10.10 | 16 |
| GONE GIRL | KL 21 | 16 |
| HEMMA | KL 17.45 | L |


## Költmyndasögur endurútgefnar

Hinar vinsælu költmyndasögur Zap Comix verða endurútgefnar í heild fyrir jól en um er að ræða áhrifamestu neðanjarðarmyndasögur allra tíma. Það var teiknarinn Robert Crumb sem stofnaði blaðið en hann er meðal annars þekktur fyrir að teikna American Splendor-myndasögurnar.



Meðal dyggra aðdáenda blaðsins voru leikstjórinn Terry Gilliam og grínistinn Robin Williams en aðstandendur þessara sækadelísku og klúru myndasagna lentu oft og tíðum í lagalegum vandræðum fyrir þær. „Við höfðum ekki áhuga á helvítis almenningnum,“ segir teiknarinn Robert Williams við Rolling Stone. „Við vildum hefna okkar á menningu okkar.“ - þij

# Skrifa Skaupið? Pant ekki!

**BAKÞANKAR**
Atli Fannars Bjarkasonar



Ekki myndi ég vilja vera í þeirri stöðu að skrifa áramótaskaup í ár. Árið að verða búið og lífið á Íslandi gengur sinn vanagang án þess að nokkuð markvert eigi sér stað. Það er eins og þjóðarsálin sé háöldruð skjaldbaka sem ferðast löturhægt yfir án þess að það heyrist í henni múkk.

**ÉG** bið ekki um mikið. Bara eitt þrætuepli væri kærkomið í þessa steindauðu þjóðfélagsumræðu. Getur ekki einhver opinber starfsmaður tekið sig til og lekið í fjölmiðla viðkvæmum persónuupplýsingum og slúðri um einhvern hælisleitanda? Viðkomandi gæti þrætt fyrir lekann í rúmt ár á meðan málið er rætt á Alþingi og rannsakað af lögreglu. Þetta er mögulega allt of klikkuð hugmynd.

**NÆR** væri að Landhelgisgæslan myndi smygla 250 hríðskotabyssum til landsins og koma svo stórum hluta til lögreglunnar. Til að tryggja að allir brjálist þarf að hylma yfir þetta þangað til fjölmiðlar þefa byssurnar uppi. Þá gætu tekið við fálmkennd og klaufaleg viðbrögð þar sem ábyrgðinni er kastað milli stofnana og landa eins og heitri kartöflu. En þetta myndi auðvitað aldrei gerast.

**RÍKISSTJÓRNARFLOKKUR** gæti lagt fram frumvarp um að taka skipulagsvald af Reykjavíkurborg. Slík stríðsyfirlýsing gæti vakið þjóðfélagið af værum blundi. Sérstaklega ef þingmenn myndu stíga fram og leggja til að lattélepjandi lopatreflar yrðu notaðir sem landfylling í Reykjavíkurhöfn. Eða eitthvað svoleiðis. Þannig verða skemmtilegustu rifrildin til – þegar borgarbúar takast á við landsbyggðina.

**Æ.** Það er enginn nógu óforskammaður til að leggja fram slíkt frumvarp. Það væri kannski hægt að fá fyrirtæki sem er hafið yfir samkeppnislög til að snúða agnarsmáa keppinauta sína? Eða leggja til á ný að klukkunni verði breytt? Læknar gætu líka farið í verkfall á sama tíma og 80 milljarðar væru notaðir til að lækka skuldir fólks? Þá yrði fyrst allt vitlaust.

**VERST** að þessar hugmyndir eru fullkomlega óraunhæfar. Það gerist ekkert hérna. En við höfum þó alltaf eldgosið – er það enn þá í gangi?



**ARNGRÍMUR** Hefur setið við trönurnar síðasta árið og málað olíumálverk af duldýrum. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

# Málar duldýr úr þjóðsögum

## Arngrímur Jón Sigurðarson hefur síðastliðið ár málað olíumyndir af lyngbak, krák og finngálkni.

„Verkefnið byrjaði fyrir rúmum tveimur árum og ég hef verið að sanka að mér heimildum um heim duldýranna úr gömlum bókum,“ segir Arngrímur Jón Sigurðsson myndlistarmaður, en hann stefnir á að gefa út bókina Duldýrasafnið í byrjun desember.

Í bókinni verða myndir af olíumálverkum sem Arngrímur hefur unnið upp úr lýsingum á fyrirbærum og duldýrum úr þjóðsögum og öðrum fornritum. Nöfn duldýranna koma öll úr heimildum. Sem dæmi má nefna nöfn á borð við hólmafiska, lyngbak, krák og finngálkn.

„Öll duldýrin í bókinni eru tekin úr íslenskum heimildum og lýsingarnar að þeim líka. Það eina sem ég bæti við eru myndirnar,“ segir Arngrímur en tekur þó fram að töluvert sé frá honum í myndunum. „Lýsingarnar eru oft stuttar og stundum er bara hegðun verunnar lýst en ekki útliti. Þannig að þetta skilur eftir sig rými fyrir mig til þess að skálda sjálfur og túlka efnið.“

Verkefnið fór af stað í kjölfar útskriftarsýningar Arngríms úr Listaháskóla Íslands. „Svo hef ég haldið áfram að vinna að þessu verkefni. Það var alltaf hugmyndin að gefa þetta út á bók og kynna þessa nýju hlið á sagnahefðinni á Íslandi,“ segir hann og bætir við að útgáfa á bókarformi gefi fleirum kost á að njóta myndanna. „Íslendingar eru líka vanir því að skoða listaverk í bókum og mér finnst sjálfum þægilegt að skoða listaverk í bókum í ró og næði. Ég hef alltaf haft áhuga á fantasíu og ímyndunaraflinu. Í gegnum tíðina hef ég málað mikið af furðuverum og með því að setja þær í samhengi við þennan heim verða þær aðgengilegri,“ segir Arngrímur.

Myndirnar eru málaðar í mörgum umferðum og tekur langan tíma að fullvinna hverja og eina. „Ég er búinn að sitja við alveg frá morgni til kvölds síðasta árið. Hef eiginlega bara verið að gera þetta og ekkert annað.“

gydaloa@frettabladid.is

### ➜ Söfnunin kláraðist á einum sólarhring

Arngrímur byrjaði að safna fyrir útgáfu bókarinnar á síðunni Karolina Fund á þriðjudaginn. Söfnunin fór afar vel af stað og á fyrstu fimm klukkutímunum söfnuðust rúm 60 prósent af upphæðinni. Upphæðin sem Arngrímur hafði vonast eftir náðist svo seinnipartinn í gær.

# Vatnstankur verður hringleikhús

## Stúdentaleikhúsið setur upp íslenskt stofudrama eftir Guðmund Steinsson.

Nýjasta afurð Stúdentaleikhússins verður sýnd í tómum vatnstanki undir Perlunni á morgun.

Leikhópurinn hefur undanfarið unnið hörðum höndum að því að setja upp verkið Stundarfrið eftir Guðmund Steinsson.

Tómur vatnstankur fellur ekki undir hið hefðbundna leikhúsform en leikstjórinn, Karl Ágúst Þorbergsson segir rýmið að mörgu leyti henta hópnum ágætlega. „Við nýtum okkur svona svolítið form hússins. Það er ákveðin hringrás sem á sér stað í þessum tíma frá árinu 1980 til dagsins í dag sem smellpassar inn í þessa heimsmynd sem við vorum að reyna að endurskapa.“

Karl segir hópinn þó hafa þurft að laga rými vatnstanksins að þörfum sínum: „Sögusafnið var hérna áður, þannig að það var búið að mála allt rýmið svart. Það var rosalegt bergmál hér til að byrja með, sem var auðvitað mjög óþægilegt. Við sönkuðum að okkur öllum svörtum drapperingum á landinu held ég og klæddum rýmið með svörtu efni til að draga úr bergmálinu og bjuggum til hringleikhús.“ - gló



**STÚDENTALEIKHÚSIÐ** Æfir leikrit í tómum vatnstanki. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI


HITUM UPP
FYRIR JÓLIN
STÚTFULLAR VERSLANIR AF NÝJUM JÓLALEGUM VÖRUM;)
4BLS
BÆKLINGUR
GLÆNÝR BÆKLINGUR
Á WWW.TOLVUTEK.IS
MEÐ GAGNVIRKUM
KÖRFUHNAPP
SONY
SNJALLÚR
Í ÚRVALI FRÁ
27.900
LG
SNJALLÚR
Í ÚRVALI FRÁ
39.900
Birt með fyrirvara um breytingar, innsláttarvillur og myndabrengl
14:30
Fimmtudagur 30 Okt.
Sól 22°
161 30 02
pebble
SNJALLÚR
Mest selda snjallúr í heimi er nú loksins
fáanlegt á Íslandi. Pebble úrið er með
baklýstum LED 1.26" e-paper skjá,
BT 4.0 og allt að 7 daga rafhlöðu :)
19.900
NÝ
SENDING AÐ
LENDA
SAMSUNG
SNJALLÚR
Í ÚRVALI FRÁ
23.900
OPNUNARTÍMAR
Virka daga
10:00 - 18:30
Laugardaga
11:00 - 16:00
TÖLVUTEK
Reykjavík • Hallarmúla 2 • 563 6900 | Akureyri • Undirhlíð 2 • 430 6900
acer
ASUS
DELL
hp
lenovo
packard bell
SAMSUNG
TOSHIBA

## Ekki gott kvöld fyrir liðin í okkar riðli



Ísland var ekki eina liðið í okkar riðli í undankeppni EM sem tapaði í vináttulandsleik í gærkvöldi því Holland og Tyrkland töpuðu bæði á heimavelli. Hollenska landsliðið náði ekki að reka af sér slyðruorðið í Amsterdam þegar liðið tapaði 2-3 á móti Mexíkó. Carlos Vela, liðsfélagi Alfreðs Finnbogasonar hjá Real Sociedad, skoraði tvö mörk fyrir Mexíkó sem komst í 1-0, 2-1 og 3-1. Javier Hernández skoraði þriðja mark Mexíkó en Wesley Sneijder og Daley Blind gerðu mörk Hollands. Neymar skoraði tvö mörk og lagði upp eitt í 4-0 sigri Brasilíu á Tyrklandi í Istanbul. Eitt marka Brassanna var sjálfsmark en fjórða markið skoraði Willian, leikmaður Chelsea. Neymar hefur þar með skorað 42 mörk í aðeins 59 landsleikjum með brasilíska landsliðinu en fimmtán af þessum mörkum hafa komið á þessu ári.

## Getum gengið stoltir af velli

**FÓTBOLTI** „Það er margt jákvætt sem við getum tekið úr þessum leik,“ sagði landsliðsfyrirliðinn Aron Einar Gunnarsson við Fréttablaðið eftir 3-1 tapið gegn Belgum í vináttulandsleiknum í Brussel í gærkvöldi.

„Þetta er virkilega sterkt lið sem við vorum að spila við og það er með leikmenn sem geta breytt leikjum. Það er alltaf leiðinlegt að tapa en við getum gengið stoltir af velli. Við gerðum níu breytingar fyrir leikinn en sýndum að við erum komnir með fína breidd,“ sagði Aron Einar.

Eins og fyrirliðinn segir gerðu Lars og Heimir miklar breytingar á liðinu og fengu því margir tækifæri til að sanna sig og reyna að koma sér inn í byrjunarliðið sem hefur verið óbreytt í síðustu þremur leikjum.

„Þeir sem hafa fengið minna að spila fengu tækifæri í þessum leik. Þeir vildu sýna sig og sanna, en auðvitað er erfitt að breyta liði sem er búið að vinna þrjá leiki í röð. Það voru samt nokkrir sem spiluðu vel í þessum leik,“ sagði Aron Einar, en hefur þetta tap áhrif á sjálfstraustið í liðinu?

„Nei. Það er alltaf leiðinlegt að tapa en þetta dregur ekkert úr okkur. Það er ekkert að því að tapa fyrir Belgum á útivelli.“ **- esá**



**45 MÍNÚTUR** Fyrirliðinn spilaði fyrri hálfleikinn í gærkvöldi FRÉTTABLAÐIÐ/AP

**1-3**

**Koning Boudewijn Stadion.**
Buquet, Frakklandi (8)

**Mörkin:** 0-1 Nicolas Lombaerts (11.), 1-1 Alfreð Finnbogason (13.), 1-2 Divock Origi (62.), 1-3 Romelu Lukaku (73.)

**BELGÍA (4-3-3):** Thibaut Courtois - Anthony Vanden Borre (66., Thomas Meunier), Toby Alderweireld, Nicolas Lombaerts, Jan Vertonghen - Marouane Fellaini, Axel Witsel, Moussa Dembele (46., Romelu Lukaku) - Eden Hazard (46., Divock Origi), Adnan Januzaj (63., Dries Mertens), Christian Benteke (76., Dennis Praet).

**Skot (á mark):** 12-20 (8-9) **Horn**: 4-5

**Varin skot:** Ögmundur 4, Ingvar 2 - Courtois 6



**LARS LAGERBÄCK** Ánægður með frammistöðuna. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

## Meiri samkeppni í liðinu

**FÓTBOLTI** „Þetta var góður leikur fyrir okkur. Við vorum að spila við eitt besta lið heims og í heildina stóðu strákarnir sig vel þannig að ég er nokkuð sáttur,“ sagði Lars Lagerbäck, annar landsliðsþjálfara Íslands, við Fréttablaðið eftir tap „varaliðsins“ gegn Belgum í Brussel í gærkvöldi.

Lars og Heimir gerðu níu breytingar á byrjunarliðinu, sem hefur spilað síðustu þrjá leiki Íslands í undankeppni EM 2016.

„Þeir sem komu inn stóðu sig vel, en við vorum auðvitað að spila við mjög gott lið. Við sköpuðum færi en þeir eru með einn allra besta markvörð heims sem varði oft meistaralega. Við erum að verða betri og samkeppnin í liðinu að verða meiri. Það styttist í að við verðum með tvo mjög góða í hverja stöðu,“ sagði Lars. En hvað gerir þetta fyrir sjálfstraust liðsins sem er búið að vinna fjóra leiki í röð?

„Það er betra að vinna leiki en þetta hefur engin áhrif á okkur og sjálfstraust liðsins. Við lærum bara af þessu. Þetta drepur okkur svo sannarlega ekki,“ sagði Lars Lagerbäck. **- esá**



**SKORAÐI MARK ÍSLANDS Í GÆR** Alfreð Finnbogason í leiknum á móti Belgum í Brussel í gær en hann nýtti tækifærið í byrjunarliðinu og skoraði. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

# Dýrmætar mínútur í Belgíu

Varalið Íslands mátti þola 3-1 tap fyrir Belgíu í vináttulandsleik þjóðanna í Brussel í gær. Leikmenn sem staðið höfðu fyrir utan hópinn fengu dýrmætar mínútur gegn einu besta landsliði heims.

**Eiríkur Stefán Ásgeirsson**
eirikur@frettabladid.is
Frá Brüssel í Belgíu



**FÓTBOLTI** Sigurganga Íslands var stöðvuð á Koning Boudewijn-leikvanginum í Brussel í gær þar sem Belgía, eitt sterkasta landslið heims hafði betur gegn strákunum okkar, 3-1. Alfreð Finnbogason skoraði mark Íslands og veit það á gott að sá mikli markahrókur hafi aftur komið sér á rétta braut.

Eftir marga ágæta kafla Íslands á fyrstu 60 mínútum leiksins voru það þó Belgarnir sem reyndust sterkari. Nicolas Lombaerts og varamennirnir Divock Origi og Romelu Lukaku skoruðu mörk heimamanna sem sáu fyrir sanngjörnum sigri Belgíu.

Landsliðsþjálfararnir Lars Lagerbäck og Heimir Hallgrímsson sendu skýr skilaboð með liðsuppstillingu sinni – aðeins tveir fastamenn byrjuðu; fyrirliðinn Aron Einar og miðvörðurinn Ragnar Sigurðsson. Eflaust hefði Sölvi Geir Ottesen átt að fá tækifærið í við eymsli í baki og því engin áhætta tekin með hann.

Belgar stilltu upp frábæru byrjunarliði en heimamenn fóru sér að engu óðslega í upphafi leiks. Strákarnir nýttu sér það og Viðar Örn átti tvö skot á markið í sömu sókninni á þriðju mínútunni sem var góðs viti fyrir íslenska liðið.

Heimamenn stýrðu þó ferðinni og komust yfir á elleftu mínútu er Nicolas Lombaerts skallaði fyrirgjöf Adnan Januzaj úr aukaspyrnu. Skallinn var góður og gat Ögmundur lítið gert í honum. En í stað þess að láta Belgana taka algjörlega öll völd í leiknum svöruðu þeir fyrir sig á besta mögulegan máta aðeins tveimur mínútum síðar með því að skora mark. Alfreð Finnbogason fékk boltann einn og óvaldaður á fjærstöng eftir hornspyrnu og eftirleikurinn var auðveldur. Það var hans fyrsta mark í langan tíma og það fyrsta með landsliðinu síðan í júní í fyrra.

Strákarnir voru nálægt því að komast yfir stuttu síðar er Viðar Örn komst í gott færi en hann náði ekki að stýra boltanum almennilega að marki. Eftir það tóku Belgarnir völdin í leiknum en Ögmundur sá til þess að staðan var enn 1-1 er flautað var til hálfleiks. Hann varði nokkrum sinnum glæsilega frá stórstjörnum Belganna.

Ísland gaf ekkert eftir í síðari hálfleik og hóf hann af krafti. Leikmenn héldu boltanum vel og tókst að byggja upp efnilegar sóknir sem vantaði aðeins að binda endahnútinn á. En Belgar höfðu sett þá Divock Origi og Romelu Lukaku inn á í hálfleik og þó svo að þeir gerðu lítið fyrstu mínúturnar þá fór pressan að segja til sín þegar þeir fengu pláss og tíma til að athafna sig. Sá fyrrnefndi skoraði einmitt annað mark Belgíu með frábæru skoti utan teigs við slíkar aðstæður og sá síðarnefndi það þriðja eftir sofandahátt í vörn Íslands.

Það var ekki við öðru að búast en að verkefnið yrði erfitt gegn sterku liði Belgíu, sérstaklega þegar mið er tekið af uppstillingu Íslands. Inn á milli sýndu þó þeir leikmenn sem fengu tækifæri að þeir eiga fullt tilkall í liðið en margir þeirra léku vel, sérstaklega á fyrstu 60 mínútum leiksins. Á þeim tíma héldu þeir skipulaginu vel og náðu að halda mörgum ógnarsterkum leikmönnum Belgíu niðri.

Aðalmálið er vitanlega leikur Íslands gegn Tékklandi á sunnudag og halda strákarnir þangað með höfuðið hátt enda engin ástæða til annars.

## FRAMMISTAÐA ÍSLENSKA LIÐSINS Á MÓTI BELGÍU Í VINÁTTULANDSLEIKNUM GÆRKVÖLDI

**ÖGMUNDUR KRISTINSSON 9**
Fékk 45 mínútur og nýtti þær frábærlega. Gat lítið gert við marki Belganna en varði nokkrum sinnum stórglæsilega frá heimamönnum, þar af tvívegis af mjög stuttu færi.

**BIRKIR MÁR SÆVARSSON 5**
Gerði eins og oft áður margt fínt í sóknarleik Íslands en átti erfitt uppdráttar gegn sterku sóknarliði Belga, eins og fleiri.

**HALLGRÍMUR JÓNASSON 6**
Átti oft í erfiðleikum með sóknarmenn Belgíu en hélt skipulagi ágætlega ásamt öðrum varnarmönnum Íslands á köflum í fyrri hálfleik.

**RAGNAR SIGURÐSSON 6**
Stýrði varnarleik Íslands og reyndi að halda skipulagi þjálfaranna af fremsta megni. Íslenska vörnin lenti þó oft í vandræðum gegn sterkri sókn Belga.

**HÖRÐUR BJÖRGVIN MAGNÚSSON 6**
Ágæt byrjun hjá nýliðanum sem fékk erfið verkefni gegn eldfljótum og tekniskum kantmönnum Belgíu. Hélt þó ró sinni og komst þokkalega frá sínu.

**RÚRIK GÍSLASON 7**
Oft fínn kraftur í Rúrik og hann gaf allt sitt þegar hann fékk boltann. Átti þó fremur erfitt uppdráttar í síðari hálfleik eins og fleiri í liði Íslands.

**HELGI VALUR DANÍELSSON 5**
Átti erfiðan dag á miðjunni og varð stundum undir í baráttunni við miðjumenn Belgíu.

**ARON EINAR GUNNARSSON 7**
Fór fyrir sínum mönnum á miðjunni og sinnti sínu vel, líkt og ávallt. Gerði fáein mistök sem kom þó ekki að sök. Duglegur, ósérhlífinn og vel staðsettur.

**JÓHANN BERG GUÐMUNDSSON 6**
Öflugur, sérstaklega í fyrri hálfleik, og var duglegur að reyna að skapa færi fyrir samherja sína. Var ólmur í að minna á sig eftir að hafa misst af síðustu landsleikjum og átti sína spretti.



**ÖGMUNDUR KRISTINSSON** Stóð sig vel í íslenska markinu í gær.

**ALFREÐ FINNBOGASON 6**
Skoraði mark Íslands og veit það á gott fyrir Alfreð sem hefur átt erfiðar vikur með félagsliði sínu á Spáni. Duglegur og reyndi að gera vel úr því sem hann fékk.

**VIÐAR ÖRN KJARTANSSON 5**
Kom sér nokkrum sinnum í góð færi í fyrri hálfleik og hefði mátt gera meira úr þeim. Hafði annars fremur hægt um sig.

### VARAMENN

**INGVAR JÓNSSON (45. FYRIR ÖGMUND) 5**
Hefði ef til vill getað gert betur í fyrra marki Belgíu í síðari hálfleik. Fékk þó dýrmætar mínútur.

**BIRKIR BJARNASON (45. FYRIR ARON EINAR) 5**
Fór illa með gott færi fljótlega eftir að hann kom inn á en reyndi að gera sitt besta í erfiðum aðstæðum.

**ÓLAFUR INGI SKÚLASON (72. FYRIR HELGA VAL) -**
Náði ekki að setja mark sitt á leikinn.

**JÓN DAÐI (74. FYRIR VIÐAR ÖRN) -**
Kom inn með ágætan kraft í sóknarleik Íslands á lokamínútunum.

**HÓLMAR ÖRN EYJÓLFSSON (84. FYRIR RAGNAR) -**
Spilaði aðeins síðustu mínútur leiksins þegar úrslitin voru ráðin.

# DUTY FREE

AFNEMUM VÖRUGJÖLD* AF ÖLLUM HLJÓMTÆKJUM, HEIMABÍÓKERFUM, HÁTÖLURUM, HEYRNARTÓLUM, BLU-RAY SPILURUM OG SJÓNVÖRPUM FRÁ LG, YAMAHA, PANASONIC, SONOS, TOSHIBA, HARMAN KARDON, JBL, THOMSON, TDK OG FINLUX




- Triple XD örgjörvi
- Háskerpu upplausn
- Einfalt en vandað




- Viera Connect snjallsjónvarp
- Háskerpu upplausn
- Vreal Smart örgjörvi




- 700Hz TrueMotion
- 3D háskerpu IPS skjár
- Fullkomið snjallsjónvarp




- 1200Hz Back Light Scanning
- Brilliant Contrast
- Viera Connect snjallsjónvarp
- Bluetooth þráðlaus tenging
- Dual-Core örgjörvi




- Snjallsjónvarp
- Þráðlaust Wi-Fi
- Einfallt
- AMR+ 100
- 3D digital comb filter

*Jafngildir 20% verðlækkun. Að sjálfsögðu fær ríkissjóður 25% vörugjöld af þessum tækjum. Verðlækkunin er alfarið á kostnað Sjónvarpsmiðstöðvarinnar. Í einhverjum tilfellum er verðlækkun enn meiri.

**Sjónvarpsmiðstöðin**

DUTY FREE

RAFTÆKJAVERSLUN • SÍÐUMÚLA 2 • SÍMI 568 9090 • WWW.SM.IS



**MAGNAÐUR** Cech hefur verið einn besti markvörður heims síðustu ár. FRÉTTABLAÐIÐ/GETTY

# Með áætlun gegn Íslandi

**FÓTBOLTI** Petr Cech, markvörður tékkneska landsliðsins, hrósaði íslenska liðinu mjög á blaðamannafundi í Prag í gær en Ísland mætir Tékkum ytra á sunnudagskvöld. Þar mæta toppliðA-riðils í undankeppni EM 2016 en bæði lið eru með fullt hús stiga.

„Íslendingar eru vel skipulagðir, einbeittir og harðir í horn að taka. Sterkasta vopn þeirra er liðsheildin en þeir vinna mjög vel saman, ekki bara í vörn heldur í sókn líka,“ sagði Cech.

„Við höfum nánast heila viku til að undirbúa okkur og þjálfarinn okkar hefur skýra hugmynd um hvað á að gera. Það verður því undir okkur komið að framfylgja hans skipulagi,“ sagði Cech enn fremur.

Tékkar byrjuðu undankeppnina á því að vinna Holland og Cech sagði að sá sigur hefði fleytt liðinu langt. „Við komum öllum á óvart gegn Hollandi en sá sigur veitti okkur sjálfstraust sem endurspeglaðist í leikjunum gegn Tyrklandi og Kasakstan.“ - esá

# Orri á leið heim frá AGF

**FÓTBOLTI U-21 árs landsliðsmaðurinn Orri Sigurður Ómarsson verður ekki áfram hjá danska liðinu AGF og fer frá félaginu um áramótin.**

**Hann hefur verið hjá félaginu síðan 2012 og bætt sig mikið síðan hann fór til Danmerkur.**

**„Ég hef ákveðið að leita að nýjum áskorunum. Ég þarf meiri spiltíma og vera í liði þar sem ég er fastamaður. Ég hef átt frábæran tíma hjá AGF og skulda félaginu mikið,“ segir Orri við heimasíðu AGF.**

**„Ég hef lært mikið af mörgum þjálfurum hjá AGF og bætt mig mikið.“**

**Orri segist ætla að byrja á því að fara heim til Íslands og leita að félagi.** - hbg

# Ekkert lið eins vel skipulagt og það íslenska

Tékkneski landsliðsmaðurinn Tomas Sivok segir að íslenska landsliðið sé betra en það hollenska.

**FÓTBOLTI** Varnarmaðurinn Tomas Sivok segir að lið Tékklands stefni vitanlega á sigur í leiknum gegn Íslandi á sunnudag en á von á erfiðri viðureign. Ísland og Tékkland eru bæði með fullt hús stiga á toppi A-riðils en strákarnir okkar eru í toppsætinu með betra markahlutfall en lið Tékka.

„Við viljum ná í öll þau stig sem eru í boði,“ sagði Sivoc sem leikur með Besiktas í Tyrklandi. „En við erum með Hollandi í riðli og eigum tvo erfiða útileiki [gegn Tyrklandi og Íslandi] og það er því erfitt að reikna með að það takist.“

Hann segir að erfitt verkefni bíði liðsins nú á sunnudag. „Það er líklega ekkert lið í riðlinum betur skipulagt en lið Íslands en margir leikmenn liðsins hafa verið að spila saman síðan þeir voru sautján ára gamlir. Þeir gjörþekkja hverjir aðra og úrslitin tala sínu máli. Tölfræðin er líka á bandi Íslands sem hefur ekki enn fengið á sig mark.“

Hann segir að fram undan sé hörð barátta um efstu sæti riðilsins en eins og flestir reiknar hann með því að Hollendingar muni blanda sér í toppbaráttuna af miklum krafti þrátt fyrir slæma byrjun í undankeppninni.

„Hollendingar eiga mikið inni og ég held að hvert einasta stig komi til með að skipta öllu máli fyrir okkur. Það yrði risastórt skref fyrir okkur að vinna Ísland á sunnudag.“

Hann segir að íslenska liðið sé sterkara en það hollenska. „Holland er með stærri leikmenn og þekktari en Íslendingar hafa náð að spila betur og fylgja eftir sinni hugmyndafræði – að minnsta kosti miðað við það sem ég hef séð í leikjum Íslands til þessa.“ - esá



**KÁTUR** Sivok fagnar hér marki með Tékkum. FRÉTTABLAÐIÐ/GETTY

# Þetta er ferlega leiðinlegt

Pétur Pétursson mun ekki fylgja Rúnari Kristinssyni til norska liðsins Lilleström eins og til stóð. Hann og félagið náðu ekki saman. Rúnar er á leið utan í dag til þess að skrifa undir. Pétur vill halda áfram að þjálfa.

**FÓTBOLTI** „Ég er ekki að fara út til Lilleström með Rúnari,“ segir Pétur Pétursson en hann hefur verið aðstoðarþjálfari Rúnars Kristinssonar hjá KR undanfarin ár.

Það hefur legið lengi í loftinu að Rúnar tæki við norska liðinu Lilleström. Samkvæmt heimildum Fréttablaðsins heldur Rúnar utan til Noregs í dag til þess að skrifa undir samning við félagið. Hann vildi taka Pétur með sér en af því verður ekki.

„Það stóð til að ég færi með honum í þetta dæmi. Það var of mikill munur á milli mín og félagsins í samningaviðræðunum. Við náðum bara ekki saman. Mér fannst það ferlega leiðinlegt því þetta var spennandi dæmi. Ég óska Rúnari aftur á móti alls hins besta og vonandi gengur þetta vel hjá honum. Ég naut þess að vinna með honum og þetta var góður tími sem við áttum saman með KR,“ segir Pétur.

**Siggi Raggi orðaður við starfið**

Rúnar þarf því að finna sér nýjan aðstoðarþjálfara. Sigurður Ragnar Eyjólfsson hefur verið orðaður við það og í stöðu en hann vildi ekkert tjá sig um málið er eftir því var leitað í gær.

Pétur er búinn að vera aðstoðarþjálfari hjá KR síðan 2009. Hann var þá Loga Ólafssyni til aðstoðar og hélt áfram sínu starfi er Rúnar Kristinsson tók við um mitt sumar árið 2010. Rúnar og Pétur unnu samtals fimm stóra titla með KR. Tvo Íslandsmeistaratitla og þrjá bikarmeistaratitla. Þeir virðast því hafa náð afar vel saman.

Þegar Rúnar hætti með KR-liðið hætti Pétur líka enda ætlaði hann með Rúnari til Lilleström eins og hann segir fyrr í viðtalinu. Pétur hefur kunnað vel við sig í þjálfun undanfarin ár og hefur áhuga á því að halda áfram.

„Ég er bara atvinnulaus og í leit að vinnu núna. Ég hef mikinn áhuga á því að vera áfram í boltanum. Ég hef verið í þessu lengi og kominn með gríðarlega reynslu á síðustu árum,“ segir Pétur en hann var einnig aðstoðarþjálfari Ólafs Jóhannessonar er Ólafur var landsliðsþjálfari.

**Er til í að vinna**

„Ég er til í að vinna ef ég fæ einhvers staðar starf,“ segir Pétur en er hann til í aðalþjálfarastarf á nýjan leik?

„Ég hef oft haft áhuga á því. Það hefur skipt máli hvað hefur komið upp á borðið. Ég var aðalþjálfari hjá mörgum liðum á sínum tíma þar sem stundum gekk vel og stundum illa. Þannig er bara boltinn. Ég hef haft gaman af því að vera hjá sama félaginu lengi. Ég hef verið hjá KR í sjö ár og notið mín vel. Það eru ekki margir þjálfarar sem státa af því að hafa verið eins lengi hjá sama liðinu nema kannski Heimir Guðjónsson. Ég er aftur á móti atvinnulaus núna og óska eftir vinnu einhvers staðar,“ sagði Pétur léttur og hló dátt.

henry@frettabladid.is

> **Það stóð til að ég færi með honum í þetta dæmi. Það var of mikill munur á milli mín og félagsins í samningaviðræðunum.**
> *Pétur Pétursson*



**RÚNAR KRISTINSSON.**



**TITLI FAGNAÐ** Pétur vann fimm stóra titla hjá KR með Rúnari Kristinssyni. Hér fagnar Pétur Íslandsmeistaratitlinum 2013. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

# Hefði aldrei staðið upp aftur ef ég ætlaði að meiða hann

Magnús Þór Gunnarsson Grindvíkingur var dæmdur í tveggja leikja bann í gær fyrir alvarlega grófan leik gegn Brynjari Þór Björnssyni.

**KÖRFUBOLTI** „Mér finnst þessi dómur vera alveg út í Hróa hött,“ segir afar ósáttur Magnús Þór Gunnarsson, leikmaður Grindavíkur. Hann var í gær dæmdur í tveggja leikja bann fyrir „alvarlega grófan leik“ að því er stendur á síðu KKÍ.

Magnús braut illa á KR-ingnum Brynjari Þór Björnssyni í leik liðanna á dögunum og var vísað úr húsi.

**Vel ýkt hjá Brynjari**

„Þetta var ekki eins gróft og fólk er að segja. Ef fólk horfir á myndbandið sést að þetta er vel ýkt hjá Brynjari. Hann stendur upp þrem sekúndum síðar og ekkert að honum. Ég efast um að ég hafi slegið hann svo fast að hann hafi meitt sig og þetta verðskuldi tveggja leikja bann.“

Magnús var dæmdur í eins leiks bann í mars fyrir að brjóta einnig illa á sama KR-ingi, Brynjari Þór. Magnús segir að sá dómur hafi áhrif núna.

„Þarna er verið að dæma mig fyrir það sem gerðist á síðasta tímabili. Það var búið að dæma á það brot og því finnst mér asnalegt að vera að halda því áfram núna. Það kemur þessu máli ekkert við,“ segir Magnús og þvertekur fyrir að hafa verið að reyna að meiða Brynjar.

**Viðurkennir harða villu**

„Maðurinn er að fara í „lay up“ og í stað þess að leyfa honum það slæ ég til hans. Ég viðurkenni að ég sló kannski fullfast í hann þannig að ég er ekki sáttur við að menn segi að þetta hafi verið viljandi. Hörð var villan, ég viðurkenni það,“ segir Magnús og bætir við að Brynjar hefði ekki staðið upp þrem sekúndum síðar ef hann hefði ætlað að meiða hann.

„Ef ég hefði ætlað að meiða Brynjar þá hefði hann aldrei staðið upp aftur. Ég er líka viss um að ef ég hefði sýnt iðrun og beðið hann afsökunar þá hefði ég ekki fengið brottvísun. Þá hefði ég bara fengið óíþróttamannslega villu.“

Eins og áður segir er þetta í annað sinn sem Magnús fer í bann á sama árinu fyrir að brjóta illa á sama manninum. Er honum eitthvað illa við Brynjar?

„Nei, alls ekki. Þetta hittir bara svona á. Í fyrra brotinu þá heldur hann í höndina á mér, ég losa hana og slæ hann ekki einu sinni. Þríhöfðinn á mér fer í andlitið á honum og hann dettur,“ segir Magnús og bætir við að Brynjar sé ekki barnanna bestur á vellinum.

„Hann veit vel sjálfur að hann á fullt af þessu skilið. Hann er sjálfur rosalega „dirty“. Brynjar er lúmskur. Hann má eiga það og þar af leiðandi vinnur hann þessa baráttu.“ - hbg



**GRÍÐARLEGA ÓSÁTTUR** Magnús Þór Gunnarsson segir aganefnd KKÍ dæma sig út frá atviki sem gerðist á síðasta tímabili. FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR

**Fjórir heppnir fá endurgreitt daglega fram á mánudaginn!**

# Kaffihús í eldhúsinu á aðeins 19.900 kr.

NESCAFÉ Dolce Gusto

**DeLonghi Dolce Gusto® Circolo**
**RAUÐ** eða **HVÍT**

## 19.900 kr.

| Verð. | Afsláttur |
|---|---|
| ~~32.995 kr.~~ | 40% |

**10.738 kr á mánuði**

Þú getur dreift greiðslum í allt að 2 mánuði

Netgíró Betri leið til að borga




## 30
fyrstu sem sækja fá
**Macintosh Quality Street**
1.9 kg



Netgíró
Betri leið til að borga

Heimilistæki

**Netgíró** ætlar að dreifa greiðslum VAXTALAUSTÍ 2 mánuði eða á 10.738 kr á mánuði

Dolce Gusto kynning á vélum og kaffi verður í verslun **Heimilistækja** Suðurlandsbraut 26 föstudag milli 14 og 18 og laugardag milli 12 og 16.

HÓPKAUP
í krafti fjöldans

# DAGSKRÁ



## Stöð 2 kl. 20.10
### Heilsugengið

Önnur syrpan af þessum vönduðu og fróðlegu íslensku þáttum sem fjalla um mataræði og lífsstíl með fjölbreyttum hætti. Þættirnir eru í umsjón Völu Matt en henni til halds og trausts verða hjúkrunarfræðingurinn og næringarþerapistinn Þorbjörg Hafsteinsdóttir og heilsu- og hráfæðiskokkurinn Sólveig Eiríksdóttir.

## Í KVÖLD



### Fóstbræður
**STÖÐ 2 KL. 19.20**

Drepfyndin þáttaröð með Sigurjóni Kjartanssyni, Jóni Gnarr, Helgu Brögu Jónsdóttur, Þorsteini Guðmundssyni og Gunnari Jónssyni. Leikstjóri er Ragnar Bragason.



### Two and a Half Men
**GULL KL. 20.10**

Sjöunda sería þessa bráðskemmtilega þáttar um bræðurna Charlie og Alan. Charlie er eldhress piparsveinn sem kærir sig ekki um neinar flækjur en Alan er sjúklegur snyrtipinni sem á í stökustu vandræðum með sjálfstraustið.



### Masterchef USA
**STÖÐ 2 KL. 20.35**

Stórskemmtilegur matreiðsluþáttur með G. Ramsay í forgrunni þar sem áhugakokkar keppast við að vinna bragðlauka dómnefndarinnar á sitt band. Ýmsar þrautir eru lagðar fyrir þátttakendur í eldamennskunni og þar reynir á hugmyndaflug þeirra, útsjónarsemi og færni.

## Bylgjan kl. 19.00
### 90's-þátturinn

Þórunn Erna Clausen mætir hress og spilar allar perlurnar frá 90's-tímabilinu.








### STÖÐ 2

**07.00** Barnatími Stöðvar 2
**08.00** Wonder Years
**08.25** Around the World in 80 Plates
Eldhúsið
**09.15** Bold and the Beautiful
**09.40** Doctors
**10.20** 60 mínútur
**11.05** Nashville
**11.50** Harry's Law
**12.35** Nágrannar
**13.00** Mayday
**13.55** LOL
**15.30** iCarly
**15.55** The New Normal
**16.20** Back in the Game
**16.45** New Girl
**17.10** Bold and the Beautiful
**17.32** Nágrannar
**17.57** Simpson-fjölskyldan
**18.23** Veður
**18.30** Fréttir
**18.47** Íþróttir
**18.54** Ísland í dag
**19.11** Veður
**19.20** Fóstbræður
**19.45** Marry Me
**20.10** Heilsugengið
**20.35** Masterchef USA
**21.20** NCIS
**22.05** The Blacklist
**22.50** Crimes That Shook Britain
**23.40** Rizzoli & Isles
**00.25** Homeland
**01.15** Shameless
**02.10** NCIS: Los Angeles
**02.55** Louie
**03.20** Pariah
**04.45** Autopsy

### SPORT besta sætið

**07.00** Flensburg - Gummersbach.
**12.30** Spænsku mörkin
**13.00** Man. City - Newcastle
**14.45** Ajax - Barcelona
**16.25** Flensburg - Gummersbach
**17.55** Man. City - CSKA Moscow
**19.35** Meistaradeild Evrópu - fréttaþáttur
**20.00** Ísland - Holland
**21.40** UFC Unleashed 2014
**22.25** Box - Hopkins vs Kovalev

### SPORT 2 enski boltinn

**12.05** Premier League Review 2014/2015
**13.00** West Ham - Aston Villa
**14.45** Messan
**16.05** Football League Show 2014/2015
**16.35** Burnley - Hull
**18.15** Liverpool - Chelsea
**20.00** Premier League World 2014
**20.30** Man. Utd. - Crystal Palace
**22.10** Sunderland - Everton
**23.55** Premier League World 2014

### ÍNN

**20.00** Hrafnaþing
**21.00** Auðlindakistan
**21.30** Suðurnesjamagasýn

### STÖÐ 3

**17.55** Top 20 Funniest
**19.00** Last Man Standing
**19.25** Are You There, Chelsea?
**19.50** Wilfred
**20.15** X-factor UK
**21.35** Originals
**22.20** Supernatural
**23.00** Grimm
**23.45** Constantine
**00.30** Last Man Standing
**00.50** Are You There, Chelsea?
**01.15** Wilfred
**01.35** X-factor UK
**02.55** Originals
**03.40** Supernatural
**04.20** Tónlistarmyndbönd frá Bravó

### Krakkastöðin

**07.00** Kalli á þakinu **07.25** Latibær **07.47** Hvellur keppnisbíll **08.00** Könnuðurinn Dóra **08.24** Mörgæsirnar frá Madagaskar **08.45** Doddi litli og Eyrnastór **08.55** Rasmus Klumpur og félagar **09.00** Áfram Diego, áfram! **09.24** Svampur Sveins **09.45** Elías **09.55** UKI **10.00** Brunabílarnir **10.22** Lína Langsokkur **10.43** Ævintýraferðin **10.56** Tommi og Jenni **11.00** Kalli á þakinu **11.25** Latibær **11.49** Hvellur keppnisbíll **12.00** Könnuðurinn Dóra **12.24** Mörgæsirnar frá Madagaskar **12.45** Doddi litli og Eyrnastór **12.55** Rasmus Klumpur og félagar **13.00** Áfram Diego, áfram! **13.24** Svampur Sveins **13.45** Elías **13.55** UKI **14.00** Brunabílarnir **14.22** Lína Langsokkur **14.43** Ævintýraferðin **14.56** Tommi og Jenni **15.00** Kalli á þakinu **15.25** Latibær **15.49** Hvellur keppnisbíll **16.00** Könnuðurinn Dóra **16.24** Mörgæsirnar frá Madagaskar **16.45** Doddi litli og Eyrnastór **16.55** Rasmus Klumpur og félagar **17.00** Áfram Diego, áfram! **17.24** Svampur Sveins **17.45** Elías **17.55** UKI **18.00** Brunabílarnir **18.22** Lína Langsokkur **18.43** Ævintýraferðin **18.56** Tommi og Jenni **19.00** Ástríkur á Ólympíuleikunum **20.55** Sögur fyrir svefninn

### GULLSTÖÐIN

**18.30** Strákarnir
**19.00** Friends
**19.25** Arrested Development 3
**19.50** Modern Family
**20.10** Two and a Half Men
**20.35** Go On
**21.00** The Mentalist
**21.40** E.R.
**22.25** The Untold History of The United States
**23.25** A Touch of Frost
**01.10** Go On
**01.30** The Mentalist
**02.15** E.R.
**03.00** The Untold History of The United States
**04.00** Tónlistarmyndbönd frá Bravó

### BÍÓSTÖÐIN

**11.40** 13 Going On 30
**13.20** Story Of Us
**14.55** Save Haven
**16.50** 13 Going On 30
**18.30** Story Of Us
**20.05** Save Haven
**22.00** Six Bullets
**23.55** Green Hornet
**01.50** Stand Up Guys
**03.25** Six Bullets

### RÚV

**16.30** Ástareldur
**17.20** Friðþjófur forvitni
**17.43** Vasaljós
**18.08** Sveppir
**18.15** Táknmálsfréttir
**18.25** Dýraspítalinn
**19.00** Fréttir
**19.20** Íþróttir
**19.30** Veðurfréttir
**19.35** Kastljós
**20.00** Óskalögin 1974 - 1983
**20.05** Andri á Færeyjaflandri
**20.40** Gungur
**21.05** Stúdíó A
**21.50** Landakort
**22.00** Tíufréttir
**22.15** Veðurfréttir
**22.25** Glæpahneigð
**23.05** Downton Abbey
**23.55** Erfingjarnir
**00.55** Kastljós
**01.20** Fréttir
**01.35** Dagskrárlok

### SKJÁREINN

**06.00** Pepsi MAX tónlist
**08.00** Everybody Loves Raymond
**08.20** Dr. Phil
**09.00** The Talk
**09.45** Pepsi MAX tónlist
**14.45** The Voice
**16.15** The Biggest Loser
**17.00** The Biggest Loser
**17.45** Dr. Phil
**18.30** The Tonight Show
**19.10** The Talk
**19.50** America's Funniest Home Videos
**20.15** Minute To Win It Ísland
**21.15** Growing Up Fisher
**21.40** Scandal
**22.25** Extant
**23.10** The Tonight Show
**23.55** Law & Order: SVU
**00.40** Fargo
**01.30** Hannibal
**02.15** Scandal
**03.00** Extant
**03.45** The Tonight Show
**04.35** Pepsi MAX tónlist

### Golfstöðin

**08.05** PGA Tour 2014 - Highlight
**09.00** European Tour 2014
**14.00** World Golf Championship 201
**15.50** PGA Tour 2014
**17.45** Golfing World 2014
**18.35** Inside The PGA Tour 2014
**19.00** PGA Tour 2014
**22.00** Golfing World 2014
**22.50** Inside The PGA Tour 2014
**23.15** Ryder Cup 2014 - Official Film

### ÚTVARP

**FM 88,5** XA-Radíó
**FM 89,5** Retro
**FM 90,1** Rás 2
**FM 90,9** Gullbylgjan
**FM 93,5** Rás 1
**FM 95,7** FM957
**FM 96,3** FM Suðurland
**FM 96,7** Létt Bylgjan
**FM 97,7** X-ið
**FM 98,9** Bylgjan
**FM 99,4** Útvarp Saga
**FM 100,5** K100
**FM 102,9** Lindin



JÓLIN ERU
KOMIN Í BYKO
Vnr. 88167917/19
MONA aðventuljós, 16 LED ljós, batterí. Hvítt eða silfur.
2.995kr.
Vnr. 88165979
Snjóbolti með 50 ljósum, 12 cm.
1.495kr.
Vnr. 88167392
Snjókorn, akrýl, 25 ljós, 40x40 cm
3.795kr.
Vnr. 88167904
Útisería með 10 LED ljósum, 5 cm kúlur.
6.295kr.
Vnr. 88948640-45
Slönguljós, glær, rauð eða marglit, 11 mm.
395kr./lm
Vnr. 88900722-67
Útisería, 40, 80 eða 120 ljósa, glær, rauð eða marglit.
Verð frá:
1.595kr.
Vnr. 88167077-8020
Útisería með 40 eða 80 LED perum, margir litir.
Verð frá:
1.995kr.
JÓLASKRAUTIÐ OG BÚSÁHÖLDIN FÆRÐU Í BYKO
Vnr. 41100145
Matar- og kaffistell fyrir 6 manns, með silfurrönd. 39 stk.
14.595kr.
Vnr. 55095034
Jólastjarna.
895kr.
EINUNGIS TIL Í BYKO BREIDD
Vnr. 41822020
Glös, 8 stk.
3.995kr.
Vnr. 41118669
Pipar- og saltkvörn, sjálfvirk.
1.995kr.
Vnr. 42351393
TRISTAR handþeytari, 200W.
3.495kr.
Vnr. 42378863
MELISSA panini grill, 2000W.
6.995kr.
www.vert.is / VERT markaðsstofa
Verðvernd BYKO tryggir þér lægra verð. Sjá nánari upplýsingar og skilmála á www.byko.is.
Öll verð eru birt með fyrirvara um prentvillur og/ eða myndabrengl.
Allar vörur fást í BYKO Breidd en minna framboð getur verið í öðrum verslunum.
41 DAGUR TIL JÓLA!
Allt sem þarf til að gera jólin að þínum
BYKO
BÚÐU BETUR. BORGAÐU MINNA.

## BESTI SKYNDIBITINN



**„Chipotle allan daginn! Mér líður eins og ég sé að borða hollasta mat í heimi þó það sé örugglega ekki málið. Hef farið þrisvar sama daginn með félögunum og sé ekki eftir neinu. ENGU!“**

Þorsteinn Sindri Baldvinsson, tónlistarmaður og YouTube-stjarna.

# Ákváðu að taka málin í sínar eigin hendur

Erla Björnsdóttir og Þóra Hrund Guðbrandsdóttir stofna samtök fyrir ungar konur með góðar hugmyndir.

„Okkur hefur fundist vanta vettvang fyrir ungar konur, sem eru að gera spennandi hluti, til þess að mynda tengslanet og þróa sínar hugmyndir áfram,“ segir Erla Björnsdóttir. Hún og Þóra Hrund Guðbrandsdóttir vinna að stofnun samtaka fyrir ungar konur með hugmyndir sem þær vilja framkvæma.

Um helgina kemur fyrsta verkefnið þeirra, jóladagatal fjölskyldunnar, út. „Jóladagatalið fékk miklu betri viðtökur en við bjuggumst við og í kjölfarið fórum við að ræða að það vantaði svona samtök. Á endanum ákváðum við bara að stofna þau sjálfar,“ segir Erla.

Markmið samtakanna verður að mynda samstöðu á meðal ungra kvenna og skapa samfélag þar sem konur geta myndað tengslanet og miðlað upplýsingum. „Okkur langar að vera með fyrirlestraröð og fá konur með skemmtilegar og góðar hugmyndir sem geta sagt frá sinni reynslu til þess að koma og flytja fyrirlestra,“ segir hún. Samtökin eru ekki enn komin með nafn enda er nóg um að vera þessa dagana. „Við erum á fullu að vinna í þessu. Sitjum sveittar við dag og nótt að sinna jóladagatalinu okkar og erum líka að vinna í dagbók sem á að koma út desember.“

Auk alls þessa reka Erla og Þóra sín eigin fyrirtæki, Betri svefn og ReykjavikNow. - gló



**ERLA OG ÞÓRA** Þeim fannst vanta vettvang fyrir ungar konur með góðar hugmyndir. FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR






# Þekktir fatahönnuðir á leið til landsins

Uppskeruhátíð Fatahönnunarfélags Íslands verður haldin 21. nóvember næstkomandi. Roland Hjort, yfirhönnuður fatamerkisins WHYRED, og Barbara í Gongini verða gestir hátíðarinnar og munu deila reynslu sinni með gestum.

Uppskeruhátíð Fatahönnunarfélags Íslands verður haldin föstudaginn 21. nóvember. Í ár verður hátíðin einstaklega vegleg og verður áherslan lögð á uppbyggingu tískufyrirtækja á norrænum slóðum.

„Í ár fáum við hinn sænska Roland Hjort, yfirhönnuð og eiganda fatamerkisins WHYRED, til okkar. Hann mun deila sinni reynslu, en fyrirtæki hans fagnar 15 ára starfsafmæli í ár. Að auki kemur hin færeyska Barbara í Gongini til okkar og mun hún segja sína sögu af stofnun og rekstri tískufyrirtækis á norrænum slóðum,“ segir Sif Baldursdóttir, meðstjórnandi Fatahönnunarfélags Íslands og verkefnastjóri uppskeruhátíðarinnar. Auk þeirra munu forsvarsmenn Nordic Fashion Association koma og fjalla um uppbyggingu tískubransans í heild á Norðurlöndunum.

Tilgangur hátíðarinnar er að efla samheldni innan fagsins, sem er frekar ungt hér á landi, og skapa vettvang fyrir faglega umræðu. Á hverju ári útskrifast fjöldi ungra hönnuða bæði frá Listaháskóla Íslands og frá skólum erlendis.

„Margir fatahönnuðir vilja ná sér í reynslu erlendis eða stofna sín eigin tískufyrirtæki á Íslandi. Markaðurinn hér heima er óneitanlega lítill og því er mikilvægt fyrir íslenska hönnuði að komast inn á erlendan markað líka. Því þykir okkur afar mikilvægt að fá til landsins reynslumikið fólk úr faginu sem getur deilt sinni reynslu og stækkað tengslanet hönnuðanna,“ segir Sif.

Hún segir þó nokkra vitundarvakningu hafa orðið meðal almennings um fatahönnun á Íslandi og um hönnun almennt. „Við finnum fyrir því að almenningur hefur meiri áhuga á íslenskri fatahönnun og hefur betri þekkingu á henni. Einnig hefur Hönnunarmars skipt sköpum við að vekja áhuga almennings á hönnun almennt.“ adda@frettabladid.is



**VERKEFNASTJÓRI** Sif Baldursdóttir verkefnastjóri segir hátíðina einstaklega veglega í ár. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

### → Fyrirlesarar sem hafa verið á uppskeruhátíð:

Michael H. Berkowitz. Var hjá Calvin Klein í 15 ár og vinnur nú fyrir Nike, Tom Ford og fleiri.
Ingvar Helgason, annar hönnuður tvíeykisins Ostwald Helgason.
Helga Björnsson, starfaði í 20 ár sem hönnuður við haute couture hjá Louis Feraud í París.
Alice Smith og Cressida Pye hjá tískuráðgjafafyrirtækinu Smith&Py, sem vinnur meðal annars fyrir Alexander McQueen og Louis Vuitton.

# Air og Bang Gang staddir úti í geimi

Starwalker gefur út nýtt myndband í leikstjórn Ragnars Bragasonar.

„Blue Hawaii er lag sem blandar tveimur sólum Starwalkers fullkomlega saman í eina geimþoku,“ sagði rafpoppstvíeykið Starwalker við tónlistarveituna Stereogum en í dag kom út myndband við nýtt lag þeirra, Blue Hawaii.

Starwalker er samstarfsverkefni Barða Jóhannssonar úr Bang Gang og Jean-Benoit Dunckel úr Air. „Við vorum gríðarlega ánægðir með það,“ segir Barði í samtali við Fréttablaðið en myndbandið hæfir svo sannarlega nafni Starwalker þar sem kapparnir eru staddir úti í geimi.

Ragnar Bragason leikstýrir en hann hefur unnið mikið af myndböndum Bang Gang. Framleiðslufyrirtækið Trickshot sá um tæknibrellurnar. „Þeir sáu um að koma okkur út í geiminn,“ segir Barði en Aron Bergmann Magnússon annaðist listræna stjórnun.

Þeir kappar munu gefa út eigin plötur hvor fyrir sig eftir áramót, Barði nýja Bang Gang-plötu en Dunckel sólóplötuna Darkel. Eftir þær útgáfur mun Starwalker gefa út fyrstu plötu sína, sem er að sögn Barða tilbúin. „Við tókum upp meirihlutann af plötunni í hljóðveri Air í París, sem var gríðarlega fallegt,“ segir Barði. - þij




**BLUE HAWAII** Barði og Dunckel eru staddir úti í geimi í myndbandinu. MYND/SKJÁSKOT

# Tryggðu þér M-sófann fyrir jól



4200 ljós
Verð frá 94.900 kr.

Ventura Lounge hægindastóll
Verð frá 579.900 kr.

M-sófi
Verð frá 229.900 kr.

Síðasti pöntunardagur á M-sófum til afgreiðslu fyrir jól er 20. nóvember.

Patchwork gólfmotta
Sniðin eftir máli. Verð pr. fm 85.900 kr.

Eclipse sófaborð
Verð frá 34.900 kr.

## Góð hönnun gerir heimilið betra

Við leggjum mikinn metnað í að bjóða aðeins vandaðar vörur og tefla fram því besta í evrópskri hönnun. Úrvalið einkennist af fallegri og fjölbreyttri hönnun sem stenst tímans tönn. Markmið okkar er að aðstoða viðskiptavini við að fegra heimili sín.

**OPIÐ Á LAUGARDÖGUM FRÁ 11-16**



Omaggio vasar / Verð frá 3.890 kr.



Catifa 46 stóll / Verð 49.900 kr.



Silvia ljós / Verð frá 13.900 kr.



Nido hægindastóll / Verð frá 179.900 kr.



CUCU klukkur / Verð frá 12.900 kr.



**ÓTAL STÆRÐIR**
Hægt að raða saman

Quadrant hillueining, L: 154,8 cm, H: 80,5 cm / Verð frá 132.850 kr.

MÓDERN

OPIÐ VIRKA DAGA KL. 11–18 • LAUGARDAGA KL. 11–16 • HLÍÐASMÁRA 1 • 201 KÓPAVOGUR • 534 7777 • modern.is

# FRÉTTABLAÐIÐ

**VIÐ SEGJUM FRÉTTIR** • SMÁAUGLÝSINGASÍMINN OG SKIPTIBORÐ: 512 5000 **VÍSIR**

**RITSTJÓRN** 512 5313, Fax: 512 5301, ritstjorn@frettabladid.is **AUGLÝSINGADEILD** auglysingar@frettabladid.is **PRENTUN** Ísafoldarprentsmiðja

9 771670 387005

Póst dreifing

**DREIFING:** dreifing@postdreifing.is
**EF BLAÐIÐ BERST EKKI:** 512 5060





fylgir með Fréttablaðinu í dag

TIGER
Villidýr á verði
tiger.is • facebook.com/tigericeland


## FRÉTTIR AF FÓLKI

### ABC fékk hálfa milljón

Fimmtíu myndir sem dagskrárgerðarmaðurinn **Egill Eðvarðsson** hafði sérunnið og rammað inn úr nýrri barnavísnabók sinni, Ekki á vísan að róa, voru til sölu á útgáfufagnaði bókarinnar á dögunum. Myndirnar, sem kostuðu 10 þúsund krónur stykkið, seldust eins og heitar lummur og þær örfáu sem voru óseldar eftir fagnaðinn seldust að honum loknum. Allur ágóði af sölu myndanna rann til ABC barnahjálpar, eða hálf milljón króna. Barnavísnabókin hefur að geyma vísur sem Egill samdi til ungra barna sinna sem bjuggu þá hjá móður sinni í Bretlandi. **- fb**



### Spila í London

Systurnar í hljómsveitinni Sísí Ey hafa átt mikilli velgengni að fagna undanfarið og hefur hróður þeirra borist út fyrir landsteinana. Systurnar **Elín**, Elísabet og Sigríður Eyþórsdætur skipa sveitina ásamt Friðfinni Sigurðssyni, betur þekktum sem DJ Oculus. Í kvöld spilar sveitin á staðnum Oval Space í London ásamt hljómsveitinni Love Affair. Forsprakka sveitarinnar kynntust þau í gegnum sameiginlegan vin, John Grant en þau hafa áður komið fram á tónleikum með sveitinni. **- vh**



## Mest lesið VÍSIR

1. Gögn sýna fram á rangar staðhæfingar Gísla Freys
2. Birtir myndband af eiginkonu besta vinar síns halda framhjá
3. Berar frægasta rass í heimi á forsíðu Paper
4. Gísli Freyr játaði lekann fyrir Hönnu Birnu
5. Tilkynning Gísla Freys til fjölmiðla: „Get ekki lengur lifað í lygavef“


**Við kynnum Philips Ambilight 9000 sjónvörpin**

Engin venjuleg upplifun

með Android



PHILIPS

Heimilistæki
ht.is


